

KRISTÍN DÖGG HÖSKULDSDÓTTIR

Á meira en hundrað þör af skóm

tíska heimili heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HUGLEIKUR DAGSSON

Semur söngleik um óléttu

Fermið okkur kemur út í lok mánaðarins

FÓLK 54



Nýtt kortatímabil í BT



Fylgir blaðinu í dag!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

16. mars 2006 – 74. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Mannabreytingar í Mýrinni

Ólafía Hrönn Jónsdóttir hefur tekið við hlutverki Elvu Óskar Ólafsdóttur sem Elínborg í kvikmyndinni Mýrin.

FÓLK 54



Tregafull gyðingatónlist

Söngkonan Inge Mandos-Friedland flytur gyðingatónlist ásamt tríóinu sínu Zimt og íslenska klezmerbandinu Kol-isha.

MENNING 36

Skuldasöfnunin

„Langvinn uppsveifla án verðbólgu er nýjung í íslensku efnahagslífi og virðist hafa slævt áhuga stjórnvalda á frekari umbótum í efnahagsmálum,“ ritar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26




Áhugi á Arnóri

Arnór Atlason verður ekki í vandræðum með að finna sér nýtt félag en tvö þýsk úrvalsdeildarfélag ásamt liðum frá Danmörku, Svíþjóð og Frakklandi hafa einnig sýnt honum áhuga.

ÍÞRÓTTIR 48



VEÐRIÐ Í DAG



PUNGBÚIÐ - Í dag verður suðaustan 5-13 m/s, hvassast vestast á landinu. Rigning á Vestfjörðum og sums staðar vestan til. Dáltil súld með suðurströndinni. Annars yfirleitt skýjað en þurr. Hiti 6-13 stig í dag.

VEBUR 4

Taktu enga áhættu við verklegar framkvæmdir

meistarinn

þar finnur þú meistara og fagmenn til verksins

Samtök iðnaðarins

Orrustupotur og þyrlur fara í haust

Bandaríkjamenn hafa tilkynnt íslenskum stjórnvöldum að orrustupotur og björgunarþyrlur hersins verði fluttar úr landi eigi síðar en í septemberlok. Forsætisráðherra er ósáttur við hvernig að ákvörðun málsins var staðið.

VARNARMÁL Orrustupotur varnarliðsins sem og björgunarþyrlur verða fluttar af landi brott fyrir lok septembermánaðar á þessu ári. Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, tilkynnti Geir Haarde utanríkisráðherra í gær að stórlega verður dregið úr starfsemi varnarliðsins hér á landi, sem meðal annars felur þetta í sér.

Síðar gekk sendiherra Bandaríkjanna á fund Geirs og Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og gerði frekari grein fyrir þessari ákvörðun.

„Við tökum við mörgu af því sem þarna hefur verið rekið af hálfu Bandaríkjanna en varnir landsins verða áfram sameiginlegt

mál okkar, Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins,“ sagði Halldór eftir að hann kom af fundi formanna flokkanna þar sem staða varnarmálanna var kynnt. „Ég er mjög ósáttur við það hvernig þetta ber að og ég mun skrifa forseta Bandaríkjanna bréf þar sem ég óska eftir því að hann geri grein fyrir þessu. Ég mun líka hafa samband við framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og koma gagnrýni okkar á framfæri.“

„Þetta eru ákveðin vonbrigði,“ segir utanríkisráðherra. „En það mikilvæga er að þeir ætla að standa við varnarsamninginn og við munum eiga viðræður um aðra þætti málsins. En ég veit að kollegar okkar á Norðurlöndum fylgjast

vel með þessu máli. Þetta er ekkert einkamál Íslendinga.“

„Það liggja líka atvinnutækifæri í því fyrir okkur að taka við vörnum og uppbyggingu en það byggist á því að ríkisstjórnin vinni vel með okkur,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ. „Við leysum til dæmis ekki þyrlur af hólmi nema með öðrum þyrlum.“

„Nú verða menn að taka sig saman í andlitinu og snúa sér að uppbyggilegri vinnu og finna ný verkefni fyrir þetta svæði með öllum þeim vinnufósum höndum sem þarna eru tilbúnar í það verk sem þarf að vinna,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur.

- jse/shá



PUNGBÚNIR RÁÐHERRAR Þeir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Geir H. Haarde utanríkisráðherra voru þungir á brún er þeir tilkynntu þjóðinni um þá einhliða ákvörðun Bandaríkjanna að orrustupotur og björgunarþyrlur Varnarliðsins verði farnar af landi brott eigi síðar en í lok september.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknað sakborningana sex í Baugsmálinu:

Ekki hægt að sanna lögbrot

BAUGSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær alla sakborningana í Baugsmálinu sem gefið var að sök að hafa brotið lög um ársreikninga, tollsvik, rangfærslu skjala og hegningarlög.

Dómurinn taldið ósannað að meint ólögleg lán til eigenda og stjórnenda Baugs, sem og röng meðferð endurskoðenda á slíkum lánum í ársreikningum, vörðuðu við skilning laga um ársreikninga. Þau kveða á um að tilgreina skuli nákvæmlega fjárhæðir lána sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags. Ekki hafi

verið skylt á þeim árum sem ákæran náði til að tilgreina lán með þessum hætti. Nægilegt hefði verið að geta þeirra í skýringum. Af því leiði að ársreikningar hafi ekki verið gerðir með villandi hætti. Því eru bæði Jón Ásgeir Jóhannesson og Trygvi Jónsson sem og endurskoðendurnir Stefán Hilmar Hilmarsson og Anna Þórðardóttir sýknuð.

Um meint tollsvik og rangfærslu skjala vegna innflutnings fjögurra bifreiða segir að sönnunargildi skjala frá Jóni Gerald Sullenberger, kæranda í málinu,

teljist takmarkað. Flest séu þau óstaðfest auk þess sem sýnt þyki að Jón Gerald hafi borið þungan hug til sakborninga og það rýri sönnunargildi vitnisburðar hans. Þótti ekki sannað að kaupverð bílanna hefði verið hærra en fram kom í aðflutningsskýrslum. Jón Ásgeir, Jóhannes Jónsson og Kristín Jóhannesdóttir voru því sýknuð af þessum ákærulíðum.

Um 58 milljóna króna málsvarnarlau og sakarkostnaður skulu greiddast úr ríkissjóði samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur.

sjá síðu 4 / - jh

Pingflokksformaður VG:

Tryggir frekara öryggi Íslands

VARNARMÁL „Það kemur mér á óvart hversu skýndilega þetta gerist, ekki síst í ljósi þess að fulltrúar ríkisstjórnar Íslands áttu viðræður við Bandaríkjamenn í Washington um brottför hersins í áföngum og yfirstöku Íslands á starfsemi þar að einhverju leyti að minnsta kosti.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

En hitt var fyrirsjáanlegt að draga myndi úr umsvifum Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli. Það hefur verið að gerast jafnt og þétt allar götur frá 1990. En það er ekki verið að draga úr öryggi Íslands með þessum aðgerðum. Þvert á móti tel ég að markvissasta skref sem Íslendingar geti stigið til að tryggja öryggi sé að fjarlægjast stjórnina í Washington.“

- jse

Varaformaður Samfylkingar:

Stjórnvöld hafa brugðist illa

VARNARMÁL „Þetta eru óvænt tíðindi í ljósi þess að viðræðurnar eru í gangi. Nú er ljóst að við verðum að hugsa þetta upp á nýtt og huga að vörnum landsins með öðrum hætti. Það er alveg ljóst að íslensk stjórnvöld hafa vanrækt þá eðlilegu kröfu að skilgreina varnarþörf landsins eins og við í Samfylkingunni höfum margoft lagt til að verði gert. Þetta getur haft slæm staðbundin áhrif og við verðum að huga að því samfélagi sem hefur reitt sig á herinn í áratugi. Við hefðum átt að vinna heima-vinnuna okkar betur og stjórnvöld hafa þar brugðist illa.“

- shá



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

20-50% afsláttur af nýjum vörum

KRINGLU KAST

Opið til 21 í kvöld

Nýtt kortatímabil

Kringlan

MEG BLÍTTU Í EINUM STAÐ



SPURNING DAGSINS

Gunnar, er ekki málið að kaupa gleraugu á alla íbúa?

„Nær væri að setja upp pappalöggurnar margfrægu vitt og breitt um bæinn.“

Samkvæmt könnun í Garðabæ telja aðeins 33 prósent íbúa lögregluna vera sýnilega í bænum. Gunnar Einarsson er bæjarstjóri í Garðabæ.

Neytendaverðlaun 2006:

Neytendur kusu Bónus

VIÐURKENNING Um 7.000 þúsund neytendur kusu Bónus fyrirtæki ársins 2006. Bónus fékk því Neytendaverðlaun Neyendasamtakanna og Bylgjunnar sem afhent voru í fyrsta sinn í gær. Atlantsólía og Iceland Express fengu hvatningaverðlaun neytenda.

Neytendur tilnefndu fyrirtæki sem þeir töldu skara framúr til hagsbóta fyrir þá. Fyrst fór fram forval á netinu og voru fimmtán fyrirtæki valin. Neytendur gátu síðan valið eitt þeirra sem fyrirtæki ársins.



HAFNARFIARDAHÖFN Tveir menn brutust inn í bát í smábátahöfninni. Annar þeirra rauf skilorð í annað sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Rauf skilorð en situr ekki inni:

Stal lyfjum úr smábáti

DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri sem tvívegis hefur rofið skilorð var í gær dæmdur í níutíu daga fangelsi sem hann þarf ekki að sitja af sér haldi hann skilorð þrjú næstu ár.

Maðurinn stal ásamt öðrum verkjalyfjum, hægðalosandi lyfi, kokrennum, öndunarmaska, sjúkrahindi og flísatöng úr lyfjakistu báts í smábátahöfninni í Hafnarfirði. Hann játaði skýlaust.

Maðurinn hefur margbrotið af sér. Hann hlaut fjóra refsíðoma fyrir nytjastuld, eignaspjöll, líkamsárás, rán, þjófnað og gripdeild á árinum 1997 til 1998. Hann hefur gengist undir fimm lögreglustjórasáttir fyrir fikni-efnabrot síðustu fimm árin.

Stjórnendur Kögunar og Straumur höfðu betur á spennuþrungnum aðalfundi:

Tekist á um völdin í Kögun

VIÐSKIPTI Loftið var lævi blandið fyrir aðalfund Kögunar, langstærsta upplýsingatæknifyrirtækis landsins, sem haldinn var í gær. Tvær fylkingar áttust þar við um meirihluta; annars vegar stjórnendalið Kögunar með liðsinni Straums - Burðarás og hins vegar tveir stærstu hluthafarnir Síminn og Exista, sem eiga um 39 prósent hlut í Kögun.

Ætlaði hvor fylking sér þrjú fulltrúa í fimm manna stjórn og voru Örn Karlsson stjórnarformaður, Guðmundur Þórðarson, frá Straumi, og Vilhjálmur Þorsteinsson hugbúnaðarhönnuður í framboði fyrir stjórnendurna



SPENNUPRUNGINN HLUTHAFAFUNDUR Fulltrúum Símans og Exista tókst ekki að ná þriðja manni inn í stjórn.

en Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri hjá Síman-

um, fyrir Símann/Exista. Svo fór að stjórnendur fóru með sigur af hólmi en Katrín náði ekki kjöri.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins stefndi allt í það að Síminn og Exista næðu inn þremur mönnum á þriðjudagskvöldið en þá tók Teton, félag í eigu Gunnlaugs M. Sigmundssonar forstjóra Kögunar, Arnar og Vilhjálm, sig til og keypti þrjú prósent hlutfjár af ötta við að missa yfirráð í hendur Símans. Einnig seldi félagið bréf í sjálfu sér en ekki hefur fengist uppgefið hver keypti hlutinn.

Talið er að staða Gunnlaugs hefði orðið veikari ef Síminn og Exista hefðu náð meirihluta. - eþa

Stjórn Kögunar á aðalfundi:

Varð að draga tillögu til baka

VIÐSKIPTI Fyrirverandi stjórn Kögunar dró til baka tillögu um heimild til að hækka hlutfé félagsins um 85 milljónir að nafnvirði.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, sem er stærsti hluthafinn í Kögun, lagði til að hluthafar höfnuðu beiðninni. Hann benti á að fyrir væri heimild til að auka hlutfé um fjörutíu milljónir króna og taldi að sú heimild nægði. Aukning hlutfjár hefði meðal annars verið ætluð til þess að greiða niður skammtímaskuld við KB banka, sem varð til þegar Kögur keypti norska hugbúnaðarfyrirtækið Hands, sem og kaup á stórum hlut í EJS.

Nótur um samráð olíufélaga að fyrnast

Neytendasamtökin bíða dóms í máli um olíuverðsamráðið sem átti að marka stefnuna fyrir ríflega 100 neytendur. Tæpt ár er síðan það var þingfest en aðalmeðferð hefur ekki farið fram. Hluti reikninga þeirra sem bíða er að fyrnast.

DÓMSMÁL Neytendasamtökin óttast að reikningar yfir hundrað manns, sem vilja bætur vegna verðsamráðs Skeljungs, Esso og Olís, fyrnist í höndunum á þeim. Samtökin ætluðu að reka mál eins neytanda sem prófmál fyrir rétti. Það var þingfest fyrir síðasta réttarhlé en hefur ekki verið tekið til aðalmeðferðar nú tæpum tíu mánuðum síðar.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir samtökin ekki efnasterk og því hafi verið ákveðið að reka aðeins eitt mál fyrir dómi. „Í ljósi þess hve langan tíma dómsmálið tekur erum við að skoða hvað við eigum að gera við mál annarra sem sendu okkur nótur, því við óttumst að einhver hluti þeirra fari að fyrnast,“ segir Jóhannes og bætir við: „Vegna dráttar á málinu verðum við að skoða upp á nýtt hvað við gerum.“ Það sé í höndum lögmanns samtakanna. Ákvörðunin verði að liggja fyrir fljótlega.

Ekki fengust upplýsingar um hvenær málið verður tekið fyrir hjá Héraðsdómi Reykjavíkur eða hvort tíminn frá þingfestingu til málsmeðferðar sé óeðlilega langur.

Jóhannes segir að hann gruni að töfin á réttarhöldunum stafi af því að olíufélögin hafi áfrýjað skaðabótaúrskurði Samkeppniseftirlitsins til Héraðsdóms Reykjavíkur. Klára eigi það mál áður en ráðist sé í mál Neytendasamtakanna. Neytendasamtökin eru ekki



REIKNINGARNIR SEM VÆNT ER AÐ VERÐI BÆTTIR Yfir hundrað komu með reikninga til Neytendasamtakanna og vilja að olíufélögin bæti þeim tjon vegna verðsamráðs þeirra. Hér má sjá reikningabunkann. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

ein um bótakröfur vegna olíuverðsamráðsins. Bæjar- yfirvöld í Vestmannaeyjum rýna í bókhald sitt til þess að skoða hvert tjon þeirra vegna verðsamráðs olíufélaganna þriggja var. Þau ætla að krefja félögin um endurgreiðslu þess.

Viktor Pálsson, framkvæmdastjóri stjórnslu- og fjármálasviðs Vestmannaeyjarbæjar, segir gagnanöfluninni ljúka í þessum mánuði. Að henni lokinni verði niðurstaðan

send lögfræðingi sem sjái um málið að hálfu bæjarins.

Lögfræðingur Reykjavíkur borgar er einnig að reka smíðshöggið á stefnu hennar gegn olíufélögunum. Borgin byggir bótakröfu sína á skýrslu Samkeppnis- eftirlitsins, sem reiknaði út að tapið vegna samráðsins næmi 150 milljónum króna. Olíufélögin buðu um sjóttíu milljónir í bætur, sem borgin hafnaði.

gag@frettabladid.is



LÍKKISTAN TEKIN ÚR FLUGVÉLINNI Útför Milosevic fer fram á laugardag. MYND/AP

Jarðneskar leifar Milosevic:

Fluttar til Belgrad í gær

BELGRAD, AP Líkið af Slobodan Milosevic var flutt í gær til Belgrad í Serbíu frá Haag, þar sem hann fannst látinn í fangaklefa sínum á laugardaginn.

Líkið var flutt í líkhús í Belgrad, en verður haft sýnilegt almenn- ingi á fimmtudag og föstudag. Á laugardaginn verður Milosevic síðan jarðaður í Pozarevac, heima- bæ sínum.

Þegar flugvélin lenti á flugvell- inum í Belgrad stóðu þar félagar í Sósíalístaflökknum, sem Milosevic var formaður í, og héldu þeir á blómsveig.

Íslenskur karlmaður:

Farbann vegna ofbeldisverka

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að íslenskur karlmaður skuli sæta farbanni til 21. apríl.

Maðurinn hugðist halda til Kaupmannahafnar með flugi 10. mars og þaðan til Taílands. Var hann handtekinn á Keflavíkurflugvelli, enda hafði Héraðsdómur þá úrskurðað hann í farbann.

Lögreglan í Reykjavík hefur haft til rannsóknar átta kærumál á hendur manningum. Hún hefur lokið rannsókn á kæru fyrirverandi sambyliskonu mannsins á hendur honum vegna ítrekaðra líkamsárása og kynferðisbrota á árinu 2005.

- jss

Forseti Íslands fundaði með fulltrúum netfyrirtækisins Google:

Áhugi á vistvænni orku

VIÐSKIPTI Fulltrúar alþjóðlega internetfyrirtækisins Google hafa áhuga á að nýjar starfsstöðvar fyrirtækisins verði knúnar með vistvænni orku. Þetta kom fram á fundi þeirra með Ólafi Ragnarí Grímssyni, forseta Íslands, hér á landi á dögunum.

Örnólfur Thorsson forsetaritari segir vistvæna orku meðal þess sem rætt hafi verið um á fundinum. Hann vill þó ekkert segja til um hvort fulltrúar Google hafi lýst áhuga á að setja upp starfsstöðvar á Íslandi en hér er orka framleidd með vistvænum hætti, öfugt við það sem gerist víða annars staðar.

„Á fundinum var meðal annars rætt um þróun íslensks viðskipta- lífs í alþjóðlegu samhengi, einkum á sviði hugbúnaðar og tækni. Jafn- fram var rætt um íslenskt viðskipta- og tæknisamfélag og



GOOGLE Eitt öflugasta netfyrirtæki heims.

þróunina hérlandis í hátækni- og rannsóknarstörfum,“ segir Örnólfur.

Þá ræddu forsetinn og fulltrúar Google um áhuga Íslendinga á að sækja sér alþjóðlega menntun. Google er öflugasta og mest notaða leitarvélina á netinu. Fyrirtækið var stofnað 1998 og hefur vaxið og dafnað síðan og eru starfsmenn þess nú um fimm þúsund.

- bps



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Ræddi nýlega við fulltrúa Google.

Mikið úrval af glæsilegum amerískum hvíldarstólum og sófum frá Lane



Verð frá kr. 39.512

Lane



Opíð virka daga 10-18 og lau. 11-16

Reykjavík - Akureyri - Egilsstaðir

16.-19. mars 2006

20-50%

afsláttur af
nýjum vörum



KRINGLU

KAST

Hefst í dag!

Opið til 21 í kvöld – nýtt kortatímabil

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 15.3.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	69,91	70,25
	Sterlingspund	122	122,6
	Evra	84,05	84,53
	Dönsk króna	11,264	11,33
	Norsk króna	10,558	10,62
	Sænsk króna	8,964	9,016
	Japanskt jen	0,5944	0,5978

SDR 100,56 101,16

Gengisvísitala krónunnar

117,8102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jóhannes Jónsson í Bónus um sýknun hans og fjölskyldunnar:

Mistókst að kafkeyra fjölskylduna

BAUGSMÁLID „Ég er í sjöunda himni fyrir mína hönd, fjölskyldunnar, fyrirtækisins og allra starfsmanna,“ segir Jóhannes Jónsson, stofnandi Baugs og faðir Jóns Ásgeirs og Kristínar sem voru ásamt honum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum sýknuð af átta ákæruliðum sem eftir stóðu af Baugsmálinu.

Jóhannes segir lögmenn þeirra athuga hvort farið verði í skaðabótamál við ríkið: „Við erum bara í hamingjuvíninu og erum ekkert þannig þenkjandi að svo komnu máli.“

Jóhannes segir að fjölskylda hans hafi búið við kvíða þann tíma sem málið stóð. Honum hafi fundist

hann vera glæpamaður hvar sem hann kom og hafi þurft að lifa með því. Öldruð móðir hans hafi fylgst með málinu en ekki skilið. Hún hafi haldið að þau hafi brotið af sér: „Það er ekkert grín þegar ráðist er á fjölskyldu til að kafkeyra hana.“

Um framhaldsrannsókn á þeim 32 ákæruliðum sem felldir voru út úr ákærinni í héraðsdómi og hugsanleg málaferli vegna þeirra segir Jóhannes: „Ég trúir því ekki að til sé meiri mannvonska sem á að beita á okkur.“ Hann vildi ekki segja hvaðan mannvonskan kæmi en sagði málið spennuð af þeim rötum.

- gag



JÓHANNES JÓNSSON VIÐ RÉTTARHÖLDIN Í FEBRÚAR Jóhannes segir Baugsmálið búið að taka sinn toll en almenningur og starfsmenn fyrirtækja fjölskyldunnar hafi staðið við bakið á henni eins og klettur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Gerald Sullenberger:

Niðurstaðan í málinu keypt

DÓMSMÁL „Niðurstaðan sýnir að sú rúmi milljarður sem Baugsmenn hafa eytt í vörnina sýnir að hægt er að kaupa ýmislegt á Íslandi,“ segir Jón Gerald Sullenberger, aðalvitni ákærvaldsins.

Hann segir útkomuna ekki koma á óvart. „Miðað við að héraðsdómur vísaði málinu frá upphaflega hafa þeir greinilega ekki getað tekið efnislega á þessu. Ég vona að málinu verði áfrýjað.“



JÓN GERALD

- aðe



GESTUR JÓNSSON VERJANDI JÓN SÁSGEIRS Ákærvaldið getur vart haldið málinu áfram á grundvelli sömu lagatúlkana og ákæran byggðist á, segir Gestur.

Gestur Jónsson verjandi:

Hefur áhrif á framhald máls

BAUGSMÁL Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, fagnar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í Baugsmálinu. „Niðurstaða dómsins um lánin er byggð á lögskýringum á 43. grein laga um ársreikninga, sem er sú sama og verjendur héldu fram og Pricewaterhouse Coopers byggði á í sinni greinargerð. Ég upplifi það þannig að ákærvaldið hljóti að staldra við og haldi ekki áfram á grundvelli sömu lagatúlkana og ákæran byggðist á.“

Gestur segir að það hafi ekki komið á óvart að dómurinn vefengdi trúverðuleika Jóns Gerald Sullenberger. „Þannig að ákvarðanir um framhald málsins á grundvelli þess sem frá honum kemur hljóta einnig að standa í Sigurði Tómasi Magnússyni, settum saksóknara,“ segir Gestur.

Einn stærsti þáttur upphaflegrar kærnu snerti meintan fjárdrátt og umboðssvik varðandi lystisnekkju sakborninganna á Flórída. „Sá hluti byggist á framburði Jóns Gerald S. Mér þykir líklegt að saksóknari staldri einnig við þetta í vinnu sinni við ákæruliðina sem vísað var frá dómi.“

Gestur segir að stór hluti þeirra ákæra hafi verið reistur á öðrum lagatúlkunum en gert sé í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. - jh



Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari:

Ekki áherslur ákærvalds

BAUGSMÁL „Það er of snemmt að segja til um hvort og þá að hve miklu leyti málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. Ákærvaldið hefur átta vikur til þess að taka slíka ákvörðun,“ sagði Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, eftir að hafa kynnt sér sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur í Baugsmálinu í gær. Aðspurður um það hvort dómurinn hefði áhrif á það hvort efni væri til þess að ákæra á ný á grundvelli ákæruliðanna 32 í Baugsmálinu sem vísað var frá dómi segir hann að það eigi eftir að skoða. „Þetta verður allt mátað og skoðað saman og athugað hvort þessi niðurstaða hefur áhrif að svo miklu leyti sem ákærvaldið telur hana rétta. Þetta verður metið í tengslum við mögulega áfrýjun.“

Sigurður Tómas vill ekki orða það svo að niðurstaða dómsins valdi honum vonbrigðum en vissulega sé hún ekki í samræmi við það



DÓMSUPPKVÆÐNING Sigurður Tómas Magnússon, sérstakur saksóknari í Baugsmálinu, sagði niðurstöðuna ekki í samræmi við áherslur ákærvaldsins.

sem ákærvaldið hafi lagt upp með. „Mitt hlutverk er að reyna að sannfæra dóminn um sekt. Að það skyldi ekki takast er ekki í samræmi við það sem ég ætlaði. Hvort um var að ræða lán eða ekki er lögfræðilegt atriði en hinn þáttur málsins snerist um sönnunarmat. „Niðurstaðan er ekki í samræmi við áherslur ákærvaldsins,“ segir Sigurður Tómas. - jh

Jón Ásgeir Jóhannesson fagnar sýknudómi:

Áfellingisdómur yfir lögreggunni

BAUGSMÁL „Þetta er áfellingisdómur yfir lögreglunni. Hún á ekki að höfða mál nema hún hafi til þess haldbær og traust gögn og líkur á sakfellingu séu meiri en minni,“ sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Jón Ásgeir segir að frá upphafi hafi verið bent á það aftur og aftur að menn skyldu stíga varlega til jarðar þegar hatursfullur maður kæmi inn af götunni með kærnu. Hann kveðst gleðjast yfir sýknudómi Héraðsdóms Reykjavíkur. „Um leið er maður reiður yfir því hvernig gengið hefur verið að okkur í nærri fjögur ár. Þetta hefur fylgt okkur allan þennan tíma í fjölmiðlum og viðskiptum okkar og verið afar íþyngjandi. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur og líklega þjóðina alla að þetta mál komist á hreint og verði úr sögunni. Við höfum verið áberandi í útrás í Bretlandi og Danmörku og skoða



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Mætti fyrir dóminn í febrúar.

má þetta í því ljósi einnig. Í þetta mál hefur verið ausið fjármunum og svo er ekki hægt að koma einni þyrllu í loftið sem heyrir undir sama ráðuneyti og embætti ríkislögreglustjóra. Það er athugunar-efni hvort mönnum hafi áður verið flogið yfir hafið vegna hugsanlegra brota við innflutning á fæinnum bílum,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson. - jh

MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FERÐAVÖGNUM



Komdu og kynntu þér vönduðu Bandarísku A-húsin frá Chalet. Þau sameina kosti feliðhýsa og hjólhýsa og uppsetningin tekur aðeins um 30 sekúndur.

Verslaðu við traustan aðila!



SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is

EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203


VEÐURSPÁ

um hádegi >>

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

MILT FRAM Á MÁNUÐAG
Veðurbliða er nú víða um land. Hljúndi en reyndar þungbúið og sums staðar væta og nokkur vindur með landinu vestanverðu. Svo er að sjá að þetta haldist fram yfir helgi, sem er ekki ónýtt fyrir þá sem vilja gera eitthvað sniðugt um helgina. Kenni þó aðeins í brjósti um skíðamennina.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Suðaustan 5-10 m/s. Skýjað að mestu og hætt við lítillhátar súld af og til. Hiti 7-10 stig.



Kaupmannahöfn	0°C alskýjað	Paris	5°C alskýjað	Alicante	21°C hálfskýjað
Oslo	-5°C alskýjað	Berlín	2°C alskýjað	Milano	9°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-2°C alskýjað	Frankfurt	2°C alskýjað	New York	8°C léttskýjað
Helsinki	-2°C alskýjað	Madrid	14°C heiðskirt	San Francisco	14°C skúrir
London	5°C alskýjað	Barcelona	13°C hálfskýjað	Orlando/Florida	26°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Stórsýningin Verk og vit 2006

Íslenskur byggingariðnaður,
skipulagsmál og mannvirkjagerð
Laugardalshöllinni 16.-19. mars



Komdu á glæsilega sýningu!



Verk og vit 2006

SÝNINGARTÍMI OG VERÐ

Sýningartími:	Fagaðilar	Almennir gestir
Fimmtudagur 16. mars	17:00 - 20:00	
Föstudagur 17. mars	12:00 - 20:00	
Laugardagur 18. mars	12:00 - 17:00	12:00 - 17:00
Sunnudagur 19. mars	12:00 - 17:00	12:00 - 17:00

	Fagaðilar	Almennir gestir
Verð aðgöngumiða	2.500 kr.	1.500 kr.

Eldri borgarar og öryrkjar greiða 1.000 kr.
Athugið að miði fyrir fagaðila gildir alla sýningardagana.
Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

Ráðstefnur og málþing

Í tengslum við sýninguna verður fjöldi viðburða. Haldnar verða ráðstefnur, kynningar og málþing sem tengjast íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð. M.a. verður fjallað um þróun fasteignamarkaðarins og rekstur fasteigna. Reykjavíkurborg kynnir það sem efst er á baugi í skipulagsmálum, nýr Landspítali í Reykjavík verður kynntur sem og ný tónlistar- og ráðstefnumiðstöð. Fleiri kynningar og ráðstefnur á vegum sýnenda verða haldnar meðan á sýningunni stendur.

Kynntu þér spennandi dagskrá á:

www.verkogvit.is

Næg bílastæði í Laugardalnum



AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., er framkvæmdaraðili sýningarinnar.

Samstarfsaðilar:



lðnaðar- og
viðskiptaráðuneyti



Reykjavíkurborg



Samtök iðnaðarins



Landsbankinn





KJÖRKASSINN

Er staða íslensku bankanna veikari en talið hefur verið?

Já	54%
Nei	46%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni?

Segðu þína skoðun á visir.is



Réttarhöldunum yfir Saddam Hussein frestað:

Orðaskak við dómarrann

BAGDAD, AP Réttarhöldunum yfir Saddam Hussein var í gær frestað til 5. apríl. Sjálfur var Saddam Hussein yfirheyrður við réttarhöldin í gær, síðastur af átta sakborningum.

Saddam notaði tækifærið til þess að lesa upp skrifaða ræðu, þrátt fyrir að dómarrann reyndi ítrekað að stöðva hann.

Saddam ávarpaði „hina miklu írösku þjóð“ og hvatti Íraka til þess að berjast ekki innbyrðis heldur standa saman. „Í mínum augum eru þið andspyrnuhreyfing gegn bandarísku innrásinni.“

Raouf Abdul-Rahman, aðal-

dómari í réttarhöldunum, greip fram í fyrir Saddam og sagði að hann mætti ekki halda stjórn-málaræður við réttarhöldin.

„Ég er æðstráðandi í ríkinu,“ svaraði Saddam.

„Þú varst æðstráðandi. Núna ert þú sakborningur,“ svaraði þá dómarrann.

Á endanum ákvað dómarrann að réttarhöldunum skyldi haldið áfram bak við luktur dyr og var sjónvarpsútsendingu frá þeim samstundis hætt. Tveimur stundum síðar tilkynnti dómarrann að réttarhöldunum yrði frestað til 5. apríl.

Í gær var einnig yfirheyrður



SADDAM FYRIR RÉTTI Notaði réttarhöldin í gær til þess að flytja pólitíska ræðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hálfbróðir Saddams, Bazran Ibrahim, sem var yfirmaður írösku leyniþjónustunnar.

- gb

Réttarhöld yfir hermanni:

Neitaði að berjast í Írak

ENGLAND, AP Í gær hófust réttarhöld í Bretlandi yfir breskum hermanni, Malcolm Kendall-Smith, sem neitaði að gegna herþjónustu í Írak á þeim forsendum að stríðið væri ólöglegt.

„Við munum færa þau rök að hann hafi ekki fyrir neinar sakir að svara,“ sagði lögmaður hermánsins í yfirlýsingu, „vegna þess að án umboðs frá Sameinuðu þjóðunum var innrásin í Írak augljóslega ólögleg.“

Kendall-Smith er fyrsti breski hermaðurinn sem kærður hefur verið fyrir að neita að gegna herþjónustu í Írak.

- gb



FLÓÐ Rigningar hafa valdið miklum flóðum í Búlgaríu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úrhelli í Suðaustur-Evrópu:

Mikið tjón á mannvirkjum

BÚLGARÍA, AP Mikið vatnsveður hefur gengið yfir Búlgaríu, Tyrkland og Grikkland síðustu daga. Ár flæddu yfir bakka sína svo akrar og götur fóru í kaf og víða urðu miklar vatnsskemmdir á húsum.

Mikið hefur snjóað og rignt og hafa flóðgarðar meðal annars brostið. Yfirvöld í Búlgaríu lýstu yfir neyðarástandi vegna flóðanna, en óttast er að þetta verði þau verstu í fimmtán ár. Í Grikklandi rýmdu her- og björgunarmenn borgir og bæi og voru yfirvöld í Tyrklandi í viðbragðsstöðu vegna flóðanna.

- smk

BRETLAND

Fimm handteknir Fimm menn voru handteknir í Bretlandi í gær fyrir að kynda undir kynþáttahatri í tengslum við mótmælagöngu í London gegn dönsku skopmyndunum af Múhameð. Fjórir þeirra eru að auki sagðir hafa hvatt til morða.

Öryggismál á vinnusvæðinu:

Í betra horfi

BANASLYS Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, segir töluvert hafa verið um vinnuslys á vinnusvæðinu við Kárahnjúka, en öryggismál hafi verið tekin fastari tókum eftir banaslysið fyrir tveimur árum.

„Menn hafa leitast við að taka öryggismálin föstum tókum en það er vitanlega erfitt að koma alfarið í veg fyrir slys á svona fjölmennu vinnusvæði. Við hjá Vinnueftirlitinu teljum öryggismálin vera í betri farvegi nú en í upphafi framkvæmdana. Það tók langan tíma að ná upp ásættanlegu innra eftirliti en það er í ágætu lagi núna.“

- mh

Vitnaskrá stytt:

Ekki fleiri vitni

BANASLYS Helgi Jensson, sem sækir málið fyrir hönd ríkissaksóknara, lagði til við upphaf aðalmeðferðar málsins í gær að fimm vitni, meðal annars fyrrverandi starfsmenn á Kárahnjúkasvæðinu, þyrftu ekki að bera vitni fyrir dómi.

Ekki var talin þörf á því að spyrja fleiri en þá sem þegar höfðu komið fram. Fimm vitni voru tekin af málaskrá í upphafi aðalmeðferðar, þar sem framburður vitna sem þegar höfðu tjáð sig leiddu í ljós þær niðurstöður sem sækjandi sóttist eftir.

- mh



ÚR DÓMSAL Í GÆR Lögmennirnir Helgi Jóhannesson, Kristín Edvald og Hróbjartur Jónatansson, sjást hér ræða málin áður aðalmeðferð í málinu hófst í gær. Einn sakborninga í málinu stendur fyrir aftan þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áhættumat Impregilo sagt ófullnægjandi

Ekki var tekið tillit til mikillar hættu á grjóthruni í Hafravammsgljúfri í áhættumati Impregilo. Þetta sagði ríkissaksóknari við aðalmeðferð málsins gegn þeim fimm sem ákærðir eru vegna banaslyss við Kárahnjúka.

BANASLYS Fram kom í vitnisburði verkefnisstjóra VIJVV við aðalmeðferð í Héraðsdómi Austurlands í gær að VIJVV hefði gert athugasemdir við áhættumat sem Impregilo lagði fram í október 2003 og janúar 2004.

Í báðum tilfellum hefði ekki verið tekið nægilega vel tillit til hættu á grjóthruni á svæðinu, og því hefðu starfsmenn VIJVV „gert athugasemdir við áhættumatið þar sem ekki hefði verið tekið á grjóthruni í gljúfrinu með fullnægjandi hætti,“ eins og túlkur verkefnisstjórans hafði eftir honum í dómsal.

Fram kom við vitnaleiðslur í gær að hættuástand hefði skapast í Hafravammsgljúfri, þar sem Árni Þór Bjarnason lést af slysförum, þegar hlýna tók eftir kuldatíð. Nokkrum vikum áður en slysið varð, hinn 15. mars 2004, breyttust aðstæður til hins verra á svæðinu og var því miðlað til verktaka á svæðinu að þungavinnuvélar gætu aðeins verið að störfum í gljúfrinu.

Verkefnisstjórnin, sem meðal annars hefur reynslu af virkjunar-



SAKBORNINGAR Í DÓMSAL Aðalmeðferð í málinu hefur staðið fram á kvöld tvo daga í röð en henni verður áframhaldið í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vinnu í Indlandi og Argentínu, sagði ávallt mikla hættu skapast í gljúfrum þegar veðurfar breyttist snögglega og „því hefði verið sett fram krafa um að öryggi í gljúfrunum yrði aukið.“

Hróbjartur Jónatansson og Þórarinn V. Þórarinnsson, lögmenn tveggja starfsmanna Impregilo, spurðu verkefnisstjóra VIJVV nákvæmlega út í verksvið VIJVV á virkjunarsvæðinu. Hann svaraði því til að Impregilo færi með stjórn öryggismála á svæðinu og hefði yfirumsjón með áhættumati. Þetta

staðfesti einnig annar verkefnisstjóri VIJVV, sem einnig er meðal ákærðu í málinu.

Dómarrar í málinu beindu því til lögmanna tveggja starfsmanna Impregilo að þeir „reyndu að halda sig við aðalatriði málsins,“ en Þórarinn V. Þórarinnsson, lögmaður yfirmanns öryggis- og heilbrigðismála hjá Impregilo, var að mati dómarranna helst til langorður í sínum málflutningi.

Jónas Frimannsson, verkfræðingur og sérdómari í fjölskipuðum dómi í málinu, brýndi það sérstaklega fyrir lögmönnum að „fara nú ekki um víðan völl“ þegar rætt væri um málsatvik.

Verkefnisstjórn Impregilo, sem Hróbjartur Jónatansson ver, var einnig yfirheyrður í gær og var áfram deilt um það hver hefði átt að bera ábyrgð á því að öryggismálum hefði ekki verið háttað með eðlilegum hætti á virkjunarsvæðinu þegar slysið varð.

Aðalmeðferð verður framhaldið í Héraðsdómi Austurlands á Egilsstöðum í dag.

magnush@frettabladid.is

Eldsvoði í húsnæði listasmíðju í Garði í fyrrinótt:

Brann til kaldra kola

ELDSVODI „Okkar starfi lauk um áttaleytið en þá var búið að slökkva allan eld og öll hætta liðin hjá,“ segir Sigmundur Eyþórsson, slökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Suðurnesja.

Talsvert tjón varð þegar eldur kviknaði í gömlu atvinnuhúsnæði í Garði í fyrrinótt en snör viðbrögð slökkviliðs komu í veg fyrir að allt húsið brann. Tjón var einskorðað við annan enda þess þar sem keramikverkstæði var til húsa og

brann sá hluti til kaldra kola en fyrir utan smávægilegar reyk-skemmdir tókst að forða því að eldurinn bærist í bygginguna alla.

Þrjár erlendar konur sem búa í húsinu urðu eldsins varar og létu slökkvilið vita en þær komust heilu og höldnu út og ekkert tjón varð á vistarverum þeirra.

Sigmundur segir rannsókn standa yfir á eldsuþtökum en líklegt sé að eldurinn hafi komið upp í keramikofni sem var í gangi þessa



AF VETTvangi í GARÐI Vel gekk að hefta útbreiðslu eldsins í listasmíðjunni Ársól en talið er líklegt að kviknað hafi í út frá keramikofni sem var í fullum gangi umrædda nótt.

VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI

nótt. „Það var vel af sér vikið að hefta útbreiðslu eldsins og með því bjargað því sem bjargað varð.“ - aðe

ÓPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN 18. MARS

Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, býður alla velkomna í heimsókn á milli kl. 11 og 16. Kynntu þér aðstöðuna í skólanum og fjölbreytt námsframboð.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is

Dior

Fallegri með
ári hverju.

CAPTURE TOTALE

SHARON STONE

NÝR SIGUR HJÁ DIOR Í BARÁTTUNNI GEGN ÖLDRUN

CAPTURE TOTALE krem og serum sem leiðréttir sýnileg einkenni öldrunar. Vinnur á slakri húð, ójöfnum lit í húð og fyllir fínar línur. Húðin verður silkimjúk.

Kröftug tvenna sem hjálpar húðinni að standast atlögu tímans.

CAPTURE TOTALE þinn aldur er fallegasti aldurinn.

DIOR KYNNING Í HAGKAUPUM SMÁRALIND, SKEIFU OG KRINGLU 16.-21. MARS.

Sérfræðingar Dior veita ráðgjöf um umhirðu húðarinnar og leiðbeina um val á förðunarvörum.

Veglegur kaupauki* fylgir ef verslað er fyrir 4.900,- eða meira.

*Gildir á meðan birgðir endast.



Gildir til 21. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvernig er talið að álft hafi drepist við tjörnina í Hafnarfirði í fyrradag?
- 2 Hvað þurfa tekjur Háskóla Íslands að aukast mikið árlega til að skólinn komist í fremstu röð í heiminum?
- 3 Hver sigraði á Alþjóðlega Reykjavíkurskáknotinu?

SVÖR Á BLS. 54

Þrátt fyrir áfallið ætla heimamenn ekki að leggja árar í bát:

Uppbyggingarstarf er hafið

BRUNI Ríkharður Jónasson, framkvæmdastjóri frystihússins á Breiðdalsvík, segir áfallið vera mikið fyrir bæjarbúa enda frystihúsið eini stóri vinnustaðurinn í bænum. „Þetta er gríðarlegt áfall fyrir bæjarfélagið. Það hefur fiskast vel hjá smábátum hér úti fyrir að undanförunu og vinnsla því verið í fullum gangi í landi því samhliða. Þetta gat ekki komið á mikið verri tíma.“

Stór hluti innbús frystihússins skemmdist mikið, en Ríkharður segir þó ekkert því til fyrirstöðu að hefja uppbyggingarstarf um leið og færi gefst. „Það á allt innbú að vera tryggt



RÍKHARÐUR JÓNASSON AÐSTOÐ-AR SLÖKKVILIÐIÐ Framkvæmdastjóri frystihússins var að vonum dapur í bragði vegna brunans en hann stóð þá í ströngu við að aðstoða við slökkvistarfið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

en tryggingar geta hins vegar aldrei bætt svona lagað til fulls. Það á eftir að koma í ljós hversu langt stoppið verður í vinnslunni. Það hefur gengið afskaplega vel að undanförunu, en síðan kemur þetta áfall á versta tíma.

Ég lít hins vegar svo á að öll vandamál séu til þess að leysa þau og þetta áfall er engin undantekning frá því. Nú herðum við okkur og reynum að koma vinnslu hér af stað sem fyrst,“ sagði Ríkharður.

- mh



SLÖKKVILIÐSMAÐUR Á VETTvangi Heimamenn á Breiðdalsvík segja slökkviliðsmenn hafa unnið afrek.

PÉTUR GAUTUR

Ósóttar pantanir seldar daglega!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Kassinn er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Landsbankans

SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM Mikill eldur var á slystað þegar slökkvilið kom á vettvang og því fór mikil orka í það hjá slökkviliðsmönnum að hefta útbreiðslu eldsins enn frekar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Lífæð bæjarbúa eyðilagðist í bruna

Mildi þykir að ekki fór enn verr þegar stór hluti frystihússins á Breiðdalsvík brann í fyrrakvöld. Protlaus vinna um fimmtíu manna slökkviliðs og björgunarliðs er talin hafa bjargað miklum verðmætum sem voru í tengibyggingum.

BRUNI Stór hluti Frystihússins á Breiðdalsvík brann til kaldra kola í fyrrakvöld. Eldsins varð fyrst vart um hálfjöldeytið en þá steig svartur reykur upp úr þaki elsta hluta hússins, þar sem var meðal annars umbúðageymsla og tækjasalur.

Slökkviliðið á Fáskrúðsfirði var fljótt kallað til en þrátt fyrir skjót viðbrögð var húsið aldelda þegar slökkviliðið kom á vettvang.

Einar Gunnarsson, varðstjóri í slökkviliðinu á Fáskrúðsfirði, segir aðstæður hafa verið erfiðar strax í upphafi vegna þess hversu eldurinn hafi breiðst fljótt út inn í húsinu. „Við komum á staðinn rétt eftir sjó og þá voru aðstæður nokkuð erfiðar. Húsið var orðið aldelda þegar slökkvistarfi hófst og þess vegna reyndist okkur erfitt að vinna á eldinum í fyrstu. Síðan komu björgunarsveitir og slökkviliðið úr nágrennasveitarfélagunum fljótt á vettvang og þá fór slökkvistarfið að ganga betur.“

Íbúar í húsum skammt frá



EINAR GUNNARSSON Varðstjóri í slökkviliðinu á Fáskrúðsfirði sagði aðkomuna hafa verið slæma.



GRÉTAR HELGI GEIRSSON Lögreglan lagði áherslu á að tryggja öryggi íbúa á staðnum.

frystihúsinu þurftu að yfirgefa hús sín vegna hættu á ammoníaksmengun en eftir þrotlaust slökkvistarfi, þar sem áhersla var lögð á að ná að hefta útbreiðslu eldsins til viðbygginga, tókst slökkviliðsmönnum að koma í veg fyrir að

eldur bærst í þann hluta hússins þar sem hættu var mest á ammoníaksmengun.

Grétar Helgi Geirsson, lögreglumaður á Fáskrúðsfirði, var einn af fyrstu mönnum á vettvang. Hann segir aðkomuna hafa verið slæma en áhersla hafi verið lögð á að tryggja öryggi fólksins sem bjó í grennd við frystihúsið. „Það voru öll hús rýmd sem hugsanlega voru í hættu vegna ammoníaksins, sem var í þeim hluta hússins sem eldur hafði ekki læst sig í. Við þurfum að bregðast fljótt við aðstæðum þar sem mikill eldsmatur var í húsinu og í honum logaði glatt. Eldsupptök eru óljós en rannsókn á þeim mun fara fram þegar tími gefst til.“

Eftir um fjögurra tíma baráttu slökkviliðsmanna við mikinn eld í húsinu tókst þeim að ná tökum á brunanum og gekk nokkuð greiðlega að slökkva eldinn eftir það. Slökkvistarfið hélt þó áfram fram eftir nóttu.

magnush@frettabladid.is

Slökkvistarfi heimamanna rómað:

Slökkviliðið vann afrek

BRUNI Kjartan Benediktsson, félagi í björgunarsveitinni Héraði á Egilsstöðum, segir slökkviliðsmenn hafa unnið afrek með því að ná að hefta útbreiðslu eldsins fljótt þrátt fyrir að hluti frystihússins væri aldelda.

Björgunarsveitarmenn á Héraði komu sér strax að verki þegar á Breiðdalsvík var komið. „Við fórum beint í að koma fyrir dælum og leiðslum á svæðinu. Stór hluti hússins er lítið skemmdur en það gerðist ekki af sjálfu sér. Gríðarlegur dugnaður þeirra sem störf-



KJARTAN BENEDIKTSSON Telur slökkviliðsmenn hafa unnið afrek.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

uðu að slökkvistarfinu kom í veg fyrir að enn verr færi.“

- mh

VOR Í LOFTI

ANAS

Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100

ESTÉE LAUDER GJAFATÍMI

Nú byrjar fjörið. Þér mun líka frábær krem og nýir litir. Veittu húðinni nýtt Resilience Lift Extreme og Perfectionist [CP+] sem sléttir út línur og hrukkur. Fullkomnaðu útlitið með nýjum Pure Color varalit og Lash XL maskaranum sem gerir augnhárin enn lengri. Að auki, falleg ferðasnyrtitaska og förðunarbústar. Allt þetta fyrir þig ef þú kaupir Estée Lauder vörur fyrir 3.900 krónur eða meira í snyrtivörudeild Debenhams dagana 16.–22. mars.*

*Meðan birgðir endast



esteelauder.com

(verðgildi gjafarinnar er um 8.300 kr.)



Við mælum með

Resilience Lift Extreme
Ultra-Firming Moisturizers
Rakagjöf sem gerir húðina stinnari

Aukin lyfting. Stinnari húð.
Álit 92% kvenna*

Nú heitir Estée Lauder þér meiri lyftingu en nokkru sinni – gefur húð þinni þá aukahjálp, orku og raka sem hún þarfnast. Tvær öflugar formúlur fyrir dag og nótt gefa þroskaðri húð, nýtt líf, stinnari áferð, skarpari útlínur. Sérstök efnasamsetning ExtremeLift3 Complex flytur þessi virku efni örskjótt inn í húðina, gerir hana stinnari og frísklegri. Góð rakagjöf sefar óþægilegan þurrk og endurlífgar ferska æskuglóðina. Húð þín mun ljóma af vellíðan. Því heitum við.

* Í tilraunahópi sem notaði Resilience Lift Extreme Lotion í mánuð.



Opið til 21 alla fimmtudaga

DEBENHAMS

SMÁRALIND



ÁTÖK VIÐ VATNSBÓLIÐ Karlmann í norð-vesturhluta Kenía takast á um að komast að til að brynna geitum sínum. Á þessum slóðum hefur ekki rignt í meira en ár.

MYND/AP

ASÍ kannar stöðu Litháa sem starfa í Hlaðvarpanum:

Atvinnuleyfi og laun athuguð

VINNUMARKAÐUR Fulltrúar Alþýðusambandsins fóru í Hlaðvarpanum í miðborg Reykjavíkur í byrjun vikunnar til að kanna stöðu Litháa sem starfa hjá verktakafyrirtækinu Lindarvatni. Tilgangurinn var að kanna hvort þeir hefðu tilskilin leyfi og hvort þau væru í samræmi við störf þeirra, hvort þeir fengju laun í samræmi við kjarasamninga og hversu langan vinnudag þeir ynnu.

Gísli J. Guðmundsson verktaki starfar fyrir Lindarvatn en stærsti eigandi þess er Pétur Þór Sigurðsson hæstaréttarlögmaður. Lindarvatn er að breyta Hlaðvarpanum í viðbyggingu við Hótel Plaza



Í KAFFI Í HLAÐVARPANUM Fulltrúar ASÍ fóru í Hlaðvarpanum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og mun viðbyggingin rúma samtals 25 herbergi. Gísli segir að tuttugu menn vinni við framkvæmdirnar og af þeim eru Litháarnir fimmtán til sextán talsins.

„Þetta er bara vinna þeirra, að fara á milli vinnustaða og heim-

sækja okkur,“ segir Gísli um heimsókn fulltrúa ASÍ. „Þeir koma bara og kanna aðstæður á vinnustöðum eins og þeir gera alltaf, það er bara öryggisatriði. Hér eru allir pappírar í lagi.“

Gísli hefur notfært sér þjónustusamninga í fimm til sex ár en kveðst hættur því þar sem verkalýðshreyfingin hafi farið fram á það og það taki svo stuttan tíma orðið að fá atvinnuleyfi. Hann tekur skýrt fram að mennirnir séu í beinu ráðningarsambandi, þeir séu ekki hingað komnir gegnum starfsmannaleigur. Hann nýti sér sambönd sín í Kaunas og Vilnius til að ráða menn.

- ghs

Féll frá hæsta boði í jörð:

Sýkn fyrir héraðsdómi

DÓMSMÁL Sýknudómur féll í gær fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í máli tveggja manna en annar þeirra krafðist skaðabóta á hendur þeim fyrri þar sem hann féll frá kaupboði í landareign á Snæfellsnesi.

Hafði maðurinn fallið frá 62 milljóna króna boði sínu innan tilskilins frests en umrætt boð var um sex milljón krónum hærra en næsta boð, sem í framhaldinu var tekið. Krafðist eigandi sex milljóna auk vaxta vegna mismunarins en á það féllst dómurinn ekki enda öllum lögum og reglum fylgt þegar fallið var frá hæsta tilboðinu. - aðe



NISSAN X-TRAIL

FULLBÚINN Á FRÁBÆRU VERÐI!

Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislasplari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfstjórnun, útvarpsstjórnun, stýri, sólluga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

- „Bestur“ – Fifth Gear
- „Best recreational 4x4“ – Auto Express
- „Best compact 4x4“ – What Car?
- „Best in class“ – Channel 4
- „Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Nissan X-Trail Sport 2.690.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Taktu þátt í Liðsstjóraleiknum á formula.is

Liðsstjórnin 2006
Formúla 2006 - aukta ánægjan!

Formúlan verður enn skemmtilegri með þátttöku í góðum Liðsstjóra leik á netinu. Þú velur þitt eigið Formúla lið, ökumenn, bíl, vél og dekk og það skilar þér stigum og fjármagn allt tímabilið, eftir gengi viðkomandi í mätum ársins. Snjallir Liðsstjórnar kaupa betra lið eftir því sem liður á tímabilið og loks sigrar sá sem flest stig og fjármagn hlýtur. Einnig er skemmtileg sveitakeppni í Liðsstjóraleiknum sem þúsundir hafa tekið þátt í síðustu 4 árin.

VIP ferð fyrir tvo á Formúla mót 2007 með Johnnie Walker og McLaren

Á formula.is finnur þú Formúla fréttir heimspressunnar



ÁLFTANES Bæjarstjórnin á Álftanesi fær almannatengslafyrirtæki til að kynna miðbæjar skipulagið. Minnihlutinn sakar hana um ólýðræðisleg vinnubrögð.

Sagðir misnota fé bæjarsjóðs

Fulltrúi minnihlutans á Álftanesi sakar meirihlutann um að nota bæjarsjóð í kosningabaráttuna. Almannatengslafyrirtæki var falið að kynna umdeilt miðbæjar skipulag. Bæjarstjórnin segir það eðlilegt.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Okkur í minnihlutunum þykir það grafalvarlegt mál og afar ólýðræðislegt þegar meirihlutinn ætlar að nota peninga úr bæjarsjóði til að kosta kosningabaráttu sína,“ segir Sigurður Magnússon, oddviti Álftanes-hreyfingarinnar, sem er í minnihluta þar í bæ.

Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri hefur ákveðið að fresta framkvæmdum á umdeildu miðbæjar skipulagi á Álftanesi fram yfir kosningarnar í vor og í vikunni var ákveðið að ráða almannatengslafyrirtækið KOM til að kynna skipulagið fyrir bæjarbúum. Sigurður segir að þessi kynning kosti vel á eina milljón króna. „Það er mjög ólýðræðislegt að þeir noti slíkar fjárhæðir til þessa jafnvel þó að þeir hafi sagt að það væri búið að kynna þetta ítarlega fyrir bæjarbúum.“

„Þetta hefur verið mikið hitamál hér á Álftanesi og ýmislegt verið

sagt sem ekki á við rök að styðjast,“ segir Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri. „Því þótti mér rétt að fá utanaðkomandi fagaðila til að vinna kynningarrit á heiðarlegan hátt þar sem staðreyndir málsins eru raktar svo að íbúarnir geti tekið afstöðu til málsins á þeim forsendum. Ég vissi að gagnrýni sem þessi kæmi frá minnihlutunum, en mér þótti samt sem áður rétt að fara þessa leið. Það væri ótækt að ég færi að standa í þessari kynningu eins og málin standa,“ segir Guðmundur.

Í síðustu viku ákváðu fulltrúar Álftaneshreyfingarinnar að láta ekki stjórnarmálaflokka tilnefna fulltrúa á lista hreyfingarinnar. Áður voru á listanum fulltrúar Samfylkingar, Framsóknarflokks, Vinstri grænna og óháðra. Með þessu vilja þeir ná til sjálfstæðismanna sem eru mótfallnir miðbæjar skipulaginu, en það verður helsta kosningamálið í vor.

- jse

Frábær tilboð!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár



MÓA KJÚKLINGUR Í BITUM
FERSKUR, KRYDDAÐUR 419 kr. kg

MÓA KJÚKLINGUR 1/1
FERSKUR, KRYDDAÐUR 489 kr. kg

30%
afsláttur

Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði



Salatbar
+ Egils kristall 0.5 l
349 kr.



30%
afsláttur

BAUTABÚRS FOLALDAKJÖT
SALTAÐ EÐA REYKT



NÓATÚNS
SÆLKERÁÍS
4 GERÐIR
499 kr. pk.



FIS
ELDHÚSRÚLLUR
199 kr. pk.



Kotasæla
með **20%** afslætti




SPRITE 1L
SPRITE ZERO 1L
99 kr. 1l



NÓATÚN

OPIÐ
TIL
KL. 21
ALLA
DAGA



VORBODSKAPUR TRÚARLEIÐTOGANS
Dalai Lama flutti sína árlegu ræðu í Tsuglakhang-hofinu á Indlandi í gær. Þúsundir Tíbeta og annarra búddista komu til að hlýða á boðskapinn. MYND/AP

Fríðsamleg mótmæli gegn forsætisráðherra Taílands:

Íhugar tímabundna afsögn

TAÍLAND, AP Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, sagðist í gær geta hugsað sér að segja tímabundið af sér, en neitar þó að hafa gert eitthvað rangt.

Tugþúsundir Taílandinga söfnuðust á þriðjudag saman við stjórnarbyggingu landsins í Bangkok og dvöldu þar um nóttina. Þeir krefjast afsagnar forsætisráðherrans og saka hann um misbeitingu á völdum sínum.

Í gær söfnuðust einnig saman þúsundir stuðningsmanna forsætisráðherrans rétt fyrir utan höfuðborgina til þess að lýsa yfir stuðningi við hann. Thaksin hefur tilkynnt að hann muni lýsa yfir



FRÍÐSAMLEG MÓTMÆLI Tugþúsundir krefjast afsagnar forsætisráðherra síns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

neyðarástandi í landinu verði mótmælin ofbeldisfull, en hingað til hafa þau verið fríðsamleg. Fólkið hefur hrópað slagorð, haldið ræður og sakað Thaksin um spill-

ingu. Þrátt fyrir eldheitar ræður hélt fólkið ró sinni, enda minntu leiðtogar þeirra á í ræðum sínum að langar þeirra myndu deyja eftil ofbeldis kæmi. - smk

Borgarbyggð:

Sameiginlegt framboð kynnt

KOSNINGAR Borgarlisti – breiðfylking félagshyggjufólks í sameiginlegu sveitarfélagi Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðu-hrepps og Kolbeinsstaðahrepps hafa kynnt framboðendur sína fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Borgarlistinn samanstendur af Samfylkingunni, Vinstrihreyfingunni – grænu framboði og óháðum kjösendum.

Í fimm efstu sætum listans eru Finnþór Rögnvaldsson, Sigríður Björk Jónsdóttir, Haukur Júlíusson, Þór Þorsteinsson og Ingibjörg Daníelsdóttir. - shá

Vinstri grænir á Akureyri:

Framboðslisti samþykktur

KOSNINGAR Vinstrihreyfingin – grænt framboð samþykkti á félagsfundinum sínum hinn 13. mars síðastliðinn framboðslista sinn fyrir bæjarstjórnarkosningarnar.

Tillaga kjörstjórnar var samþykkt og skipa átta efstu sæti listans þau Baldvin H. Sigurðsson, Kristín Sigfúsdóttir, Dýrleif S. Ingimarsdóttir, Jón Erlendsson, Baldvin Esra Einarsson, Lilja Guðmundsdóttir, Jóhannes Árnason og Silja Bára Ómarsdóttir. - shá

LEIÐRÉTTING

Í frétt um lagafrumvarp um sameiningu Sjóntöðvar Íslands og Heyrnar- og talmeinstöðvar sem birtist í Fréttablaðinu 13. mars var ranglega sagt að forsvarsmenn Sjóntöðvar hefðu skorað á heilbrigðis- og tryggingamálanefnd að fresta umsögn um frumvarpið. Hið rétta er að Blindrafélagið er mótfallið frumvarpinu og skoraði á nefndina að fresta umsögninni.

Slippurinn Akureyri kaupir helmingshlut í DNG:

Styrkir stöðu beggja

VIÐSKIPTI Slippurinn Akureyri hefur keypt helmingshlut í DNG á Akureyri af Vaka í Reykjavík. Starfsemi DNG flyst á athafnasvæði Slippisins í byrjun næsta mánaðar en fyrirtækin verða áfram rekin sem sjálfstæðar einingar og ekki er gert ráð fyrir breytingum í mannhaldi.

DNG hefur framleitt raf-eindastýrðar færavindur og línukerfi fyrir báta.

Anton Benjamínsson, framkvæmdastjóri Slippisins, segir að samstarf DNG og Slippisins muni leiða til hagræðingar í rekstri og auka möguleika til verkefnaöflunar. „Starfsmenn Slippisins eru nú um sjötíu og okkur vantar fleiri járníðnaðarmenn. Fyrstu tveir mánuðir ársins voru rólegir en nú er allt vitlaust að gera hjá okkur og útlitið fram undan er gott,“ segir Anton.



SKIP Í SLIPP Forsvarsmenn Slippisins Akureyri sjá fram á góða verkefnastöðu og vantar járníðnaðarmenn til starfa.

Verðið sem Slippurinn greiddi fyrir helmingshlut í DNG fæst ekki uppgefið. - kk



KENNSLA Í HÍ Fyrirtæki og stofnanir sem styrkja HÍ með kostun segja atvinnulífið í landinu njóta góðs af samstarfinu.

Hagur fyrir atvinnulífið

Öll samvinna háskóla og atvinnulífs er af hinu góða að mati þriggja viðmælenda sem starfa hjá fyrirtækjum sem leggja talsvert fé til Háskóla Íslands.

MENNTAMÁL „Þetta er í fyrsta skipti sem Seðlabankinn kostar stöðu með þessum hætti og reynslan af því er í raun ekki komin í ljós,“ segir Ingvar Sigfússon, sviðstjóri rekstrarsviðs Seðlabanka Íslands.

Bankinn er einn tuttugu fyrirtækja og stofnana sem styðja beint eða óbeint við bakið á Háskóla Íslands með kostun af einhverju tagi. Bankinn kostar eitt kennarastarf við viðskipta- og hagfræðideild skólans fram til ársins 2007 auk þess sem 2,4 milljónum króna var nýlega varið til sérstaks rannsóknarverkefnis á íslenskum verðbréfum.

Ingvar segir bankann tvímælaust hafa hag af slíku samstarfi. „Markmiðið með slíku er að efla rannsóknir allar og að niðurstöður séu kynntar víðar en eingöngu innan bankans. Auðvitað er engin þörf á að bankinn geri slíkt enda hægt að sinna slíku innan bankans sjálfs en að okkar mati er þetta ákjósanlegt tækifæri til að dreifa þekkingu sem víðast. Fyrir vikið verður líka úr hæfari hópi fólks að velja þegar þar að kemur, til starfa innan bankans eða fjármálastofnana.“

Annar banki sem einnig kostar til fjármunum er KB banki en þar á bæ kosta menn fimmtán milljónum króna til meistaranáms í fjármálafræði við sömu deild


HÁSKÓLI ÍSLANDS

VILL Í FREMSTU RÖÐ

innan Háskóla Íslands. Tilgangur þess banka er þó annar að sögn Hafliða Kristjánssonar, framkvæmdastjóra sölu- og markaðs- sviðs bankans. „Ástæðan er ekki sú að við séum að fá eitthvað til baka í þessu tilfelli heldur erum við að láta gott af okkur leiða og skila aftur til samfélagsins. Við styrkjum mörg slík verkefni á ári hverju bæði innan skólanna og utan og þetta er einfaldlega eitt af þeim.“

Ásdís Pétursdóttir, hjá Bakka-vör sem einnig leggur fimmtán milljónir króna til styrktar frumkvöðlafræði innan Háskóla Íslands, tekur undir orð Hafliða en segir að í augum eigenda fyrirtækisins sé einnig mikilvægt að viðhalda góðum samskiptum og samvinnu milli menntastofnana og atvinnulífsins. Það sé jákvæður ávinningur fyrir alla.

albert@frettabladid.is



Egyptaland

Luxor

10 daga VISA ferð
21. apríl – 1. maí

Fyrsta flokks gisting
á glæsilegu hóteli,
spennandi skoðunarferðir
og íslensk fararstjórn.
Um er að ræða 10 náttu
ferð á vit ævintýra
í Egyptalandi.



Verð:

79.940 kr.

á mann í tvíbýli á Luxor Sheraton

Innifalið: Beint leiguflyg, flugvallarskattar,
gisting með morgunverði í 10 nætur
og íslensk fararstjórn.



plús
FERÐIR

Plúsferðir · Hlíðasmára 15 · 200 Kópavogur · Sími 535 2100 · www.plusferdir.is

Skýstrókar í miðvesturhluta Bandaríkjanna:

Tíu létust í ofsaveðri

BANDARÍKIN AP Skýstrókar urðu minnst tíu manns að bana og lögðu hundruð heimila í rúst í miðvesturríkjum Bandaríkjanna um helgina og á mánudag.

Missouri-ríki varð einna verst úti, en þar fórust minnst níu manns þegar haglé á stærð við appelsínur féll og skýstrókar feykту öllu lauslegu til, jafnvel bifreiðum. Tíunda fórnarlambið lét lífið í Indiana. Jafnframt lék veðrið Illinois illa, þar sem höfuðborgin Springfield varð einna verst fyrir



SKÝSTRÓKUR Hvirfilbylir gengu yfir miðvesturríki Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

barðinu á stormunum. Auk þeirra sem fórust slösuðust tugir manna í veðrinu. - smk

EJS opnar verslun í Pennanum Hallarmúla

Ein ferð tvær verslanir



Við vinnum stöðugt að því að léttu viðskiptavinum okkar innkaupin.
EJS verslun í verslun Pennans í Hallarmúla, „búð í búð“ er nýjasta framlagið.
Á einu gólfu færðu tölvur og heildarlausnir í tölvubúnaði, frá hentugustu fartölvum upp í öflugustu borðtölvur,
auk margvíslegs annars búnaðar. Allt sem þú þarft í gæðavöru á frábærum kjörum.
Littu inn í Hallarmúlanum þar er alltaf eitthvað að gerast.

Tilboð í tilefni opunarinnar:



17" Active Matrix TFT

1280 x 1024 @ 60 Hz Native Resolution
12ms Response time
0.264mm Pixel Pitch
450:1 Contrast Ratio
300 Brightness (CD/M)
VGA 15-pin D-Sub Analogue input
31 - 81 kHz Horizontal Scan Range
56 - 76 Hz Vertical Scan Range
40W Orkuunotkun (Max)
380mm x 375mm x 137mm (h x b x d)
Þyngd 4,0 kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Opnunartilboð: 26.900 kr.

Dell OptiPlex GX520 Pentium

Intel Pentium 4 630 3.0GHz/800MHz FSB 2MB L2 Cache
512 MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (1x512MB)
40GB (7200 rpm) SATA II harður diskur
48x VD/CD-RW Combo geisladrif
Intel GMA 950 skjákort, allt að 224 MB minni
Intel AC97 hljóðkort
Íslenskt lykklaborð og Logitech ljósamús
Microsoft Windows XP Professional SP2

Opnunartilboð: 79.900 kr.


Dell Latitude D510 fartölva

með Celeron M örgjörva
Intel Celeron M 360 1.40GHz/1MB, 400MHz
512Mb 533MHz DDR2 vinnsluminni (2x256)
14.1" XGA skjár (1024 x 768)
Intel 955GM skjástýring
40GB (5400 rpm) harður diskur
DVD/CD-RW sambyggt geisladrif
10/100 netkort & 56k mótaid
Intel PRO 2200 þráðlaust netkort, 802.11b/g
Innbyggt Bluetooth
AC97 hljóðkort og stereo hátalarar
Íslenskt lykklaborð og snertimús (TouchPad)
4 USB 2.0, serial, parallel, S-Video, FireWire
6 Cell Li-Ion rafhláða (1 árs ábyrgð)
Microsoft Windows XP Professional
35.5 mm x 338 mm x 273 mm (h x b x d)
Þyngd frá 2,36 kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Opnunartilboð: 99.900 kr.



Hallarmúla 2, sími 540 2060, penninn@penninn.is



OPIÐ til kl. 21.00 í kvöld!

16. – 26. mars

Tískuvika

Í Smáralind

Tískusýning

Í dag kl. 18 verður tískusýning á 1. hæð þar sem Eskimo módel sýna nýjustu vorlínu verslanna Smáralindar. Komdu og fylgstu með og gerðu góð kaup.

Frábært tækifæri til að kynna sér nýjustu tísku í verslunum í Smáralindar.

Zink

Full búð af nýjum tískuvörum fyrir börn og unglunga
NÝTT: DIESEL og Puma deild!

Zink bolur fylgir með kaupum á DIESEL gallabuxum á Tískuviku meðan birgðir endast!

20% afsláttur af völdum vörum!

Lukkupottur - Allir viðskiptavinir geta sett nafn sitt í lukkupott.
Dregið í lok Tískuviku. **Vinningar: Bíómiðar í Smárabíó og páskaegg frá Nóa&Sirius**

DOROTHY PERKINS

20% afsláttur af klassískum buxum.

DEBENHAMS

Stuttar 10 mín. sýningar inni í búð, hvernig á að velja sér veski, hvernig á að nota saron, hvernig notum við fylgihluti, sýningar á vorförðun og sólarvörn.

Starfsmenn verða í **Designers fatnaði**, sem er á 10% afslætti, koma reglulega á sýningarpalla með stuttar sýningar og margt fleira.

Bókaðu tíma hjá stílista og nafn þitt fer í lukkupott.
Dregið verður 1. maí, glæsilegir vinningar.

Starfsfólk Debenhams tekur vel á móti viðskiptavinum ▶

Nokkur sýnishorn af tilboðum og viðburðum á Tískuviku

UNITED COLORS
OF BENETTON.

Mjög gott úrval af fermingarfötum.
Glæsilegar dragtir á einstaklega góðu verði.

Levi's

Ný kvensnið í mörgum litum.



ENNEMM / SIA / NM20946



Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

„ORÐRÉTT“

Traustið er mikilvægast

„Vandi bankanna á Íslandi er ekki imyndarvandi heldur spurning um traust.“

STAKSTEINAR MORGUNBLAÐSINS Í GÆR

Upplýsingaflæðið mikilvægast

„Traust skiptir miklu máli á fjármálamarkaðnum en upplýsingaflæði jafnvel enn meira máli.“

LEIÐARI MORGUNBLAÐSINS Í GÆR

nær og fjær
tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? SIGFÚS VILHJÁLMSOÐ ODDVITI Í MJÓAFIRÐI:

Hér hefur verið svolítið kropp

„Það hefur verið svolítið kropp hérna, eða einlegi bara ágætt,“ segir Sigfús Vilhjálmsson, oddviti og útgerðarmaður í Mjóafirði, sem var að koma af sjó þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann kveðst hafa verið að fá 500 kíló og allt upp í tvö tonn í róðri. Hann er ekki nema fimm mínútur að stíma á miðin, svo nærri landi er fiskurinn.

„Þetta er stór og fallegur þorskur, fullur af loðnu, sem ekki á að vera til,“ segir Sigfús. „Það er góðs viti að fiskurinn skuli vera svona stór og loðnan líka. Kannski er meira af þorski í sjónum en menn grunar. Svo er hann fullur af hrognum, þannig að allt útlit er fyrir að hann hrygni hér inni á fjörðum. Það eru mörg ár síðan svona stór fiskur hefur veiðst hér.“

Þá höfum við fengið dálítið af rauðmaga í þorskanetin, svona 10-12 stykki, sem er mjög óalgengt.“

Spurður um stöðu laxeldisins í Mjóafirði segir Sigfús að þar sé nú verið að slátra og mjög gott verð fáið fyrir laxinn.

Um yfirvofandi sameiningu Fjarðabyggðar og Austurbyggðar segir Sigfús það verst að ekki skuli vera komin göng frá Eskifirði yfir á Seyðisfjörð þannig að hægt hefði verið að taka hann með í sameininguna.

Góugleði skellur á í Mjóafirði um þar-næstu helgi.

„Þá dubba menn sig upp, gera sér eitthvað til skemmtunar með því að skjóta á náungann og svona,“ segir Sigfús. „Sumir fá sér lítilliga í staupinu, sem er gott ef í hófi er gert.“



HVAD SEGIR ANNA Á HESTEYRI?

FORGANGUR RÍKRA Í HEILBRIGÐISKERFINU



Glæpsamlegt

„Mér finnst glæpsamlegt ef ríkir fá að borga fyrir forgang á sjúkrahúsum landsins,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. Hún hefur fylgst með umræðum þess efnis í fjölmiðlum síðustu daga og er mikið niðri fyrir. Anna Marta hefur enda alla tíð látið sig jöfnuð miklu varða auk þess sem hún er áhugasöm um heilbrigðismál. „Sá sem er lasnastur á alltaf að sitja fyrir, ekki sá sem á mestu peningana,“ segir hún og bætir við: „Ef við látum aurinn ráða er samfélagið komið niður á ákaflega lágt plan.“ Önnu Mörtu finnst þó koma til greina að aðkoma auðmanna að heilbrigðisþjónustu verði með öðrum hætti en almennings. „Ef þeir vilja brúka afl sitt í þágu eigin heilbrigðis mættu þeir byggja sjúkrahús handa sjálfum sér og reka það fyrir sína eigin peninga. Og ef þeir væru almennilegir gætu þeir svo tekið inn einstaka fátækling. En í þetta mætti ekki fara króna af almannafé.“



Pissað í miðri ræðu í fyrsta sinn í sögu Alþingis

Blað var brotið í sögu Alþingis á þriðjudag þegar Valdimar Leó Friðriksson, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði hlé á ræðu sinni og fór á klósettið.

Aldrei áður í aldalangri sögu þingsins hefur það gerst að þingmanni sé veitt leyfi til að gera hlé á máli sínu til að fara á klósettið. Og ólíklegt er að það gerist aftur í bráð. Ástæðan er einföld; klósett-

ferðir í miðjum ræðum rúmast ekki innan þingskapalaga.

Greinilega er ekki gert ráð fyrir að þingmenn tali svo lengi í einu að þeir þurfi að fá hlé til að fara á klósettið.

Það má reyndar virða Valdimar Leó Friðrikssyni það til vorkunnar að hann hafði leyfi þingforseta fyrir klósettferðinni. Þuríður Backman, Vinstri grænum, sat í forsetastóli og varð góðfúslega við bön Valdímars. Og sjálfur vissi hann ekki betur en að þetta væri allt í lagi, að ekkert væri sjálfsagðara en að menn fengju að gera hlé á máli sínu til að pissa. „Þetta var nýliðabrek hjá mér. Ég hélt að þetta væri heimilt og það var í þeirri trú sem ég gerði þetta,“ segir Valdimar Leó um klósettferðina.

Það má heita sérstakt, jafnvel kaldhæðni orlaganna, að þetta skuli gerast í umræðunni um hin umdeildu vatnalög. Í henni miðri þarf þingmaður að kasta af sér vatni og gerir. Í umræðum um vatn er sumsé vatni kastað í miðri ræðu í fyrsta sinn í sögu Alþingis.

Valdimar Leó hafði talað í þrjár klukkustundir þegar honum varð mál. „Röddin var þannig að ég þurfti að vökva hana nokkrum



VIÐ SALERNIÐ Valdimar Leó Friðriksson er fyrsti alþingismaður sögunnar sem fær leyfi til að kasta af sér vatni í miðri þingræðu. Það gerðist í umræðum um vatnalög á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

sinnnum. Þegar ég áttaði mig á að enn væri klukkutími í kvöldmat óskaði ég eftir þessu leyfi og fékk það,“ segir Valdimar Leó og er þuríði afar þakklátur fyrir að fá að fara á klósettið.

Á leiðinni af salerninu rak Valdimar Leó augun í sjónvarpskjá og sá hvar þingvörður kíkta í ræðustólinn, sjálfsagt til að athuga

hvort þar væri nægt vatn. „Það var eins og hann væri að leita að ræðumanninum,“ segir Valdimar Leó og hlær.

Hann lætur þennan sögulega viðburð ekki slá sig út af laginu og heldur sínu striki í þinginu, hér eftir sem hingað til. En gættir sín á vatnspambinu í ræðustólum.

bjorn@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

MÖMMURNAR Í ÍRABAKKA ERU BÚNAR AÐ FÁ NÓG

HEIMTA BARNANÍÐING BURT UR BLOKKINNI



„VIÐ VILJUM ÞENNA MANN BURT,“ SEGIR EIN AF FJÖLDAMÖRGUM ÁHYGGJUFULLUM MÆÐRUM SEM BÚA Í ÍRABAKKA.

Metin jöfnuð 59 árum síðar

Friðrik Ólafsson stórmeistari og Sveinbjörn Einarsson kennari mættust við taflborðið á tuttugu ára afmælisráðgjafmóti Félags eldri borgara í Reykjavík á þriðjudag. Við það tilefni var rífað upp að 59 ár eru liðin síðan þeir tefldu fyrst saman.

„Sveinbjörn var einn af þeim sem ég tefldi við í fyrsta mótinu sem ég tók þátt í á sínum tíma. Þá var ég tólf ára,“ segir Friðrik. Það var árið 1947 og fór Sveinbjörn með sigur af hólmi. „Nú náði ég að jafna stöðuna,“ segir Friðrik hlæjandi en hann sigraði í viðureigninni á þriðjudag.

Sveinbjörn segir það hafa verið ánægjulegt að tefla við Friðrik á ný. „Ég fyrst ekkert við þó hann



BISKUP BJARNI FIMM Friðrik beitti Spænska leiknum í skákinni gegn Sveinbirni.


FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

ygni mig,“ segir hann og gerir lítið úr því að hafa lagt Friðrik að velli á sínum tíma. „Þá var hann nú

bara strákur en ég fullorðinn maður svo að það er ekkert að marka.“

-bjs

> SVONA ERUM VIÐ Frá hvaða löndum eru tíu mest sóttu kvikmyndirnar hérlendis



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: LENNART MERI, FYRRVERANDI FORSETI EISTLANDS

Svipsterkur stjórnmálamaður fallinn frá

Fyrsti forseti hins nýfrjálsa Eistlands, Lennart Meri, er látinn og ríkir mikil sorg í Eistlandi en talið er að þriðji hver Eistlendingur hafi hitt Meri í eigin persónu. Dagurinn í dag hefur verið lýstur opinber sorgardagur í Eistlandi og sömuleiðis laugardagurinn 25. mars þannig að sem flestir Eistlendingar geti farið að kistunni hans. Sorgardagarnir verða því tveir í Eistlandi. Lennart Meri verður jarðsunninn í Kaarli-kirkjunni í Tallinn sunnudaginn 26. mars.

Hver var þessi Lennart Meri?

Meri fæddist í Tallinn, höfuðborg Eistlands, 29. mars 1929 og hefði því orðið 77 ára síðar í þessum mánuði. Hann bjó í síðari heimsstyrj-



Lennart Meri

öldinni í Síberíu í fjögur ár með fjölskyldu sinni. Faðir hans var sendiherra og þýðandi. Meri gekk því í skóla í Tallinn, París og Berlín. Hann var líka í skóla í Síberíu þegar fjölskyldan var flutt þangað nauðungarflutningum. Lífsstarf Meris snerist í stuttu máli um listir og stjórnmál. Meri hafði háskólamenntun frá Tarttu í sagnfræði og málvísindum, hann starfaði sem dramatúrg, kenndi í listaskóla og var þýðandi og útvarpsmaður. Hann ferðaðist víða um Sovétríkunum meðan þau voru til sem slík. Hann hafði mikinn áhuga á menningu og kynnti sér menningu þjóðanna sem bjuggu á

útkjölum í Sovétríkjunum. Hann var rithöfundur, gerði kvikmyndir og skrifaði bækur. Hann var gerður að utanríkisráðherra Sovétríkjana vorið 1990. Hann varð síðan sendiherra í Finnlandi árið 1992. Sama ár var hann kjörinn fyrsti forseti hins frjálsa Eistlands í yfir sjötíu ár og gegndi því embætti í átta ár.

Hvað gerði Lennart Meri?

Lennart Meri er einn allra þekktasti Eistlendingur síðustu áratuga, mikill fjöðurlandsvinur og sennilega einn dádasti stjórnmálamaður þjóðarinnar. Hann var svipsterkur stjórnmálamaður og leiðtogi. Hann barðist dyggilega fyrir eistnesku þjóðina og þótti einmitt rétti máðurinn til að tryggja það að Eistland yrði hluti af Vesturlöndum eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur.

Fjölmargar þjóðir heims hafa vottað Eistlendingum samúð sína.

SPURT & SVARAÐ

NEYTENDAVERÐLAUN



JÓHANNES GUNNARSSON
Formaður Neytendasamtakanna

Hvetur fyrirtæki til bættrar þjónustu

Í gær voru veitt fyrsta sinni svokölluð Neytendaverðlaun Neytendasamtakanna og Bylgjunnar. Jóhannes Gunnarsson er formaður Neytendasamtakanna.

Hvers vegna slík verðlaun? Fyrst og fremst til að hvetja íslensk fyrirtæki til frekari dáða gagnvart viðskiptavinum sínum í vöruverði, gæðum, þjónustu almennt og um leið hvetja til aukinnar réttlátrar samkeppni þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi í einu og öllu.

Hverjir velja bestu fyrirtækin? Það eru neytendur sjálfir sem það hafa gert með atkvæðagreiðslu undanfarnar vikur á netinu.

Er slík könnun marktæk? Hún er það vissulega. Þátt tóku sjö þúsund manns og fjöldi þeirra atkvæða sem efstu fyrirtækin fengu gefur til kynna að neytendur séu vel á verði í viðskiptum sínum og viti mættavel hvaða fyrirtæki standa sig vel og hver illa. Við vonumst til að slík verðlaun yti enn frekar undir metnað þess fyrirtækis sem sigrar en einnig allra hinna.

Íþróttavæðing þjóðarinnar hafin

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skipaði starfshóp í byrjun árs 2005 til þess að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta nýja heildstæða íþróttastefnu. Niðurstöður hópsins liggja nú fyrir og tillögur hans eru metnaðarfullar.

Þorgerður vill hugarfarsbreytingu allrar þjóðarinnar og íþróttavæða Ísland undir slagorðinu „Aukin þátttaka – breyttur lífsstíll“. Hugmyndir hennar og starfshópsins snerta öll svið íþróttalífs í landinu, allt frá afreksfólki í alþjóðlegri keppni til aukinnar þátttöku sveitarfélaga og fyrirtækja í almenningsíþróttum. Ekki hefur verið unnin fjárhagsáætlun í tengslum við verkefnið, það er hugsað til framtíðar en menntamálaráðherra segir niðurstöður hópsins hafðar til hlidsjónar við fjárlagagerð næsta árs. Hún bindur vonir við að íþróttavæðing þjóðarinnar minnki kostnað við heilbrigðisþjónustu í framtíðinni.

Alþjóðlegur vandi

Hreyfingarleysi færast stöðugt í vöxt um heim allan og má rekja þá þróun til lífshátta sem einkenast af kyrrsetu, tæknivæðingu og

breyttum samgöngum. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin metur stöðuna svo að alvarlegur alþjóðlegur lýðheilsuvandi blasi við og afar brýnt sé að bregðast við þessari vá án tafar. Talið er að 65 til 80 prósent fullorðinna í heiminum lifi því sem næst kyrrsetulífi. Það er því ljóst að stór hluti mannkyns hreyfir sig ekki svo mikið að það hafi heilsufarslegan ávinning. Kyrrseta hefur því ekki aðeins aukist heldur eru afleiðingar hennar nú þegar greinilegar.

Hreyfing sem forvörn

Með mikilvægi hreyfingar og íþróttar sem forvarnar í huga er brýnt að mati starfshópsins að kanna hvað megi gera betur í því forvarnarskipti sem nú þegar er unnið hérlendis. Veigamestu kannanir sem gerðar hafa verið hérlendis á þessu sviði sýna að þátttaka barna og unglinga í skipulögðu tómstunda- og íþróttastarfi hefur ekki aukist á undanförunum árum og má líta á það sem tækifæri til sóknar. Tækifæri til forvarna hér á landi eru vannýtt, sem gefur ástæðu til bjartsýni um aukinn árangur. Forvarnir hafa áhrif hér á landi og sérstaklega þær sem beint er að fjölskyldunni sem heild. Starfshópurinn hvetur því foreldra og aðra uppallendur til að leggja sig fram um að veita börnum áhugaverð tækifæri til að hreyfa sig og stuðla þannig að heilbrigðum lífsstíl þeirra.

Markmið

Til að nálgast framtíðarsýn Íþróttastefnu Íslands er lagt upp með nokkur meginmarkmið. Allir Íslendingar skulu hafa tækifæri til að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur sem það er gert til ánægju, heilsuþótar eða með afreksárangur í huga. Skólakerfið sjái til þess að hreyfing verði hluti af lífsstíl ungmenna. Stuðla skal að jákvæðu hugarfari gagnvart hreyfingu og íþróttum hjá öllum sem að uppeldi æsku landsins koma og vakningu meðal almennings um mikilvægi almennrar hreyfingar og íþróttastarfs. Einnig telur starfshópurinn nauðsynlegt að meta þörf á aðstoðu til íþróttaiðkunar og nýta betur þau íþróttamannvirki sem þegar eru til staðar.

Leiðir


Leikskólann telur starfshópurinn mikilvægan upphafspunkt skipulagðrar hreyfingar barna. Því er hvatt til enn frekari hreyfingar barna í leikskólum í samráði við íþróttakennara. Tækifæri til þess eru til dæmis ónýttir tímar íþróttahúsa sem leikskólum verði gert kleift að nýta. Í grunnskólum verði tryggt að börn fái að minnsta kosti eina skipulagða hreyfistund á dag og samstarf skóla og íþróttafélaga verði aukið. Séð verði fyrir þörfum allra barna jafnt og aðstaða til leikja utan dyra verði gerð aðlaðandi og hvetjandi. Mikil áhersla er lögð á að börn geti komið í skólann hjólandi eða á annan hátt sem hvetur til hreyfingar og aðstaða til geymslu slíkra tækja verði byggð upp eða bætt.



LÍF OG FJÖR Hugmyndir starfshópsins og menntamálaráðherra, sem hér sést með ungum íþróttaiðkanda, eru að fá alla Íslendinga til að hreyfa sig. Það á að skila betri lýðheilsu og sparnaði í heilbrigðisþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁSTÆÐUR BROTTFALLS UNGLINGA ÚR ÍÞRÓTTUM (2004)



Heimild: Rannsókn & greining

Ríkið og sveitarfélögin

Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki ef „þjóðarsátt um hreyfingu“ á að verða að veruleika. Umferðarskipulag verður að mati starfshópsins ávallt að gera ráð fyrir reidhjólum og að grænum svæðum verði fjölgað og þau gerð eftirsóknarverð til útivistar. Einnig að ný hverfi séu skipulögð með hreyfingu og íþróttir barna í huga. Hlutverk ríkisins fellur á margan hátt að hlutverkum sveitarfélaga en auk þess er stefnt að aðkomu fleiri ráðuneyta að þessum málaflokkki og lögð verður áhersla á að gera hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu. Þar kemur til greina niðurgreiðsla

á hreyfingarúrræðum í stað lyfja þar sem það á við.

Næst á dagskrá

Ekki er eftir neinu að biða að mati starfshópsins. Hvatt er til þess að nú þegar verði allir sem vettlingi geta valdið fengnir til starfa og að það verði skilgreint sem sameiginleg ábyrgð menntamálaráðuneytisins og Íþróttasambands Íslands að fylgja þessari stefnumótun eftir. Samráðshópur verði skipaður með fulltrúum ráðuneyta, Íþróttasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefnið er ærið: Fá sem flesta Íslendinga, óháð aldri, búsetu eða fjárhaga, til að stunda íþróttir með einum eða öðrum hætti sér til heilsuþótar.

FRÉTTASKÝRING

SVAVAR HÁVARSSON
svavar@frettabladid.is

Nýr bæklingur er kominn



LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 s 5516646
www.lauraashley.com

hagstæðustu heildarinnkaupin

verið velkomin



40%

afsláttur við kassa
Verð nú 389 kr/kg

Ísfugl heill ferskur kjúklingur



1.299

kr.pk

Danskar kjúklingabringur 900gr.



afsláttur v/kassa
600 kr.pr.kg



Gourmet villikryddað lambalæri



30%

afsláttur við kassa
Verð nú 879 kr/kg

BK Bayonneskinka



269

kr.pk.

Grillborgarar 4 stk



129

kr.pk.

X-tra franskar 1kg.



99

kr.pk.

X-tra hvítlauksbrauð



69

kr.stk.

Myllan súkkulaðisnúður



199

kr.stk.

Myllan skúffukaka



139

kr.pk.

Náttúra vöfflur



99

kr.stk.

Pepsi 2ltr.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Gildistími á meðan birgðir endast.


Nýtt kortatímabil hefst 16. mars

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

VERÐ Á TÓBAKI

> Verðlagning á venjulegum pakka af tóbaki miðað við verðlag á landinu öllu í nóvember hvers árs.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: MAGNÚS ÞÓR ÁSGEIRSSON

Á hægrisinnuðum Dodda bíl

„Mín langbestu kaup voru þegar ég skipti á gítar við Matta úr Pöpunum fyrir tæpum áratug. Ég lét hann hafa gamlan og handnýtan Fender gítar en fékk forláta Ibanez gítar í staðinn sem hefur verið mér til ómældrar ánægju,” segir Akureyringurinn Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar.

Magnús er líðtækur gítarleikari og grúpur í gítarinn þegar tækifæri gefst til. „Ég dunda mér við að semja eitt og eitt lag, aðallega til heimilis- og einkanota. Ég hef fengið skilningsríkt viðmót frá konunni og öðrum í fjölskyldunni varðandi lagamiðina en hef þó ekki verið hvattur til útgáfu enn sem komið er.“

Á námsárunum í Reykjavík var Magnús í hljómsveit með Guðjóni Bergmann jógakennara og fleirum.



„Mín glæstasta stund með gítarinn var þó sennilega á árhátíð líkamsræktarinnar Átaks á Akureyri. Það var gott „comeback“ fyrir mig og gítarinn.“ Verstu kaup Magnúsar tengjast bílavíðskiptum. „Ég keypti eitt sinn smábíl af Suzuki gerð og ég held mér sé óhætt að fullyrða að verri kaup hef ég ekki gert. Ég keypti bílinn nýjan en um leið og hann var farinn úr ábyrgð þá bílaði stýrisbúnaðurinn. Bilunin lýsti sér þannig að í hvert sinn sem þessari litlu tik var gefið inn þá var eins og hún fengi sjálfstæðan vilja og beygði til hægri. Þetta var eins og að aka Dodda bílnum; maður vissi aldrei hvert ferðinni var heitið.“ Magnús Seldi Dodda bílinn sinn við fyrsta tækifæri en fláði ekki feitan gölt í þeim viðskiptum. „Ég þurfti að borga dágóða upphæð með bílnum til að losna við hann en var því fegnastur þegar þetta kríli hvarf sjónum mínum. Síðan þá hef ég bara átt jeppa og ætla aldrei aftur að kaupa svona lítila tik,” segir Magnús.

GÓÐ HÚSRÁÐ Í GÓÐU LAGI AÐ FRYSTA RJÓMA

■ Sólveig Baldursdóttir, sem ritstýrir Gestgjafanum, segist kunna fullt af húsráðum. Til dæmis sé í lagi að frysta rjóma.



„Það er í góðu lagi að frysta rjóma. Ef þeyta á rjóma sem hefur verið frystur er best að gera það meðan ísnalarnar eru ennþá í honum. 2. Ísmolar í skál bráðna ekki eins fljótt ef settur er lítill diskur á hvolf á botninn á skálinni. Þá liggja ísmolarnir ekki í vatninu og bráðna því mun hægar. 3. Ef maturinn er óvart of saltur er best að setja nokkrar sneiðar af hráum kartöflum ofan í pottinn því kartöflurnar draga í sig saltið.“

■ Hvað kostar... að sækja sér tónlist

Ýmsir möguleikar

Niðurhal á tónlist heldur áfram að vera meðal þess vinsælasta sem margur gerir á netinu og hér á landi hefur þjónusta tonlist.is náð nokkrum vinsældum. Er það eina íslenska vefsvæðið sem býður þjónustuna gegn gjaldi en í staðinn fá notendur aðgang að einhverju mesta safni hér á landi af íslenskrí tónlist. Áskriftarmöguleikar að tonlist.is eru margvíslegir. Hægt er að velja úr þremur leiðum. Mánaðaráskrift kostar 1.495 krónur. Þriggja mánaða áskrift kostar 2.990 og ársáskrift 9.900. Með þessum áskriftum öðlast fólk ótakmarkaðan aðgang að allri íslenskrí tónlist sem vefsvæðið hefur að geyma og geta notendur spilað og vistað öll lög. Einnig er í boði að kaupa stök lög og kostar hvert lag þá 99 krónur. Um 30 þúsund íslensk lög eru í gagnabanka tonlist.is. Erlendis er enn hægt að verða sér úti um tónlist án gjalds með hinum ýmsu forritum og á hinum ýmsu vefsvæðum. Slíkt er í flestum, ef ekki öllum, tilfellum ólöglegt enda fá þá flytjendur eða höfundar þess engar greiðslur fyrir hugverk sín.



■ Verslun og þjónusta

Einnota bíómyndir

Hafin er sala einnota DVD-diska hér á landi og víst að margir fagna því sem orðnir eru leiðir á vanskilgjöldum á myndbandaleigum. Diskarnir kallast 48DVD sem merkir að hægt er að horfa á efni á viðkomandi disk í 48 stundir eftir að hann er spilaður fyrsta sinni. Eftir þann tíma er diskurinn ónýtur og óhætt að henda honum en hægt er að horfa eins oft og fólk vill innan þess tíma. Helgast það af sérstakri tækni sem notuð er í framleiðslu diskanna en fullt er að DVD-pílarar verði ekki fyrir neinum skaða þó að einnota diskar séu spilaðir. Diskarnir eru seldir í verslunum Olís, 10/11 og Hagkaupa og kosta kringum 500 krónur stykkið.



■ Verslun og þjónusta

Fullt á hjónanámskeið

Fullt er orðið á öll auka hjónanámskeið í Hafnarfjarðarkirkju undir stjórn séra Þórhalls Heimissonar en námskeið hans um hvernig viðhalda beri ást og virðingu innan hjónabandsins hafa notið mikilla vinsælda síðustu tíu árin. Hafa alls 7.500 manns sótt námskeiðin á þeim tíma og greinilegt að brýn þörf er á þeim. Er nú svo komið að fullt er orðið á öll námskeið hans og allir salir kirkjunnar orðnir fullir frá á sumar. Mun séra Þórhallur að öllum líkindum bjóða áfram upp á námskeiðin næsta haust og um að gera að fylgjast vel með tilkynningum um slíkt hafi fólk áhuga.

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Rein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



DVD-MYNDIR Í REKKA Ekki gera allir kaupendur sér grein fyrir því að íslenskan texta vanti á dvd-myndir sem þeir kaupa.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLLBERGMANN

Myndir án íslensks texta

DVD-myndir eru auglýstar á mjög lágu verði í verslanabæklingum en ekki fylgir með í auglýsingunum að margar af þessum ódýru myndum eru án íslensks texta. Verslanir kaupa þessar ódýru myndir beint að utan.

Elko flytur DVD-myndir beint inn og Óttar Örn Sigurbergsson, innkaupastjóri hjá Elko, segir að þeir auglýsi ekki sérstaklega þegar dvd-myndir eru ekki með íslenskum texta. Það er ekki heldur tekið fram þegar dvd-myndirnar eru keyptar. Kvartanir hafa borist vegna þessa en flestir gera sér grein fyrir því ef dvd-myndir eru einungis með enskum texta að sögn Óttars. Til að sporna við misskilningi merkir Elko allar DVD-myndir sem eru með íslenskum texta en engar sérstakar merkingar eru á öðrum DVD-myndum.

BT verslanir flytja einnig DVD-myndir beint inn. Yfirleitt er tekið fram í auglýsingum þegar DVD-myndir eru með íslenskum texta en ekkert tiltekið ef íslenskan texta vantar að sögn Gunnars Guðjónssonar sem sér um innkaup á kvikmyndum og afþreyingarefni hjá BT. Gunnar bendir jafnframt á að allar DVD-myndir hafi textamerkingu frá framleiðanda á bakhlíð. Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, telur það mikilvægt að neytendur séu upplýstir um það þegar ekki er íslenskur texti á DVD-myndum, að minnsta kosti þegar um unga neytendur er að ræða. Það geta verið

óskráðar reglur um að neytendur eigi rétt á þessum upplýsingum þótt það standi ekki í lögum frá Alþingi.

Anna Birna Halldórsdóttir, forstöðumaður markaðssviðs Neytendastofu, segir málið ekki hafa verið tekið fyrir hjá Neytendastofu. Engar reglur eru til um hvað skuli taka fram í auglýsingum en hún telur eðlilegt að það sé kynnt ef íslenskan texta vanti á DVD-myndir þótt það sé ekki skylda.

sdg@frettabladid.is



GÍSLI TRYGGVASON

MATUR & NÆRING

ÍÐUNN GEIRSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

Gerbrauð - nýbakað og ilmandi



Hvernig myndast hinn indæli ilmur af nýbökðu brauði og hvernig náum við fram þeirri lyftingu og léttleika sem ein-kennir gott brauð? Grunnhræfni gerbrauðs eru hveiti, vatn, salt

og ger. Hvert þessara hræfna gegnir mikilvægu hlutverki við brauðgerðina. Um leið og farið er að hnoða hræfnunum saman fara ýmis ferli af stað. Til að byrja með leysir vatnið þurrefnin upp þannig að hræfnin blandast vel saman. Hveitið, sem er uppistöðuefni brauðsins, inniheldur meðal annars prótín, sterkju og ensím. Prótínin mynda svokallað glúten þegar mjölinu er hnoðað saman við vatnið. Glútenið verður að þéttriðnu neti sem kemur til með að veida kolsýruna frá gerinu og þannig lyftist brauðdeigið við hefun og bakstur. Við hnoðun dreifast loftbólur gersins svo að brauðið fær jafna áferð, verður mjúkt og slétt.

Oft er deigið látið hvilast áður en það er mótað. Við hvíldina slaknar á glútennetjunni þannig að deigið verður meðfærilegra við mótnun. Nú fá ensímín líka tíma til þess að brjóta sterkjuna niður í sykursameindir og mynda þannig nauðsynlega næringu fyrir gerid auk þess að mynda bragð- og ilmefni brauðsins. Eftir hvíld og mótnun er deigið látið hefast og taka þá gersveppirnir starfa. Gersveppir eru lifandi frumur sem breyta sykri í lofttegundina kolsýru og vínanda ef þeim eru búin hagstæð líffskilyrði. Gerfrumur dafna best við 35°C. Ef vökvinn er of heitur drepast gerfrumurnar (54°C) og þá verður deigið þungt og klest. Of kaldur vökvinn eða umhverfi lamar mátt þeirra svo það tekur lengri tíma fyrir deigið að lyfta sér. Salt er mikilvægt í brauðgerð þar

sem það stýrir hraða gerjunar þannig að kolsýrumyndun gersins verður jafnari. Salt styrkir líka bragð brauðsins en saltlaust brauð verður klístrað, of hefað og bragð þess verður vatnskennt.

Gerbrauð eru látin lyfta sér á volgum stað í 1/2-1 klukkustund eða þar til þau hafa tvöfaldað sig að stærð. Að lokum er komið að bakstrinum. Hitinn í ofninum veldur því að kolsýran þenst út þannig að deigið lyftir sér enn frekar. Þegar hitinn í brauðinu nær 54°C deyr gerid og ensímín verða óvirk. Sterkjan úr mjölinu hleypur við baksturinn og lögum brauðsins festir sig. Að lokum brúnastr skorpan við það að sykru og prótín á yfirborði mynda karamellu við hitann, en þessi brúnastr er einmitt einn af mikilvægustu þáttunum í myndun lokkandi brauðilms og ljúffengs bragðs af nýbökðu brauði.

idunn@myllan.is





VAXTALAUSIR DAGAR



Ifö Kreta m/nuddi
Einföld og falleg hönnun sem skapar vellíðan fyrir alla fjölskylduna. Stærð 143x143sm.

Tilboð:
114.900 kr.



Ifö Cera 3816
Traust, einföld og þægileg með vandaðri setu.

Tilboð:
18.900 kr.



Geberit salerniskassi
Vegghengt salerni með innbyggðum Geberit kassa og skál með harðri setu.

Tilboð:
39.900 kr.



Ifö Calypso
80x80sm heill sturtuklefi með stálbotni.

Tilboð:
47.900 kr.



Ifö Solid
Sterk, þægileg og auðveld í umgengni og uppsetningu. 90x90sm.

Tilboð:
39.900 kr.



Mora Marena
Mora Marena hitastíllt sturtutæki með ömmustöng, skipti, sturtuhaus og tilheyrandi búnaði.

Tilboð:
28.000 kr.



Nýttu þér frábær tilboð á völdum vörum og kaupðu hreinlætistækin sem þig langar í á betri kjörum. Nú getur þú greitt með léttgreiðslum Euro og Visa – vaxtalaust í 3 mánuði.

Veldu búnað sem sameinar feegurð og notagildi.

HANNAÐU HEIMILIÐ MEÐ TENGI

Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15



30% Afsláttur
KEA léttreyktur lambahryggur 1.135 kr./kg.

399 kr./pk.
Fjörfiskur frosnir ýsubitar 800g



30% Afsláttur
Goða Medisterpylsa 524 kr./kg.



Toppur 1,5L 4 teg. **99** kr./stk.



30% Afsláttur



Myllu Brallarabrauð **99** kr./stk.



LP franskar kartöflur 4 teg. **149** kr./pk.

Villars súkkulaði 100g 4 teg. **69** kr./stk.



LP salernisrúllur 8 stk. **169** kr./pk.



Meira úrval



Gulrætur 1 kg **49** kr./pk.



Nattúra sveppir 250g **119** kr./stk.

Maarun snakk **24**

**Virk
Sam-
keppni**

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

40%
Afsláttur

Móa kjúklingur, grillaður
479 kr./stk.

30%
Afsláttur

Bautabúrið rauðv.legnar
grísakótleitur
1.119 kr./kg.

299
kr./kg.

Móa blandaðir
kjúklinga-
bitar

McVities
súkkulaðikex 2 teg.

169
kr./pk.

Matsúí útvarpsvekjari

1.295
kr./stk.

Góu tvönnu
Hraun- og Æðibitar

319
kr./pk.

Super þvottaefni 3 kg

269
kr./pk.

300g
2 teg.

49
kr./pk.

LP upphvottalögur
500 ml. 2 teg.

59
kr./stk.

El Vital
sjampó og hárnæringar

299
kr./stk.

ALLT AF FRÁBÆR TILBOÐ

KAUPHÖLL ÍSLANDS* [Hlutabréf]

ICEX-15 6.135 +1,65% Fjöldi viðskipta: 599
Velta: 5.451 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Kögun 6,32%
TM 4,55%
Alfesca 3,47%

MESTA LÆKKUN

↓ Atorka -0,84%
Icelandic Gr. -0,63%

* 15. mars kl. 14:00

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 59,70 +1,36% ... Alfesca 3,88 +3,47% ... Atorka 5,90 -0,84% ... Bakkavör 50,70 +1,40% ... Dagsbrún 6,69 +0,75% ... FL Group 24,70 +2,07% ... Flaga 3,36 +0,00% ... Glitnir 19,20 +2,13% ... KB banki 857,00 +1,18% ... Kögun 69,00 +6,32% ... Landsbankinn 26,50 +3,11% ... Marel 68,80 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,30 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,80 +1,71% ... Össur 115,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Svikalogn í Skandinavíu

Viðskiptalífið á Norðurlöndunum andar léttar við lækun krónunnar og innlendra hlutabréfa. Meðal þess sem menn telja er að nú muni draga úr innrás íslensks viðskiptalífs á Norðurlöndum. Þetta kann þó að reynast svikalogn. Bréf í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand lækkuðu, en einhverjar væntingar hafa verið bundnar við að Íslendingar sem hafa verið að koma sér fyrir í hluthafahópnum vilji taka fyrirtækið yfir. Sama gildir um Sampo í Finnlandi. Þar er Kaupþing banki með stóran hlut og fyrrséð að finnska ríkið hafi áhuga á að draga úr eign sinni í fyrirtækinu. Í fréttum á Norðurlöndum hefur verið sagt að Sampo hafi ekki áhuga á yfirtöku annarra fjármálastofnana, en það skyldi þó aldrei vera að þeir væru á matseðli Kaupþings.

Staksteinkast úr glerhúsi

Greiningardeild Kaupþingsbanka er greinilega ekki í miklu uppáhaldi hjá ritstjórum Morgunblaðsins, en

fulltrúar deildarinnar hafa verið teknir fyrir í tvígang í Staksteinum. Þeir sem nú opna minninn um framgöngu Morgunblaðsins í skrifum um fjármála-kerfið fá ýmist yfirhalingu í leiðara eða Staksteinum. Þannig fékk Jafet Ólafsson sinn skammt í leiðara fyrir að hafa verið ómyrkur í máli um neikvæðni Mogga í garð viðskiptalífsins. Jafet hefur oft tjáð sig um markaðinn og þá oftast með hagsmunum litlu hluthafanna að leiðarljósi, en þeir munu helst hafa brugðist við neikvæðum skrifum með því að selja bréf sín. Fagfjórðingur keyptu hins vegar bréf. Reyndar er víða þískrað í viðskiptalífnum um sérkennilega sýn ritstjóra Morgunblaðsins á viðskiptalífið, en vitandi það að Staksteinum er kastað, eru þeir ekki margir sem enn hafa stigið fram og tjáð sig opinberlega.



MARKAÐSPUNKTAR...

Árið 2005 var fremur slakt ár hjá fiski-mjölsverksmiðjum. Afkastageta þeirra er um 14 þúsund tonn á sólarhring og var nýting þeirra einungis 17 prósent á árinu í heild vegna lélegrar loðnuveiði á því ári.

Stjórn FL Group gerir að tillögu sinni að aðalfundur, haldinn 21. mars 2006, samþykki að greiddur verði 104 prósentar arður af nafnvirði hlutafjár, sem samsvarar 6.034 milljónum króna.

Úrvalsvísitalan hækkaði annan daginn í röð í gær eftir miklar lækkanir frá því um miðja síðustu viku. Hún stóð í 6.127 stigum um tvöleitið í gær og hafði hækkað um 1,52 prósent.



BAKKABRÆÐUR ÁHYGGJULAUSIR Northern Foods, samkeppnisaðili Bakkavarar, hefur átt við mikil vandræði að stríða sem hafa engin áhrif á Bakkavör.

Snertir rekstur Bakkavarar lítið

Breska matvælafyrirtækið Northern Foods sendi frá sér afkomu-viðvörðun í annað skipti á árinu en félagið er einn helsti samkeppnisaðili Bakkavarar í kældum matvörum í Bretlandi.

„Við erum sjálfir búnir að birta tölur fyrir síðasta ár sem sýndu methagnað og höfum sagt að horfurnar séu góðar. Northern Foods hefur átt við ákveðin rekstrarvandræði að stríða, sem það er að vinna sig út úr, og kemur okkur í sjálfu sér ekkert við,“ segir Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar.

Það kemur Ágústi ekki á óvart að Northern Foods skuli gefa tilkynningu sem þessa, enda hafi

mikil endurskipulagning átt sér stað innan veggja þess.

Hann getur ekki sérstaklega tekið undir þá skýringu að breytt neyslumynstur sé að draga úr sölu Northern Foods en samkeppni félaganna liggur meðal annars í eftirréttum, frosnum pitsum og salati. Að mati stjórnenda Northern eru breyttar neysluvenjur að draga úr hagnaði en neytendur hafa dregið úr kexáti og fært sig í hollari bita.

Á fyrstu tveimur mánuðum ársins dróst salan hjá Northern saman um tólf prósent frá sama tímabili í fyrra og hefur gengi hlutabréfa félagsins hrundið um tæp 30 prósent frá áramótum.

- eþa

Fjármálaeftirlitið breytir áfallaviðmiðum banka

Breytt hefur verið reglum um áfallaviðmið fjármálastofnana vegna innlendra hlutabréfaeignar. Bankarnir stóðust settar kröfur í nýju álagsprófi. Ekki var tekið mið af nýtilkominni veikingu krónunnar.

Fjármálaeftirlitið hefur breytt reglum um um áfallaviðmið fjármálastofnana vegna hlutabréfaeignar í innlendum félögum og bætt við lið í áfallapróf þar sem reiknuð eru áhrif breytinga á virði erlendra gjaldmiðla á eiginfjár- og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Áfallaviðmið fjármálafyrirtækjanna hefur verið hækkað úr 25 prósentum í 35 prósent og er breytingin sögð vera gerð í ljósi verulegra hækkanna á íslenskum hlutabréfamarkaði undanfarnissmissi. „Með þessu eru viðmið aðeins strangari en áður var,“ segir Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins. „En þetta breytir því ekki að bankarnir standast áfallaprófið eins og það var útfært.“



Á ÁRSFUNDI FJÁRMÁLAFTIRLITSINS Í FYRRA Lengst til vinstri má sjá Hreiðar Má Sigurðsson, forstjóra Kaupþingsbanka, hugsi yfir upplýsingum sem fram komu á ársfundi Fjármálaeftirlitsins um miðjan nóvember síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mat Fjármálaeftirlitsins er að vegna misvægis í hlutdeild erlendra gjaldmiðla í eiginfjárgrunni og áhættugrunni fjármálastofnana, einkum hjá viðskiptabönkunum, geti áhrif af gengisbreytingum erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni á eiginfjárlutfall fyrirtækjanna orðið umtalsverð. Í nýjum lið í áfallaprófi fjármálafyrirtækja var því gert ráð fyrir áhrifum af 25 prósentu hækkingu erlendra gjaldmiðla sem sagt er samsvara 20 prósentu veikingu krónunnar.

Ragnar bendir á að viðmiðin í prófinu hafi verið ákveðin áður en sú veiking hafi orðið sem nú er fram komin á gengi krónunnar. „Miðað var við þær tölur sem tiltekta voru um áramót,“ segir hann og bendir á að gengi krónunnar hafi veikt síðan þá. „Og þá þarf náttúrulega að breyta viðmiðinu, því það á ekki við að gera alltaf ráð fyrir jafnmikilli veikingu ef hún væri komin inn í eitthvað jafnvægis-

gengi. „Reglur og viðmið á borð við þessar þurfa að endurskoðast. Eins ef hrun yrði á hlutabréfamarkaði, þá myndum við endurskoða viðmið varðandi lækun á hlutabréfum.“ Þá segir Ragnar tilviljun ráða því að reglur Fjármálaeftirlitsins taki gildi nú í kjölfar umræðu og óróa á fjármálamarkaði. „Byrjað var að undirbúa þær fyrir áramót og þær gefnar út 17. febrúar. Svo tók reyndar óvenjulangan tíma að koma þeim til skila í Stjórnartíðindum, en það liðu nær þrjár vikur.“ Eftir stendur, segir Ragnar, að eiginfjárstaða bankanna sé sterk og prófið hafi sýnt að bankarnir myndu standast áraunina sem gert er ráð fyrir í prófinu án þess að eiginfjárlutfall þeirra færi niður fyrir lögbundið 8 prósentu lágmark. Prófið gerir ráð fyrir að fjármálafyrirtæki standist margvísleg áföll sem Fjármálaeftirlitið telur engu að síður ólíklegt að riðu yfir samtímis.

olikr@frettabladid.is

Hagnaður KEA minnkar

Hreinar rekstrartekjur Kaupfélags Eyfirðinga fyrir árið 2005 drógust saman vegna minni hagnaðar af hlutabréfum. Nam hagnaðurinn 263 milljónum króna samanborið við 1.959 milljónir króna árið 2004. Heildareignir félagsins nema 5.101 milljónum króna og skuldir og skuldbindingar 840 milljónum króna. Bókfært eigið fé er 4.261 milljónir króna og eiginfjárlutfall 84 prósent.

Á árinu seldi félagið eignarhlut

sinni í Samherja hf. fyrir rúmar 2.000 milljónir króna og jók við hlut sinn í Norðlenska matborðinu og á nú 45 prósentu hlut í félaginu. KEA keypti jafnframt 70 prósentu eignarhlut í Ásprenti Stíl ehf. og breytti skipulagi fjárfestingarstarfsemi félagsins á árinu og stofnaði í því skyni tvö dótturfélög, Hilding og Upphaf.

Félagsmenn í KEA eru 9.040 talsins í lok ársins 2005 og eiga allir jafnan hlut.

- hhs

Sögulegur hagnaður Sparisjóðs Svarfdæla

Sparisjóður Svarfdæla skilaði 403 milljóna króna hagnaði á síðasta ári en um methagnað er að ræða í sögu sparisjóðsins. Þetta er 220 milljónum króna meira en árið 2004. Arðsemi eigin fjár var 58,3 prósent á síðasta ári en var 36,4 prósent árið á undan. Eigið fé nam rúmum milljarði króna í árslok og hafði aukist um 404 milljónir eða

tæp 64 prósent á milli ára. Þá lækkuðu hreinar vaxtatekjur úr 154 milljónum í 139 milljónir króna en vaxtamunur sparisjóðsins fór úr 6,1 prósent í 3,9 prósent á sama tímabili. Aðrar rekstrartekjur námu 525 milljónum króna en eru að stærstum hluta gengishagnaður og sölughagnaður af hlutabréfum.

- jab

STARFSUMHVERFI VAKTAVINNUFÓLKS - HVERT STEFNIR?

MÁLÞING



BHM, BSRB, fjármálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni vaktavinnustarfsmanna.

Súlnasal Radisson SAS Hótel Saga. Föstudaginn 17. mars 2006 kl. 9:00-12:00

09:00 – 09:10 Málþing sett. Elsa B. Friðjónsdóttir, varaformaður BHM

09:10 – 9:20 Inngangsorð: Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM
Gunnar Björnsson skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins.

09:20 – 09:40 Breytt samfélag, breyttar þarfir: Árelia E. Guðmundsdóttir, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

09:40 – 10:40 Á vaktinni - með sveigjanlegum stöðugleika: Hildur Fjóra Antonisdóttir verkefnisstjóri frá Rannsóknastofu í vinnuvernd segir frá fyrstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var á vinnuumhverfi vaktavinnufólks.

10:40 – 10:55 Kaffihlé.

10:55-11:50 Umræður.

11:50-12:00 Lokaorð og málþingi slitið: Birgir B. Sigurjónsson skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu Reykjavíkurborgar Lh Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.

Málþingið er öllum opið og ókeypis aðgangur.

Fermingar tilboð



HP Pavilion fartölva



Vörunúmer: EK912EA

- Örgjörvi: Intel Pentium M 760, 2GHz, 533MHz
- Skjár: 14" WXGA 1280x768
- Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
- Harður diskur: 100GB 4200rpm EIDE
- Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Skjálakort: Intel Graphics Media Accelerator 900, allt að 128MB
- Fjarstýring: HP Mobile Remote og HP Quick Play media player
- Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netkort)
- Bluetooth - Mótald: 56K Mótald
- Tengir: PCCARD I/II, VGA, lás, Firewire, 3xUSB 2.0
- Mic in, 2xLine out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
- Remote Control infrarautt tengi.
- Rafhláða: 6-Cell Lithium-Ion rafhláða
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskum limmiðum
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
- Þyngd: 2.42kg - Ummál: 334 x 230 x 33 mm
- Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

HP Pavilion fartölva



Vörunúmer: et037ea

- Örgjörvi: AMD Turion 64 Mobile Processor ML-32
- Skjár: 15.4" WXGA 1280x768 High Definition BrightView
- Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
- Harður diskur: 80GB 4200rpm EIDE
- Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari, dual layer)
- Skjástýring: ATI RADEON XPRESS 200M IGP, allt að 128MB
- Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netkort)
- Mótald: 56K Mótald
- Tengir: PCCARD I/II, VGA, lás, 2xUSB 2.0, ExpressCard 34/54
- Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
- Remote Control infrarautt tengi.
- Rafhláða: 6-Cell Lithium-Ion rafhláða
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskum limmiðum
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
- Þyngd: 2.98kg
- Ummál(BDH): 263,9 x 357,8 x 44 mm
- Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

Office1
159.900.-

Office1
129.900.-

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

Office1
139.900.-

HP Pavilion borðtölva og 17"skjár



Vörunúmer: ep062aa/en623aa

Tölva

- HP Pavilion T3345.uk turn
- Ummál (BxDxH): 182mm x 434 mm x 381 mm
- Þyngd: 14 kg
- Örgjörvi: AMD Athlon64 3700+
- Vinnsluminni: 1 GB DDR SDRAM
- Harður diskur: 300 GB - Ultra DMA 7200 rpm
- Geislaskrifari: DVD±RW (+R dual layer) LightScribe
- Geisladrif: DVD-ROM
- Skjálakort: GeForce 6200se TC-256MB
- Hjóðstýring: 5.1 channel surround
- 9 í 1 minniskortalesari
- Tengir: 1 x PCI-Express (laust), 3 x PCI, 6 x USB 2.0 (2 að framan), 2 x Firewire (1 að framan), 1 x Parallel
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home Edition
- Ábyrgð: 2 ára ábyrgð

Skjár

- Stærð: 17" Pavilion vs17e TFT flatur skjár
- Upplausn: 1280x1024 60Hz
- Sjónarhorn: 140elárétt, 130elóðrétt
- Punktastærð: 0.264mm
- Birta í nits: allt að 300 nits
- Skerpa: allt að 500:1
- Viðbragðstími: 8ms (rise + fall)
- Innbyggðir hátalarar
- Anti-Glare/Anti-Static
- Plug and play
- Tengir: 15pin mini D-Sub VGA
- Ábyrgð: 1 árs fyrirtækjaábyrgð og 2 ára neytendaábyrgð
- Þyngd: 4.7 kg

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

Office1

Ferðatöskuset

Mjög góðar og vandaðar ferðatöskur frá Outback. Þrjár ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.

**Aðeins
9.990.-**
þriggja tösku sett.

Office1

Skrifborðstóll Eco
Vandaðir skrifborðstólar sem fást með svörtu, bláu eða rauðu áklæði. Stíllanlegir á 3 vegu.

**Aðeins
14.990.-**

Office1 Superstore

Afgreiðslutímar

- Office 1 Smáralind**
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
- Office 1 Skeifunni 17**
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
- Office 1 Akureyni og Ísafirði**
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
- Egilsstöðum**
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
- Vestmannaeyjum**
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

**ÓTRÚLEGT
VERÐ**

skoðun

SKOÐUN
PORSTEINN PÁLSSON

Tívolíummæli athafnamanns:

Fyrirtæki, skuldbindingar, ágóði

Í síðustu viku var haldinn fundur í Tívolí í Kaupmannahöfn á vegum Börsen Executive Club þar sem nokkrir helstu forystumenn í íslensku viðskiptalífi gerðu grein fyrir íslensku innrásinni í Danmörku, sem svo hefur verið kölluð. Fundurinn sýnist hafa vakið mikla athygli í Danmörku. Það er þessum stóru fyrirtækjum nauðsyn að gera grein fyrir máli sínu á erlendum vettvangi eins og þarna var gert. Reyndar má segja að það sé íslensku efnahagslífi mikilvægt; ekki síst í ljósi þeirrar neikvæðu umræðu, sem átt hefur sér stað erlendis um skjótan framgang þessara dugmiklu íslensku athafnamanna.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, var einn ræðumanna á þessum Tívolífundi. Hann sýnist vera í hópi snjallari yngri manna, sem haslað hefur sér völl í atvinnulífinu á allra seinustu árum. Í ræðu sinni sagði hann meðal annars, að lykilatriði væri að útiloka allar tilfinningar gagnvart fyrirtækjum sem slíkum, með því móti væri hægt að taka hagkvæmar ákvarðanir. Ummæli sem þessi verður vitaskuld að skoða í stærra samhengi og óþarfi að ætla höfundu þeirra annað en hann beinlínis hafði í huga. En það er erfitt og ástæðulaust að líta framhjá þeim og mikilvægt að reyna að draga af þeim ályktanir.

Það er mikið rétt og reyndar gömul sannindi, að mikill og ákafur tilfinningahiti getur ruglað rökvisi manna. Það á við á öllum sviðum, einnig í rekstri fyrirtækja. En hitt er jafn ljóst og byggt á jafn gamalli reynslu að mikill og algjör tilfinningakuldi getur með sama hætti ruglað rím rökvisinnar. Hér eins og oft endranær er þörf meðalhófs.

Fullyrðing forstjóra FL Group dregur þannig athygli að álítaefni, sem lýtur um margt að innviðum nútíma þjóðlífsáttátt, ekki aðeins í rekstri fyrirtækja, heldur miklu fremur í almennara og víðara samhengi. Spurningin er sú, hvort mál eru ekki einfaldlega þannig vaxin, að skortur á tilfinningalegri næmni fyrir skuldbindingum einstaklinga og hópa við uppruna sinn og umhverfi sé ekki vísir þeirrar upplausnar og agaleysis, sem einkennir í of ríkum mæli nútímanna. Getur vaxandi ofbeldi til að mynda átt rætur í þeirri staðreynd, að menn eru ekki í nægjanlega ríkum mæli næmir fyrir þeim tilfinningalegu skuldbindingum, sem allt mannlegt samfélag byggir á?

Enginn maður er eyland. Allir eiga uppruna og umhverfi, sem þeir eru skuldbundnir. Skilningur á þessari staðreynd getur ekki einasta verið forsenda hamingju heldur einnig uppspretta efnalegra gæða. Þjóðernisást var á sínum tíma aflvaki framfara. Það er liðinn tími, en í þeirri sögu er fólgin staðreynd um mannlegt eðli.

Tilfinningar starfsmanna fyrir skuldbindingum þeirra gagnvart starfsumhverfi sínu eru gjarnan ein af mikilvægustu forsendum velgengni fyrirtækjanna. En þurfa þá ekki skuldbindingar eigendanna að vera gagnkvæmar? Gilda ekki um það efni sömu lögmál og gagnkvæmni skuldbindinga almennt í mannlegum samskiptum? Á alþjóðavettvangi hafa einstök fyrirtæki og samtök þeirra lagt í vaxandi mæli áherslu á samfélagslegar skuldbindingar. Þetta er meðal annars gert til þess að stemma stigu við vaxandi opinberum reglugerðarfrumskógi. Skilningur á eðli mannlegs samfélags er í raun og veru ein af forsendum athafnafrelsis. Þegar öllu er á botninn hvolft er ekki víst að tilfinningar, skuldbindingar og ágóði séu alfarið aðskilin fyrirbæri.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ungliðar reka Kristinn

Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna rak Kristinn H. Gunnarsson úr Framsóknarflokki fyrir sitt leyti í fyrirkvöld. Stjórnin hafnar algerlega í samþykkt sinni hugmyndum hans um sameiningu Framsóknarflokks og Samfylkingarinnar. Á vefsíðu sinni hafði Kristinn reifað í löngu máli uppruna flokkakerfisins og þátt Jónasar Jónssonar frá Hríflu í stofnun Alþýðusambandsins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins árið 1916. „Jónas gæti bent á að þeir flokkar sem skilgreina sig sem félagshyggjuflokkar eigi að öðru jöfnu að vinna saman. En myndi hann telja nú þörf á tveimur flokkum eins og fyrir 90 árum,“ spyr Kristinn. - Þetta ofbauð ungum framsóknarmönnum: „Stanslausar árásir þingmannsins á eigin flokksfélagi og málefnastráfer eru fyrir margt löngu komnar út fyrir öll velsæmismörk og ekki

verður sérstök eftirsjá af Kristni þó hann hverfi úr félagaskrá Framsóknarflokksins. Vill SUF benda þingmanninum á að honum sé í lófa lagið að sameina sjálfan sig inn í Samfylkinguna og getur hann þá stundað sína pólitísku hryðjuverkastarfermi þar sem hún á heima.“

Flokkafلاك

Engin ástæða er til þess að gera lítið úr söguskýringum ungliðanna. Á haustmánuðum 1998, um hálfu ári fyrir fyrsta sameiginlega framboð Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Kvinnalistsans undir merkjum Samfylkingarinnar, sagði Kristinn H. Gunnarsson sig úr þingflokki Alþýðubandalagsins. Hann bar við atriðum í málefnastráfer flokkanna sem hann sætti sig ekki við. „Ég tel eðlilegt að stíga úr röðum þeirrar fylkingar og tala fyrir mínum

sjónarmiðum á eigin forsendum,“ sagði Kristinn og lét á sér skilja að hann ætlaði umsvifalaust í framboð. Í Morgunblaðinu 15. október þetta ár kom ekki fram í hvers nafni Kristinn hygðist bjóða sig fram. - Meðan þessu vindur fram sendir Björn Ingi Hrafnsson, efsti maður á Framsóknarlistanum í höfuðborginni, Sjálfstæðisflokknum eittraða sendingu á vefsíðu sinni. „...Par á bæ ríki nú meiri svartsýni en áður með möguleika Sjálfstæðisflokksins á að ná hreinum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.“ Því hafi þeir sett upp plan F og ætli að halla sér að F-lista Frjálslyndra, klofningsframboði úr Sjálfstæðisflokknum. Enda velfögnu á almannahylli Guðrúnar Ásmundsdóttur leikara í þriðja sæti listans áberandi í Staksteinum Morgunblaðsins.



johannh@frettabladid.is

Skuldasöfnun í samhengi

Margar skuldugustu þjóðir heims búa í Afríku og Suður-Ameríku. Erlendar skuldir Afríkulandanna nema nú um 70% af samanlagðri landsframleiðslu álfunnar og hafa haldizt stöðugar undir því marki síðan 1990. Suður-Ameríka er ekki eins skuldug. Þar nema erlendar skuldir nálægt 40% af landsframleiðslu á heildina lítið og hafa haldizt stöðugar við það mark síðan 1990. Asíulöndin skulda minnst. Þar hefur skuldahlutfallið þokazt niður á við: það var um 30% af landsframleiðslu 1991-2000 og er nú komið niður undir fjórðung. Erlendar skuldir Afríkulandanna eru að mestu leyti ríkisskuldir (80%), en skuldir Suður-Ameríku eru mestmegnis einkaskuldir (75%); Asía liggur miðsvæðis.

Hvað um Ísland? Erlendar skuldir þjóðarbúsins jukust úr 56% af landsframleiðslu í árslok 1990 upp í 100% í árslok 2000, 200% í árslok 2004 og 300% í árslok 2005. Skuldirnar stefna enn hærra, því að hallinn á viðskiptum við útlönd er enn mikill og verður mikill áfram enn um sinn samkvæmt spám fjármálaráðuneytisins svo sem jafnan fyrr. Skuldirnar skiptast þannig, að hið opinbera hefur stofnað til 6% af skuldunum, bankarnir 83% og aðrir 11%. Bankarnir njóta í reynd ríkistryggingar í þeim skilningi, að allir virðast gera ráð fyrir því, að ríkið kæmi þeim til bjargar, ef á skyldi reyna. Bankarnir hafa notið góðra lánskjara í útlöndum eftir einkavæðingu bæði fyrir eigið ágæti og vegna þessara óbeinu, undirskildu ríkisábyrgðar. Reynslan sýnir, að ríkið hleypur iðulega undir bagga með einkabönum, ef þeir komast í kröggur, því að ella yrðu of margir saklausir vegfarndur fyrir of miklum og óverðskulduðum skakkaföllum. Ríkisvaldið kys því að skakka leikinn, ef svo ber við, og dreifa skaðanum á skattgreiðendur. Þetta gerðist til

Í DAG SKULDABYRÐIN

PORVALDUR GYLFASON

Langvinn uppsveifla án verðbólgu er nýjung í íslensku efnahagslífi og virðist hafa slævt áhuga stjórnvalda á frekari umbótum í efnahagsmálum. Enn býst ríkið til að ráðast í risaframkvæmdir fyrir erlent lánsfé til að halda efnahagslífinu gangandi enn um sinn...

dæmis í Bandaríkjunum 1986-89 og á Norðurlöndum nokkru síðar. Erlendir lánardrottnar íslenskra banka hljóta að reikna með því, að ríkisstjórnin hér heima hefði sama háttinn á, ef í harðbakka slægi, þótt landslög kveði ekki lengur á um ríkisábyrgð eins og þau gerðu á fyrri tíð, þegar bankarnir voru ríkisbankar. Bankarnir eru því á bankamannamáli stundum kallaðir kerfisbankar til aðgreiningar frá ósviknum einkabönum.

Skuldabyrði þjóðarinnar hefur þyngzt til muna. Vaxtagreiðslur og afborganir af erlendum lánum námu fimmtingi af útflutningstekjum 1997, nærri helmingi 2002 og rösklega 70% 2005 (þetta er ekki prentvilla). Nú er því ekki hægt að nota nema tæpan þriðjung af útflutningstekjunum til að greiða fyrir innflutta vöru og þjónustu; afganginn þarf að taka að láni til að halda leiknum áfram. Vaxtagjöldin hækkuðu um helming í fyrra, úr 8% af útflutningstekjum 2004 í 12% 2005. Byrðin á eftir að þyngjast, ef vaxtakjör

bankanna versna á heimsmarkaði. Það á eftir að koma í ljós, hvort öllu lánsfénu hefur verið varið svo vel, að skuldunautarnir geti borið svo þungt hlass til lengdar. Margir lánatakendur virðast undarlega hirðulausir um hag sinn. Útstandandi yfirdráttarskuldir fyrirtækja og heimila í lok janúar 2006 námu 184 milljörðum króna. Þessi yfirdráttarlán bera 15% til 21% ársvexti. Það er ekki ónýtt fyrir bankana að eiga slíka viðskiptavin.

Uppsveiflan í efnahagslífinu síðan 1996 hefur að miklu leyti verið knúin áfram með erlendu lánsfé, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið 1994 ruddi braut inn í landið og lánatakendur eiga eftir að standa skil á. Innflutningur erlendis vinnuaufls í krafti sama samnings öðrum þræði kom í veg fyrir, að lánsfjárin innstreymið leiddi til mikillar verðbólgu eins og áður, en verðbólgan hefur samt langtímum saman verið yfir settu marki Sevlabankans. Langvinn uppsveifla án verðbólgu er nýjung í íslensku efnahagslífi og virðist hafa slævt áhuga stjórnvalda á frekari umbótum í efnahagsmálum. Enn býst ríkið til að ráðast í risaframkvæmdir fyrir erlent lánsfé til að halda efnahagslífinu gangandi enn um sinn, þótt áhöld séu um arðsemi framkvæmdanna.

Munstrið er kunnulegt frá fyrri tíð (og öðrum heimslásum): innstreymi lánsfjár er ætlað að örva atvinnulífið um stundarsakir, en minna er hirt um það, hvort framkvæmdirnar séu líklegar til að skila viðunandi arði og hvort skuldabyrðin verður þolanleg til langs tíma lítið. Vaxtagjöld þjóðarinnar umfram vaxtatekjur námu 4% af landsframleiðslu í fyrra (2005). Þessi hluti viðskiptahallans er viðvarandi. Slagsíðan mun aukast á næstu árum, ef vextir hækka úti í heimi.

EFST Í HUGA: SVEIFLUR Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Auður Haralds rithöfundur Hinnir ríku gráta líka

Ég spái nú ekki í þessum fjármálaheimi, þannig ég læt það vera að lýsa yfir áhyggjum á þessu máli. Ég hef heldur ekkert verið að spyrja fólk í kringum mig hvort það sé



uggandi yfir stöðunni. Fólk-ið sem ég þekki er allt svo fátækt að þetta er ekki mál sem snertir það djúpt. Það er svolítið eins og einn ráðherrann

okkar sagði: Þeir sem lítið hafa finna ekki fyrir því að hafa minna milli handanna eins og þeir sem eru ríkir. Það er því kannski meiri ástæða til að hafa áhyggjur á hinum ríku þessa dagana. Mér skilst að þeir gráti líka. Franska skáldkonan Francois Sagan sagði eitt sinn að það væri auðveldara að gráta í Jagúar en í strætó. Ætli það sé ekki tilfellið.

Ingólfur H. Ingólfsson félagsfræðingur

Skýr markmið eru lykillinn. Ég hef ekki miklar áhyggjur. Sveiflur eru eðlilegar á fjármála-markaði. Hefðirðu spurt mig fyrir hálfum mánuði hvort ég væri órólegur yfir gegndarlausum hækkunum hefði ég kannski svarað játandi, en þessi lækking á Úrvalsvisitölnni róaði mig aðeins því hún er eðlileg. Það gerist oft á

þessum markaði að menn bregðast of harkalega við. Menn vilja meina að það séu helst smáfjárfestar, sem hafa ekki skýra strategíu eða markmið, sem fara á taugum þegar eitthvað svona kemur upp á og selja allt. Svo jafnar markaðurinn sig og menn ná áttum og aðrir klókari koma inn á markaðinn þegar hann er lágur. Ég hef mín markmið og á meðan sveiflurnar eru innan eðlilegra marka sef ég rólegur.



MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egiðsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson FRÉTTASTJÓRI: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ORMSSON

Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson er flutt í **Síðumúla 9**

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900

Fangaðu augnablikið!

OLYMPUS®

YOUR VISION, OUR FUTURE

Verðlækkun á frábærum myndavélum!



TILBOÐ:
Kr. 24.900

MJU700

Mju 700 all weather
7,1 milljón pixlar
3 x optical aðdráttur (35-105 mm)
5 x stafrænn aðdráttur
Val á milli 23 programstillingar
2,5" LCD skjár
Tekur upp myndskjafi (video) með hjóði
Innbyggð 19,1Mb minni
Notar XD minnskort
Þyngd: 103



TILBOÐ:
Kr. 21.900

MJU 600 all weather

6,0 milljón punktar
• 3 x Optical aðdráttur (35-105mm)
• 5 x stafrænn aðdráttur
• Val á milli 23 programstillinga
• Innbyggð fläss, val á milli 3 stillinga
• 2,5" LCD skjár með BrightCapture
• Quicktime videotaka með hjóði
• Innbyggð 8 mb minni
• Notar Lithium rafhlöðu
• Þyngd 128g



FE115

5,0 milljón pixlar
• 2,8 x aðdráttur (38-106mm)
• 4 x stafrænn aðdráttur
• Val á milli 5 programstillinga
• Tekur upp myndskjafi (video) án hjóðs
• Innbyggð 28mb minni
• Notar XD minnskort
• Þyngd 140 gr
• Notar AA rafhlöður.

TILBOÐ:
Kr. 12.900

með tösku og hleðslutæki og hleðslurafhlöðum



SP-700

6,0 milljón punktar
• 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
• 10 x stafrænn aðdráttur
• Val á milli 24 programstillinga
• Innbyggð fläss, val á milli 3 stillinga
• 3" LCD skjár
• Hreyfimyndataka með hjóði
• Notar XD minnskort
• Innbyggð 11 mb minni
• Camedia Master forrit
• Þyngd 140g

Kr. 29.900



SP-500 UZ

6,0 milljón punktar
• 10 x Optical aðdráttur (38-380mm)
• 5 x stafrænn aðdráttur
• 2,5" LCD skjár
• Val á milli 6 programstillinga og 3 manual stillinga
• Quicktime videotaka með hjóði
• Innbyggð 10 mb minni
• Notar AA rafhlöður
• Þyngd 285g

TILBOÐ:
Kr. 29.900



Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir varðandi verð og gæði - við uppfylfum þær!

Nikon



E-500

8,0 milljón punktar (Full frame transfer CCD)
• SLR
• Skiptanleg linsa
• 2,5" LCD skjár
• Innbyggð fläss, sæti fyrir auka fläss
• 20 minsmunandi programstillingar
• Mögulegt að nota Olympus linsur OM (með millihring)
• Notar bæði Compactflash og Xd kort
• Líttasta stafræna SLR myndavélin á markaðinum í dag aðeins 270gr án rafhlöðu og linsu
• Tvær linsur fylgja með, 14-45mm (35-90mm) og 40-150mm (80-300mm)

TILBOÐ:
Kr. 69.900



TILBOÐ:
Kr. 114.900

D-70S

6,1 milljón punktar
• SLR
• 3008x2000 upplausn
• Skiptanleg linsa
• Innbyggð fläss
• Program og manual stillingar
• Linsa: DX 18-70mm
• Þyngd 600g án linsu

Kr. 139.900



TILBOÐ:
Kr. 36.900

COOLPIX 7900

7,1 milljón punktar
• 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
• 4 x stafrænn aðdráttur
• Val á milli 16 programstillinga, D-ligting og Face-priority AF
• Innbyggð fläss með In Camera red-eye fix
• 2,0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
• Quicktime videotaka með hjóði og hristivörn á aðdrætti
• Hægt að nota sem diktafon
• Þyngd 150g

Kr. 48.900



Besta stafræna smávélin 2005



TILBOÐ:
Kr. 39.900

COOLPIX P1

8,0 milljón punktar
• Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
• 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
• 4 x stafrænn aðdráttur
• Ljósop f/ 2,7-5,2
• Val á milli 19 programstillinga
• Innbyggð fläss með In Camera red-eye fix
• 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
• Quicktime videotaka
• Innbyggð 32 mb minni
• Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
• Hleðslutæki
• Þyngd 170 g

Kr. 49.900



COOLPIX P2

5,0 milljón punktar
• Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
• 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
• 4 x stafrænn aðdráttur
• Ljósop f/ 2,7-5,2
• Val á milli 19 programstillinga
• Innbyggð fläss með In Camera red-eye fix
• 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
• Quicktime videotaka
• Innbyggð 16mb minni
• Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/190 myndir
• Hleðslutæki
• Þyngd 170g

Kr. 39.900
TILBOÐ:
Kr. 28.900



D-50

6,1 milljón punktar
• Digital SLR
• 3008x2000 upplausn
• Skiptanleg linsa
• Innbyggð fläss
• Program og manual stillingar
• Linsa: DX 18-55mm
• Þyngd 540g án linsu

Kr. 99.900

TILBOÐ:
Kr. 84.900



L1

6,2 milljón punktar
• 5 x aðdráttur (38-19mm)
• 4 x stafrænn aðdráttur
• Val á milli 15 programstillinga
• Innbyggð fläss, val á milli 3 stillinga
• 2,5" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
• Hreyfimyndataka með hjóði
• Innbyggð 10 mb minni
• Notar AA rafhlöður
• Hleðslutæki, hleðslurafhlöður
• Þyngd 180 g

TILBOÐ:
Kr. 23.900



S4

6,0 milljón punktar
• Með snúningshaus
• 10 x aðdráttur í linsu (38-380mm)
• 4 x stafrænn aðdráttur
• Val á milli 15 programstillinga
• Innbyggð fläss, val á milli 5 stillinga
• 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
• Quicktime videooptaka með hjóði
• Notar AA rafhlöðu
• Þyngd 205g

Kr. 49.900
TILBOÐ:
Kr. 29.900



Eyrafarvegur 32, 800 Selfossi, sími 480 1160



Hafnar götu 25, Reykjanesbæ, sími 411 1535



FLÓTUM 29, VESTMANNAEYJUM



Stílholti 16-18, Akranes
Sími 431 3333, model.ak@simnet.is



FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000



STAFRÆN FRAMKÖLLUN
Suðurlandsbraut 52, sími 588 3700



Garðsbraut 9, Húsavík, Sími 464 1234, husavik@husavik.is

Að forðast erfðabreytt matvæli

UMRÆÐAN
ERFÐABREYTT
MATVÆLI



SANDRA B. JÓNSDÓTTIR

Bandaríkin og Kanada framleiða megnið af eb-matvælum á heimsmarkaði, en hvorugt ríkið krefst merkinga á þeim. Þetta veldur íslenskum neytendum vandræðum.

Ef matvara er framleidd í Norður-Ameríku er vel hugsanlegt að hún innihaldi erfðabreytt efni. Nýleg könnun IGM-Gallup bendir til þess að 90 prósent Íslendinga vilji að erfðabreytt matvæli séu merkt. Ísland er aðili að EES og ber að hlíta reglugerðum ESB um eb-matvæli. Samt hafa stjórnvöld ekki tekið upp neinar þær gerðir ESB sem kveða á um þetta (nr. 258/1997, 1139/1998 og 1829/2003). Noregur er einnig í EES en hefur sýnt neytendum meiri ábyrgð. Auk 25 ríkja ESB hefur Noregur sett lög sem krefjast merkinga eb-matvæla. Mörg önnur ríki hafa sett slíkar reglur – þar með talin Sviss, Rússland, Kína, Japan, Suður-Kórea, Indónesía, Ástralía, Nýja-Sjáland og Brasilía, og meira að segja Hvíta-Rússland, sem stundum er nefnt síðasta einræðisríki álfunnar. Hvað segir það um Ísland, sem telur sig tilheyrja Evrópu og gumar af elsta löggjafarþingi heims, að það skuli ekki tryggja neytendum frelsi til að velja sér og sínum matvæli?

Matvæli frá Evrópu og Ameríku

Ágæt leið til að forðast eb-matvæli er að velja vörur frá Evrópu, því öll eb-matvæli (og fóður) frá löndum ESB eru merkt. Íslenskir neytendur geta að því leyti treyst matvælum frá ESB, ekki aðeins vegna þess að þau eru merkt, heldur líka vegna þess að mjög fáar vörur eru framleiddar í Evrópu með eb-efnum. Fyrirtæki framleiða ekki eb-matvæli og verslanir bjóða ekki upp á þau vegna þess að Evrópubúar vilja ekki neyta slíkra afurða.

Bandaríkin og Kanada framleiða megnið af eb-matvælum á heimsmarkaði, en hvorugt ríkið krefst merkinga á þeim. Þetta veldur íslenskum neytendum vandræðum. Fjöldi stórmarkaða og matvöruverslana hér á landi selur matvæli sem framleidd eru í þessum löndum. Stór hluti þessara afurða kann að innihalda eb-efni, en neytendur geta ekki sneitt hjá þeim vegna þess að þau eru ekki merkt. Neytendum til upplýsingar þá eru flestar eb-vörur unnar afurðir, þ.e. matvæli seld í öskjum, pökkum, dósnum eða flöskum. Þeir sem kaupa unnar matvörur geta kíkt eftir upprunalandi á umbúðum, og sé varan framleidd í N-Ameríku er vel hugsanlegt að hún innihaldi erfðabreytt efni. Þeir sem kaupa matvæli framleidd í N-Ameríku geta sneitt hjá vörum með eb-efnum með því að kaupa lífrænt framleiddar vörur, eða með því að kíkja á innkaupalista á borð við „The True Food Network“.

Innkaupalisti

Íslenskir neytendur (og innflytjendur og verslanir) sem forðast vilja eb-matvæli geta haft gagn af því að skoða þennan bandaríska vörulista. Hann tilgreinir flokka þarlandra afurða sem innihalda eb-efni og sambærilegar afurðir sem

ekki innihalda eb-efni. Hér eru nokkur dæmi úr vörulistanum um matvæli með eb-efnum sem vel er hugsanlegt að finna megi í hillum íslenskra verslana:

Barnamatur (frá Nestlé, Mead Johnson, Abbot Labs; bökunarböndur (frá Betty Crocker, Aunt Jermina, Jiffy, Bisquick); morgunkorn (from Kelloggs, General Mills, Quaker); kex og smurkex (frá Keebler, Nabisco, Waverly); skyndifæði á borð við Tacoflögur, poppkorn og kartöflufögur (frá Quaker, Lay, Pringles); tilbúnir frystir réttir og pizzur (frá Kraft/Phillip Morris, Aurora Foods, Pillsbury); gosdrykkir (frá Coca Cola, Cadbury/Schweppes, PepsiCo); ávaxtasafar (frá Ocean Spray, Campbells, Coca Cola); tómatsósa (frá Heinz, Hunts); grillsósur og chilli-sósur (frá Kraft, Nabisco); súkkulaði (frá Hershey's, Cadbury, Mars, Nestlé); súpur (frá Campbell's); sósur í pökkum (frá Knorr). (Sjá heimasíðuna www.trufoodnow.org/shoppersguide/.)

Erfðabreytt ferskvara á íslenskum markaði?

Hingað til hafa engir eb-ávextir, grænmeti, fiskur, kjöt eða kjúlingar verið á markaði í Evrópu. Hinsvegar eru þrjár tegundir eb-grænmetis framleiddar í Bandaríkjunum, sem kunna að sjást í grænmetisborðum íslenskra verslana: Hawaiísk papaya (melónutré), zucchini (graskersafbrigði) og gult squash (graskerstegund).

Öruggasta leiðin til að forðast neyslu erfðabreyttra matvæla er að neyta lífrænna afurða. Reglur um lífræna framleiðslu eru samhljóða um allan heim þess efnis, að notkun erfðabreyttra efna er bönnuð.

Höfundur er sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Hún snýst nú samt

UMRÆÐAN
EINHLIÐA UPP-
TAKA EVRU



FRÍÐRIK ARNGRÍMSSON
FORMAÐUR LIÚ

Stjórnendur og eigendur vel rekinn fyrirtækja sem sjá eigið fé þeirra brenna upp, þurfa að segja upp fólki, draga úr starfsemi, flytja hana úr landi, eða sjá í versta falli fram á gjaldþrot, lifa einfaldlega í öðrum heimi en þeir sem segja að allt sé í himnalagi.

Hin frægu orð Galileo Galilei „Hún snýst nú samt“ komu í huga mér þegar ég las Staksteina Morgunblaðsins 11. mars sl. Þar veittist blaðið að Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra á afar smekklusan hátt.

Ástæðan var sú að ráðherrann reifaði möguleika á að við Íslendingar tækjum upp evru eða tengdum gengi krónunnar við gengi evrunnar. Að mati Valgerðar eru fjórir kostir í stöðunni: 1) Að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu, 2) að Ísland gerist fullgildur aðili að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU) án aðildar að ESB, 3) að Ísland semji sérstaklega um upptöku evrunnar án fullrar aðildar að EMU eða ESB, 4) að Ísland tengi gengi krónunnar við gengi evrunnar.

Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og iðnaði, hafa liðið fyrir allt of sterkt gengi krónunnar. Þá hafa miklar sveiflur á gengi krónunnar á undanföllum árum gert fyrirtækjunum erfitt fyrir.

Helstu rökin fyrir því að við höldum sjálfstæðum gjaldmiðli eru þau að ella misstum við mikilvægt hagstjórnartæki. Það geti verið afar slæmt enda geti hags-

veiflan hér verið allt önnur en á evrusvæðinu. Þegar stjórnvöld ákveða stærstu framkvæmdir Íslandssögnum án þess að grípa til nauðsynlegra mótvægiságerða, gera breytingar á húsnæðislánakerfinu með þeim fyrirsjáanlegu afleiðingum að þensla eykst mikið, hækka stýrivexti sem virkar aðeins á lítinn hluta markaðarins en leiðir til spákaupmennsku með gríðarlegri útgáfu útlendinga á skuldabréfum í íslenskum krónum, sem hefur ekkert með íslenskt efnahagslíf eða íslenska hagsveiflu að gera, en styrkir krónuna úr hófi og leiðir til aukinnar neyslu, enn meiri þenslu og stórfellds viðskiptahalla, þá er eðlilegt að velta öllum möguleikum fyrir sér.

Stjórnendur og eigendur vel rekinn fyrirtækja sem sjá eigið fé þeirra brenna upp, þurfa að segja upp fólki, draga úr starfsemi, flytja hana úr landi, eða sjá í versta falli fram á gjaldþrot, lifa einfaldlega í öðrum heimi en þeir sem segja að allt sé í himnalagi.

Þessir aðilar fagna því að iðnaðar- og viðskiptaráðherra vill skoða alla möguleika. Ég hvet ráðherrann til bæta við fimmta möguleikanum sem er að taka upp evru einhliða án samninga við Evrópusambandið. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því sýnisti okkur það skynsamlegt. Við eigum þær evrur sem við þurfum m.a.s. til. Þó að ýmsir tali um að það sé ekki trúverðugur kostur þar sem alltaf sé möguleiki á að snúa til baka, þá er trúverðugleiki krónunnar, sem líka má leggja af, minni. Það er öllum ljóst að það að taka upp evru er ekki lausn á öllum okkar vanda. Það eru sveiflur milli gengis evrunnar og annarra mynta sem við seljum í og vaxtaákvörðunartækið getur verið mikilvægt ef því er rétt beitt með öðrum hagstjórnartækjum.

Við eigum ekki að kippa okkur upp við skæting Staksteina Morgunblaðsins í þessu máli heldur feta slóð þess manns sem oft er nefndur „faðir vísindanna“ og skoða alla möguleika fordómalaust og með opnum huga. ■



Peim var nær

Það er ekki óalgengt að frjálslýndir jafnaðarmenn eigi erfitt með að sjá hvað á að vera frjálslýnt við stefnu frjálshyggjumanna. Þeir vilja meina að það sé sjálfkrafa samasemmerki á milli kapitalisma og einstaklingsfrelsis, og hafa ekki upp á neinar lausnir að bjóða fyrir fólk sem er fátækt, háð fíkniefnum eða hefur á einhvern hátt orðið undir í lífinu. Lausn þeirra er einföld, líkt og hugmyndafræði þeirra. Hún er að segja einfaldlega: „Peim var nær.“ Getuleysi þeirra til þess að setja sig í spor annarra er algert.

Hildur Edda Einarsdóttir á politik.is

Að segja það sem skiptir ekki máli

Það er engu líkara en að vestrænum fjölmiðlum (ég meina íslenskum) sé mest umhugað um málfrelsið þegar það snýst um rétt til að segja það sem skiptir ekki máli – eða hvað er þetta tjáningarfrelsi? Haukur Már Helgason notar tjáningarfrelsi sitt til að díska Sjón og Egil Helgason og það getur svosem verið ágætt mín vegna þótt ég sjái ekki alveg pointið með því. Oddný Eir Ævarsdóttir vonast eftir annars konar samræðu, nýju ónæmiskerfi andstöðunnar. Sjón, muni ég rétt, stóð fast á tjáningarfrelsinu og helgi þess, jafnvel þótt það sé notað í vitleysu, og ég tek undir það. Það er bara eins og tjáningarfrelsið sé helst haft í hávegum þegar kemur að réttinum til að segja eitthvað sem engu skiptir.

Hermann Stefánsson á kistan.is

Jóhanna og hinir

Næstur tók til máls Björgvin G. Sigurðsson þingmaður Samfylkingarinnar og talaði um flest annað em fundarstjórn forseta þrátt fyrir að hafa kvatt sér hljóðs undir þeim lið. Forseti ítrekaði þá áminningu sína um að þingmenn ræddu það sem þeir hefðu kvatt sér hljóðs um. Þetta var ekki í síðasta skiptið í umræðunni sem forseti neyddist til að áminna þingmenn stjórnarandstöðunnar um að ræða einungis um fundarskóp forseta undir þeim lið, því að Einar Már Sigurðarson þingmaður Samfylkingarinnar kaus einnig að fara út fyrir umræðuefnið.

Ög það er ekki eins og ítrekaðar áminningar til þingmanna Samfylkingarinnar um að halda sig við þingskóp hafi stafað af því að í forsetastólnum hafi setið þingmaður stjórnarflokkanna. Nei, í forsetastólnum sat Jóhanna Sigurðardóttir og var – eins og von er – augljóslega nóg boðið vegna vinnubragða félaga sinna í þingflokki Samfylkingarinnar.

Vefþjóðviljinn á andriki.is

X-DF

Af lestri Staksteina Morgunblaðsins sl. sunnudag má ráða að þar á bæ ríki nú meiri svartsýni en áður með möguleika Sjálfstæðisflokksins á að ná hreinum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. [...] Erfitt er að ráða annað af því mæðarlega lofi sem fram kom í Staksteinum um framboðslista Frjálslynda flokksins, sem er eins og menn vita klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum. Einkum er það ágætur frambjóðandi í 3ja sæti F-listans sem ritstjórnir hefur dálæti á.

Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is

**15% AFSLÁTTUR
AF BÍLALEIGUBÍLUM**



Bókaðu bíl með Avis í mars, borgaðu með VISA og þú færð 15% afslátt í Evrópu og USA

VISA

Farðu inná www.avis.is og tryggðu þér bestu kjör eða hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 591 4000

We try harder.

Við leggjum okkur fram

AVIS

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

Tilboðsverð **12.999 kr.**

Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is

Umboðsmenn um land allt



Fljótverkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plasti, stæðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir pósfangamiðar

At your side. **brother QL-550**



Efling-stéttarfélag auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar stjórnar félagsins.

Tillögur skulu vera um 9 stjórnarmenn og skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. gr. laga félagsins.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með fimmtudeginum 16. mars 2006.

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12.00 á hádegi 24. mars nk.

Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags

Nýjung!

Hef opnað einkarekna hjúkrunarráðgjöf fyrir sykursjúka sem eru á insúlíni (pennum eða insúlíndælum).



Linda Hrönn Eggertsdóttir
hjúkrunarfræðingur.
Certificated Insulinpump trainer.

Móttaka opin frá 8-17:00
mánud.- fimmtud.

Tímamantanir í síma
663-4328 kl. 12-13:30.

Betri blóðsykurstjórn – bætt líðan

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2006, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. mars 2006 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2006, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, iðgjaldi í Lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi og álögdum þing- og sveitarstjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldrafra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athugi skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagskostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2006.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn í Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Gjaldheimta Vestfjarða
Gjaldheimta Austurlands
Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum

Sölusýning – að Seljabraut 54 – í dag milli 5 og 7

sölumenn verða á staðnum og taka á móti gestum

milljón út og innan við 50 þúsund á mán.*
10 glæsilegar stúdíóíbúðir í Breiðholti

- hagstæðara en að leigja



Nýjar, fullbúnar íbúðir með séringangi, tilbúnar til afhendingar. Íbúðirnar eru bjartar með stórum gluggum. Þær verða afhentar með vönduðum innréttingum, öllum gólfefnum og flisalögn á baði. Íbúðirnar eru u.þ.b. 45 fm að stærð, innifalið 11 fm svefnloft.

Verð frá 11,6 millj.

* háð lánshæfismati frá bankastofnun



-tákn um traust

Franz Jezorski lögg.fasteignasali

595 9050

Skúlagötu 17 | www.holl.is | holl@holl.is

Helgar - sprengja

***Er búið að mála
fyrir páskana?***

**Nýtt
kortatímabil**

**Fimmtudag
til sunnudags**

Lágmark
40%
afsláttur



af allri innimálningu

30%
afsláttur



af öllum málningarverkfærum




HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

CHARLES DARWIN (1809-1881)
LÉST PENNAN DAG

„Vísindamaður á ekki að eiga sér neinar óskir, enga ástríðu – einungis ómengað hjarta úr steini.“

Charles Darwin þekktur flestir enda höfundur þróunarkenningunnar.



PETTA GERÐIST > 16. MARS 1983

Reykvíkingar eignast Viðey

Pennan dag árið 1983 náðust samningar milli eigenda Viðeyjar og Reykjavíkurborgar um kaup borgarinnar á eyjunni. Frá 1959 hafði enginn ábúandi verið í Viðey en saga eyjarinnar er mjög samofin sögu þjóðarinnar og Reykjavíkurborgar.

Líklegt er talið að fólk hafi sest að í Viðey stuttu eftir landnám. Klaustur þrýddi eyjuna frá 1225 til 1550 þegar það lagðist af eftir átök í kring um siðaskiptin.

Ráðist var í smíði Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju um miðja átjándu öld þegar efla átti íslenskan atvinnuveg. Árið 1817 keypti svo Magnús Stephensen Viðey og rak þar myndarlegan búskap. Hann var stórhuga, enda einn mesti valdamaður þjóðarinnar á þessum tíma, og



VIÐEYJARKIRKJA OG VIÐEYJARSTOFA

flutti meðal annars prentsmíðju til eyjarinnar.

Frá upphafi síðustu aldar var rekinn stórbúskapur og í Viðey síðar var þar umfangsmikil uppskipunarhöfn. Þá hafði myndast allt að hundrað manna þorp í eyinni en eftir að atvinnu hætti að finna þar árið 1931 fækkaði fólk mjög og þorpið

komst í eyði árið 1943. Síðasti ábúandinn, sá er bjó í Viðeyjarstofu, yfirgaf Viðey árið 1959.

Endurbótum á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju lauk árið 1988 en tveimur árum áður hafði Íslenska ríkið hafði gefið borginni húsin í Viðey á tvö hundruð ára afmæli hennar. Nú hefur Borgarminjavörður - Minjarsafn Reykjavíkur umsjón með Viðey.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

ANLÁT

Jón Ólafur Halldórsson, Birkiholti 4, Bessastaðahreppi, lést þriðjudaginn 14. mars.

Guðmundur Kr. Björnsson (Deddi) lést í Kaupmannahöfn mánudaginn 13. febrúar.

Guðrún Guðmundsdóttir, Kirkjubraut 58, Akranesi, lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 11. mars.

Einar Loftson, frá Neðra-Seli, Landsveit, síðast til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi laugardaginn 25. febrúar.

JARÐARFARIR

13.00 **Unnur Þórðardóttir**, Bröttuhlíð 4, Hveragerði, verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Ágúst Helgason**, húsgagnabólstrari, síðast til heimilis á hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsönginn frá Lágafellskirkju, Mosfellsbæ.

15.00 **Sigríður Erlendsdóttir**, Hæðargarði 33, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Kolbrún Diego**, Bergþórugötu 3, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Frikirkjunni í Reykjavík.

AFMÆLI

Páll M Stefánsson læknir er 57 ára.

Rannveig Pálsdóttir læknir er 54 ára.

Unnur Dís Skaptadóttir dósent er 47 ára.

Páll Óskar Hjalmtýsson tónlistarmaður er 36 ára.



REYNIR TÓMAS GEIRSSON Fagnar mjög nýju bóluefni gegn leghálskrabbameini sem hann telur vera mikil tímamót í krabbameinsleit kvenna. Í framtíðinni vonast hann til að þorri kvenna þurfi ekki að fara eins oft í leghálskoðun og áður hefur verið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

REYNIR TÓMAS GEIRSSON PRÓFESSOR: BÓLUEFNI GEGN LEGHÁLSKRABBAMEINI

Kollvarpar krabbameinsleit

Í vikunni bárust fréttir um að íslenskt lyfjainnflutningsfyrirtæki hygðist fá leyfi til að setja á markað nýtt bóluefni gegn leghálskrabbameini. Bóluefnið verður fólk gegn algengustu tegundum af svokallaðri hpv-vírusýkingu sem er talin valda um sjötíu prósentum leghálskrabbameins.

„Ég held að það sem er að gerast séu tímamót í sambandi við krabbamein hjá konum,“ segir Reynir Tómas, prófessor og yfirlæknir á kvennasviði Landspítalans. Að hans sögn er leghálskrabbamein eitt af algengustu krabbameinum kvenna á heimsvísu en hérna heima hefur tekist að halda því niðri með vel skipulagðri krabbameinsleit. „Örfáar konur fá leghálskrabbamein hér á Íslandi en þær sem deyja má telja á fingrum annarrar handar. Það eru oftast konur sem hafa ekki farið í krabbameinsleit,“ segir Reynir Tómas. Á Íslandi greinist þó mikill fjöldi kvenna með forstigsbreytingar leghálskrabbameins og um þrjú hundruð þurfa að fara í svokallaðan keiluskurð á ári til að fá þær fjarlægðar.

„Ef okkur tekst að bólusetja fyrir helstu stofnum þessarar vörtuveiru

sem virðist vera meginorsakavaldar í leghálskrabbameini þá kemur krabbameinsskoðun til með að breytast,“ segir Reynir Tómas. „Við munum geta gert færri skoðanir með lengra milli-bili á fyrstu árum eftir að kona hefur hafið samfarir og við munum geta hætt að taka sýni og gera krabbameinsskoðanir fyrir en hefur verið gert til þessa,“ bætir hann við. „Bólu-efnið er það gott að það mun hugsanlega koma í veg fyrir yfir 70 prósent tilvika af leghálskrabbameini. Veiran mun einfaldlega ekki ná að smita konurnar. Í framtíðinni verða því mun færri konur með forstigsbreytingar og ífarandi krabbamein og við eyðum minna af því sem þjóðfélagið setur í heilbrigðismálin í þessar forvarnir,“ segir hann.

„Þar að auki er ný tækni að ryðja sér til rúms í greiningu veirusýkinganna,“ segir Reynir Tómas en sú tækni miðar að því að finna kjarnaeggjahvíttuefni veirunnar í stað þess að leita aðeins að frumubreytingum eins og verið hefur hingað til. „Ef við getum byrjað á því að bólusetja og gert svo eina krabbameinsskoðun um tuttugu

ára aldur getum við valið út meiripart kvenna sem eru ekki sýktar og þær geta farið í eftirlit mun sjaldnar en verið er að gera í dag,“ bætir hann við. „Þá stöndum við eftir með minnihluta-hóp kvenna sem ekki hafa verið bólusettar eða hafa sýkt af þeim HPV-veirutegundum sem bóluefnið nær ekki til og aðeins þeim konum þarf að fylgja betur eftir með hefðbundnum frumusýnum úr krabbameinsskoðun.“

Bóluefnið verður því mikil bylting ef vel tekst til með útbreiðslu þess. „Ekki má gleyma að bólusetja strákana líka því þeir eru líka með veiruna og smita hana við kynmök til stelpnanna,“ segir Reynir Tómas. Hann slær þó varnagla við of mikilli bjartsýni og segir að ólíklegt sé að hægt verði að finna mótefni gegn öllum tegundum veirunnar. „Við verðum aldrei með hundrað prósent möguleika á að útrýma leghálskrabbameini,“ segir Sigurður, „en bóluefnið þýðir að þorri kvenna verður nokkuð vel varður.“ Það gæti þó tekið fimm til tíu ár þar til gagnsemi bóluefnisins er komin endanlega í ljós og breytinga má vænta á krabbameinsskoðuninni.



Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafáðir, afi og sonur,

Smári Hlíðar Baldvinsson
Borg, Reykhólahreppi,

sem lést aðfaranótt 10. mars, verður jarðsönginn frá Reykhólakirkju laugardaginn 18. mars kl. 14.00.

Margrét H. Brynjólfssdóttir og fjölskylda.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns og föður okkar,

Guðmundur Guðmundssonar
Hlíf II, Ísafirði.

Guð blessi ykkur öll.

Fyrir hönd annarra vandamanna,

Rebekka Jónsdóttir og börn.



Elskulegur faðir okkar,
Sólun Lárusson
járnsmíður og fyrrverandi kennari,

andaðist 9. mars á Hrafnistu í Reykjavík. Jarðarförin auglýst síðar.

Ragnar
Gísli Gréтар
Nella
Einar
Theodor Sólonsbörn.

Tívolítölur gefnar börnum

Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, fékk kennsluforritið Stærðfræðisnillingar – Tívolítölur að gjöf frá KB banka. Gaf bankinn tvö hundruð eintök af forritinu sem Umhyggja hyggst dreifa til veikra barna sem tengjast félaginu.

Tölvuleikurinn er spánýr og ætlaður börnum eldri en fimm ára til að þau geti á skemmtilegan hátt kynnt



UMHYGGJA Tekur við tölvuleikjum.

grundvallarþáttum stærðfræðinnar. Að sögn Rögnu K. Marinósdóttur, sem er

framkvæmdastjóri Umhyggju, munu mörg börn grípa tækifærið með fegins-

hendi til að bregða á leik en bæta sér um leið upp fjarveru úr skóla vegna veikinda sinna.

Á myndinni afhendir Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs KB banka, Rögnu tölvudiskana við hátíðlega athöfn. Með þeim á myndinni eru Valdís Guðlaugsdóttir frá markaðsdeild KB banka og Ágúst Hrafnkels-son, formaður Umhyggju. ■

Kringlukast



Dömskór
7.995 kr. - verð áður
4.995 kr. - verð nú



Dömu sandalar
4.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú



Dömu sandalar
4.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú



Dömu sandalar
4.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú



Herraskór
5.995 kr. - fráþættverð



Dömu og herra sandalar
4.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú



Barnaskór
3.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú



Dömskór
7.995 kr. - verð áður
4.995 kr. - verð nú



Herraskór
5.995 kr. - fráþættverð



Dömu og herra sandalar
4.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú



Barnaskór
3.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú

LLOYD



PETER KAISER

eCCO®

Mary B

ZINDA

*KRINGLUKAST ER EINUNGIS Í KRINGLUNNI

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN

ECCOES OF THE WORLD



Kringlukast



Dömskór
9.995 kr. - verð áður
5.995 kr. - verð nú



Dömskór
8.995 kr. - verð áður
6.995 kr. - verð nú



Herraskór
8.995 kr. - verð áður
6.995 kr. - verð nú



Herraskór
12.995 kr. - verð áður
9.995 kr. - verð nú

*KRINGLUKAST ER EINUNGIS Í KRINGLUNNI

eCCO®
KRINGLAN

Kringlukast



Dömskór
4.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú



Dömskór
3.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú



Barnaskór
3.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú



Dömskór
4.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú



Strigaskór
2.995 kr. - verð áður
1.995 kr. - verð nú



Herraskór
4.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú



Strigaskór
3.995 kr. - verð áður
2.995 kr. - verð nú

**Eurosko Kringlan
568 6211**

EURO SKO

Vectavir krem er áhrifarkít lyf til meðferðar á frónu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunar frá stingi eða æðasláttur til blöðru. Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frónusvæðið á 2 kist fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að fróna komi fram við ofreynslu, kvef eða infleusnu eða í mikilli sóli (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famciclovir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frónan hraðar, verkir minnka og smíttimi stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefuóinn og nefdroparnir innihalda xylometasólin sem vinnur gegn bógu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bógu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 kist. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. eringu í símhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sóthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á eringu. Venjulega er ein tafla látn leysast hægt upp í munni á 2-3 kist fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sam heitan drykk. Notkun lyfisins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsgostöflur, sem eru í hengtugum þynnupakningum. Hverri pakningu fylgja viðburkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfisins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo (diklófenak káilum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpinu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeiðugamarsár eða skerta lífrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íbuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leið ráða læknis eða lyfjafraðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

KVEF?



NEFÚÐI



FRUNSUKREM



VERKJALYF



HÁLSTÖFLUR

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Krínglunni 1.hæð · Krínglunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

STUÐ MILLI STRÍÐA Nafnabreytingar

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR EÐA KANNSKI CHRISTINE EVE?



Hér á landi berum við flest nöfn sem útlendingar eiga erfitt með að bera fram, sem hefur orðið til þess að Íslendingar sem leita fyrir sér erlendis hafa brugðið á það ráð að skipta um nafn. Þannig kallaði Björgvin Halldórsson sig Bo Hall þegar hann reyndi að slá í gegn í útlöndum og Sálin hans Jóns míns hélt til Englands undir nafninu The Beaten Bishops. Reyndar var það nafn alveg hrikaleg misheppnað, þar sem talað er um „beating the bishop“ í merkingunni að fróa sér. Hefði því verið nær að hljómsveitin Sjálf-fróun, sem var og hét, hefði haldið

erlendis með þetta nafn. Íslenskar hljómsveitir hafa þó lært sína lexíu og höfðu Björk og Sigurrós til dæmis ekkert fyrir því að gera nöfnin sín framburðarvænni fyrir útlendinga. Ekki virðist sú ákvörðin hafa skipt sköpum og enda skiptir nafnið kannski ekki eins miklu máli og menn vilja meina.

Íslandsbanki hefur nú fetað í fótspor Sálarinnar og skipt um nafn til þess að heilla útlendingana, og heitir nú Glitnir. Orðið á að vera auðvelt í framburði hvar sem er í heiminum, og vísar það til norrænnar goðafræði, eitthvað sem allir í heiminum munu samstundis átta sig á. Eða hvað? Glitnir var salur í Valhöll þar sem Forseti átti sér bústað. Kannski mun banka-

stjóri Íslandsbanka, Bjarni Ármannsson, nú vera kallaður Forseti, enda alveg út í hött að ætlast til þess að útlendingar muni nafnið hans, hvað þá beri það fram. Enda er hann „president of Glitnir“. Útlendingarnir heillast kannski, en hér heima fyrir eru þessar breytingar alltaf asnalegar. Viðskiptavinum bankans erlendis er kannski boðið í glæstan sal Valhallar, en hér finnst mér hann bara líta út eins og bílaumboð með rauða tilbodsborða lekadandi niður eftir rúðunum. Vonandi þurfum við, með nöfnin sem ekki er hægt að bera fram í útlöndum, ekki að breyta þeim til að fá sömu þjónustuna, því nöfnin skipta okkur máli.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Pú og pa

Eftir SÖB



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



- vegna mikillar aðsóknar

Aukasýning

laugardaginn 22. apríl

Söngkabarellinn

Nína og Geiri

Uppselt hefur verið á allar sýningar fram að þessu.

Björgvin aldrei betri en nú!

Vegna mikillar aðsóknar höfum við ákveðið
að bæta við einni sýningu 22. apríl.



Munið
metsöludiskinn
með 67 lögum:



Síðustu sýningar:

17. mars - nokkur sæti laus

18. mars - nokkur sæti laus

25. mars - nokkur sæti laus

22. apríl - aukasýning

Þriggja rétta matseðill:

Koníakstónuð sjávarréttasúpa m/rjómatopp

Lambafille a la Nína og Geiri

Eftirréttafantasía kokksins

Matur, sýning og dansleikur:

Á svæði eitt 6.900 krónur

Á svæði tvö 6.400 krónur

Sýning og dansleikur:

2.900 krónur

Leikarar og söngvarar sýningarinnar eru:

Björgvin Halldórsson, Steinn Ármann, Soffía Karlsdóttir,
Friðrik Ómar, Regína Ósk og Aðalheiður Ólafsdóttir.

BROADWAY 

Broadway kabarettleikhús í 30 ár.
Sími 533-1100 - www.broadway.is

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS
Frumssýning mið. 29. mars kl. 20
2. sýn. fös. 31. mars kl. 20 - **UPPSELT** - 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 - 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - **SÍÐASTA SÝNING**

Glitnir er bakhjarl
Óperustúdíós Íslensku óperunnar

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR
Frumssýning fös. 31/3 **uppsett**, 2. sýn. lau. 2/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 3/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN
Aukasýningar í mars: sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 örfá sæti laus.
Allra síðustu sýningar.

VIRKJUNIN
6. sýn. í kvöld fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. lau. 25/3 nokkur sæti laus. **Aðeins þessar 4 sýningar eftir.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Lau. 18/3 kl. 17:00 **uppsett**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppsett** og kl. 20:00 **uppsett - 50. sýning**, mið. 22/3 **uppsett**, fim. 23/3 **uppsett**, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppsett**, sun. 26/3 **uppsett**, fim. 30/3 örfá sæti laus, fös. 31/3 örfá sæti laus.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Í kvöld fim. 16/3 **uppsett**, fös. 17/3 **uppsett**, lau. 18/3 **uppsett**, fös. 24/3 **uppsett**, lau. 25/3 **uppsett**, mið. 29/3 **uppsett**, lau. 1/4 kl. 16:30 **uppsett**, sun. 2/4 kl. 17:00 **uppsett**, mið. 5/4 **uppsett**, fim. 6/4 **uppsett**, fös. 7/4 **uppsett**, lau. 8/4 **uppsett**, sun. 9/4 **uppsett**, fös. 21/4 **uppsett**, lau. 22/4 **uppsett**, sun. 23/4 **uppsett**, mið. 26/4, fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 nokkur sæti laus.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.

KROSSGÖTUR - Málþing um Pétur Gaut
Lau. 18/3 kl. 15:00. Framsöguerindi flytur **Terje Mærli leikstjóri**. Pallborðsumræður. Þátttakendur: Baltasar Kormákur, Björn Hlynur Haraldsson, Karl Agúst Úlfsson, Gretar Reynisson. Stjórnandi: Melkorka Tekla Ólafsdóttir. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið Nýja svið / Litla svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 18/3 kl. 14 **UPPS**, Su 19/3 kl. 14 **UPPS**,
Lau 25/3 kl. 14 **UPPS**, Su 26/3 kl. 14 **UPPS**,
Lau 1/4 kl. 14 **UPPS**, Su 2/4 kl. 14
Lau 8/4 kl. 14 Su 9/4 kl. 14
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14

CARMEN
Lau 18/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-
Su 19/3 kl. 20 Græn kort
Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20

WOYZECK
Fi 23/3 kl. 20 Á LEIÐ TIL LONDON

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur Lau 15/4 kl. 14
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 **UPPS**, Má 1/5 kl. 20 **UPPS**,
Þri 2/5 kl. 20 **UPPS**, Mi 3/5 kl. 20 **UPPS**,
Su 7/5 kl. 20 **UPPS**, Má 8/5 kl. 20 **UPPS**,
Þr 9/5 kl. 20 **UPPS**, Fi 18/5 kl. 20 **UPPS**,
Fö 19/5 kl. 20 **UPPS**, Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 Fö 26/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 18/3 kl. 20 **UPPS**, Fi 23/3 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 **UPPS**, Fö 24/3 kl. 20
Lau 25/3 kl. 20 **UPPS**, Fi 30/3 kl. 20
Fö 31/4 kl. 20 **100. SÝNING** Lau 1/4 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Í kvöld kl. 20 **UPPSELT** Fö 17/3 kl. 20
Fi 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

NAGLINN
Lau 18/3 kl. 20 **UPPS**, Su 19/3 kl. 20 **UPPS**,
Lau 25/3 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 17/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

FORÐIST OKKUR
Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 KL. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Máttur móðurmála

Á morgun verður haldin ráðstefna um tvítýngi í Hátiðarsal Háskóla Íslands þar sem markmiðið er m.a. að hvetja stjórnvöld til þess að marka stefnu í málefnum tvítýngdra og þá sér í lagi þeirra ungu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál. Hulda Karen Daniélsdóttir, kennsluráðgjafi, er einn af skipuleggjendum ráðstefnunnar en hún segir hana tímabæra og bendir á að þetta áriðandi málefni sé mikið til umræðu um þessar mundir. „Það hefur orðið um 16 prósentu aukning meðal barna sem tala annað móðurmál en íslensku innan grunn-skólanna og ég ímynda mér að það sé sambærileg aukning innan leikskólanna,“ segir Hulda Karen en hún vonast eftir góðri þátttöku stjórnmalamanna á ráðstefnunni en hvetur alla til þess að koma og hlusta og kynna sér málefnið.

„Ef börn hafa góðan grunn í móðurmálinu sínu og honum er vel við haldið þegar þau koma hingað til lands eiga þau auðveldara með nám almennt,“ segir Hulda

Karen. „Við viljum að börnum verði gert kleift að nema á báðum málum svo þau staðni ekki í námi meðan þau eru að læra íslensku,“ bætir hún við en á ráðstefnunni verður m.a. rætt um hvaða leiðir eru færar til þess að efla kennslu á öðrum tungumálum innan íslenska skólakerfisins.

Ókeypis er á ráðstefnuna sem hefst kl. 13.00 á morgun.



> Ekki missa af...

Barnabókaráðstefnunni Heilandri heimur í Gerðubergi á laugardaginn. Valkyrjur og vættir fyrir börn, sagnaarfurinn kannaður milli kl. 10.30-13.15.

Morðingjunum, Múgsefjun, Mania Locus og Skít á Fimmtudagsforleik í kjallara Hins Hússins kl. 20.00 í kvöld.

Kvennakór Vox Feminae og Diddú í Kristskirkju á sunnudaginn kl. 15.00. Á dagskránni eru Mariukvæði og ljóð ort guðsmóður til dýrðar.



Tregablandin tónlist

Söngkonan Inge Mandos-Friedland fékk áhuga á gyðingátónlist fyrir fjórum árum og ferðast nú í annað skipti til Íslands til þess að kynna þessa tregablöndnu en gáskafullu tónlist fyrir Íslendingum. Hópurinn hennar heldur þrjá tónleika nú um helgina, þá fyrstu í Skálholti í kvöld.

Með í för eru félagar Inge úr tríóinu Zimt og íslenskir hljóðfæraleikarar sem kalla sig Kol-isha. „Þetta er svona þýskt-íslenskt samstarfsverkefni,“ útskýrir Inge en dagskrá tónleikanna þriggja er tvískipt. „Fyrri hlutinn er sefradísk tónlist sem ég flyt með tríóinu en sú tónlist á rætur að rekja til spænskumælendi gyðinga sem m.a. fluttu til Þýskalands,“ segir Inge. Sú tónlist er flutt á tungumáli sem nefnist ladino eða djudezmo og er afbrigði af kastilískri mállýsku með hebræskum orðum. Seinni hlutinn er síðan helgaður klezmertónlist og þá er sungið á jiddísku.

Söngkona með sagnfræðiáhuga

Inge Mandos-Friedland býr í Hamborg, nánar tiltekið í Girndelherfinu sem áður var kallað Litla-Jerúsalem. Hún starfar einnig sem sögukennari og þekkir vel sögu gyðinga og hefur m.a. safnað þjóðlögum þeirra og flutt söngdagskrár með gyðingátónlist í samkunduhúsum í Norður-Þýskalandi. „Það hefur orðið mikil vakning tengd tónlist og menningu gyðinga undanfarið,“ segir Inge. „Kynslóð fórnarlamba helfararinnar er orðin mjög aldurhnigin og nú reynir fólk að safna öllum þeim upplýsingum sem hægt er til þess að halda við þessari menningararfleifð.“ Inge kveðst ánægð að fá tækifæri til þess að kynna þessa tónlist og sögu hennar fyrir Íslendingum.

„Lif gyðinganna var erfitt, ekki aðeins á helfarartímanum heldur



INGE MANDOS-FRIEDLAND Syngur gyðingátónlist á þrennum tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

voru þeir líka fátækir innflytjendur sem ekki voru velkomnir alls staðar,“ útskýrir Inge og bætir við að lögin séu tregablandin en músikin sé líka leikandi. „Þetta er svo mannleg tónlist,“ segir Inge en hún kveðst hafa heillast af áleitinum hljómi hennar. „Það small eitthvað í hjartanu á mér þegar ég heyrði hana fyrst.“ Tónlistin sé tjáningarrík, „dapurleg en um leið húnórísk,“ áréttar söngkonan.

Tilstand í Skálholti

Hilmar Örn Agnarsson, organisti í Skálholti, hefur milligöngu um tónleikahald tríósin en nú ómar alls kyns músík í Skálholtskirkju. „Við viljum opna dyrnar fyrir ýmsum tegundum tónlistar,“ útskýrir Hilmar Örn. „Gyðinga-

tónlist er grunnurinn að kristinni tónlist, maður heyrir gömlu kirkjutóntegundirnar og textinn er oft fenginn úr Biblíunni. Ég myndi segja að þetta væru hákirkjulegir tónleikar.“ Á þessu ári verður fjölskrúðug tónleikadagskrá í Skálholti í tvefni þess að þar hefur verið biskupstóll í 950 ár. Á döfinni er m.a. flutningur á Brynjólfsmessu eftir Gunnar Þórðarson.

Tónleikar Zimt og Kol-isha verða haldnir í Skálholtskirkju í kvöld kl. 20.30, en um helgina munu hljómsveitirnar flytja léttari dagskrá með sefradískri tónlist og klezmermúsík í Rauða húsinu á Eyrarbakka, kl. 22.00 og á laugardaginn á Grand Rokk kl. 21.00. ■

Skeptíkus vill Dawkins í sjónvarpið

Stúdentafélagið Skeptíkus sýnir í kvöld sjónvarpsþáttinn Root of all evil? eftir líffræðinginn Richard Dawkins. Sýningin er ekki síst hugsuð til þess að vekja frekari athygli á Dawkins. „Við viljum kynna Dawkins þar sem hann er væntanlegur á trúleysisráðstefnu sem haldin verður á Íslandi í sumar,“ segir Óli Gneisti Sóleyjarson. „Þá vonumst við til að sýningin veki athygli íslenskra sjónvarpsstöðva á þáttunum og við erum vongóð um að þeir muni enda í íslensku sjónvarpi.“

Óli bætir því við að félagið ætli að bjóða Agli Helgasyni sérstaklega á sýninguna. „Hann gagnrýndi þættina án þess að hafa séð þá á vefsíðu sinni og við teljum að hann hefði gott af því að kíkja á þá og sjá hvort gagnrýni hans hafi verið réttmæt eða fljótfærnisleg.“



Dawkins hefur gengið vasklega fram í baráttu sinni gegn sköpunarsögusinnum sem hafna þróunarkenningunni en rök hans þykja vega einna þyngrt í þessum þrætum í Bandaríkjunum. „Dawkins ræðir við múslima og kristna um þessi mál og við fáum að kynna þessum beggja hópa auk þess sem sjónarmið frjálslyndara trúfólks koma fram.“

Þættirnir taka samanlagt um 90 mínútur í sýningu en sýningin verður ináttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, Öskju, í stofu 132 og hefst klukkan 20. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

ÓLI GNEISTI SÓLEYJARSON Hópurinn fékk sérstakt leyfi hjá höfundinum Richard Dawkins til að sýna þættina.



KJARTAN ÓLAFSSON Tónskáld og prófessor við Listaháskólann segir að það séu spennandi tímar framundan. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Fjölbreyttara nám

Í haust verður boðið upp á fjölbreyttara tónsmíðanám í Listaháskóla Íslands en þekkt hefur hérlandis. Þá verður hægt að stunda 90 eininga nám til B.A. gráðu á vegum skólans en þessi stefnbreyting er liður í endurskipulagningu innan tónlistardeildarinnar. Kjartan Ólafsson, tónskáld og prófessor við Listaháskólann, segir að það séu spennandi tímar framundan. „Námið mun endurspeglja þátttöku tónlistarinnar bæði í menningarlífinu og atvinnulífinu almennt og þau ólíku verksvið sem tónskáld starfa á,“ segir Kjartan og bendir á að visir hafi verið að þessum áherslum innan deildarinnar en nú sé sá tímarpunktur þar sem námið sé skilgreint að nýju.

Nemendur sem hefja nám í haust munu geta sérhæft sig í tónsmíðum með áherslu á ákveðnar brautir, s.s. nýmiðlun, kvikmyndatónlist, tónlist fyrir leikhús eða listdanssýningar, eða almennar tónsmíðar. Enn fremur verður í fyrsta sinn boðið upp á nám í upptökustjórn á vegum skólans þar sem nemendur kynna tækni og innviðum upptökuvera og fá verkþjálfun bæði sem útsetjarar og upptökustjórar. „Nemendurnir munu einnig taka virkan þátt í tónlistarlífinu innan skólans,“ áréttar Kjartan. Listaháskólinn hefur tækjavæðst mjög hratt allt frá stofnun og bendir Kjartan á að þar sé komin upp góð aðstaða fyrir nemendur í upptökustjórn, m.a. fullkomið „surround“ hljóðupptökuver.

„Þessi breyting er möguleg vegna þess það er mikil samvinna milli deilda í Listaháskólanum,“ segir Kjartan en áherslan í tónlistardeildinni er á sérhæft einstaklingsmiðað nám. „Nemendur geta breikkað menntun sína með því að taka áfanga innan annarra deilda en námið nú hefur snertifleti við allar hinar deildirnar,“ útskýrir hann en þannig geta nemendur í tónsmíðum samið eða unnið tónlist og hannað hljóð t.d. fyrir kvikmyndir, leik- eða dansverk sem aðrir nemendur skólans taka þátt í.

Með tilkomu Listaháskólans og tónlistardeildarinnar sem stofnuð var árið 2001 var farið að kenna tónsmíðar á háskólastigi hérlandis en áður höfðu tónsmíðar verið kenndar í Tónlistarskóla Reykjavíkur, að undirlagi Jóns Nordal, allt frá árinu 1981. „Með tilkomu tónlistardeildarinnar var tónsmíðanám lögfest og þá varð það hluti af háskólaumhverfinu,“ segir Kjartan. Nú stunda á annan tug nemenda tónsmíðanám í Listaháskólanum og munu nokkrir útskrifast í vor. „Þetta er mjög sérhæft nám á breiðum grunni,“ segir Kjartan og bætir við að það sé misjafnt hversu margir útskrifast ár hvert en fjöldi þeirra eykst þó með ári hverju.

Umsóknarfrestur fyrir tónsmíðanám í haust rennur út nú um helgina, nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Listaháskólans, www.lhi.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

13 14 15 16 17 18 19

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 19.30 Tónleikar **Sinfóníu-hljómsveitar Íslands** með pianóleikaranum **Stephen Hough** undir stjórn **Davids Charles Abell**.
- 20.00 **Guðrún Gunnarsdóttir** og **Fríðrik Ómar** halda tónleika í **Salnum**. Vinsæl dægurlög í útsetningu Ólafs Gauks, m.a. lög Ellyjar og Vilhjálms Vilhjálms. Miðaverð 2.500 kr.
- 20.00 Hljómsveitirnar **Morðingjarnir**, **Múgsefjun**, **Mania Locus** og **Skítur** spila á Fimmtudagsforleik í kjallara Hins Hússins. Allir velkomnir.
- 20.30 **Inge Mandos-Friedland**, **Zímt** og **Kol-isha** flytja dagskrá með söngvum og hljóðfæramúsík gyðinga í Skálholtskirkju.
- 21.30 **Maria Magnúsdóttir** söngkona heldur tónleika á **Café**

Rósenberg í góðum félagsskap ásamt hljómsveit. Djass, blús og sálartónlist. Aðgangseyrir 1000 kr.

FYRIRLESTRAR

- 16.00 **Dr. Theodor Paleologu**, verðandi sendiherra Rúmeníu á Íslandi, heldur fyrirlestur um „stjórnmálauguðfræði“ (political theology.) Fyrirlesturinn fer fram í **Hátíðarsal í aðalbyggingu Háskóla Íslands** og er öllum opin.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Heigason
17. mars. Fá borð laus.
18. mars. Fá borð laus.
25. mars. Fá borð laus.
22. apríl. Aukasýning.
Óþreiddar mular seldr hálfumánuði fyrir söburð.
5331100
Netfang: midasala@broadway.is

Aðeins þessar sýningar

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

A Lie or Landri
SÍÐUSTU SÝNINGAR
Þri. 21.03 kl. 19:00 laus sæti
MIDASALA WWW.MIDI.IS OG LAUSTURJÁR 9 551 4700

Leikfélag Mosfellssveitar
Í BEINNI
eftir Hrafinkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir
6. sýning Föstud. 10.mar. kl.20:00
7. sýning Föstud. 17.mar. kl.20:00
8. sýning Laugard. 25.mar. kl.20:00
9. sýning Laugard. 01.apr. kl.20:00
Leikritið gerist í lokahætti spjalþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu upptökur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggst baksviðs. Þetta er bráðfýndið leikrit sem óhætt er að mæla með.
Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-
www.leikmos.is

HIMNARÍKI
Geðkúln gamanleikur eftir Anna Rosen
SÍÐUSTU SÝNINGAR Á HIMNARÍKI
Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
Síðasta sýning.
VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
fös. 17. mars kl. 20
sun. 19. mars kl. 20
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20
HIMNARÍKI
Miðpantanir í síma 555 2222 og á midl.is

"Wet" - DV "Hólar jafn líf barna sem fullorðna" - Morgunblaðið "Staflega falleg" - Fréttablaðið
HAFIÐ BLÁA
Í AUSTURBÆ
Sun 19.03 kl: 13.30
Sun 26.03 kl: 13.30
Miðpantanir í Austurbæ og á midl.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700
IsMedia

BIG MOMMA'S HOUSE 2
SENDU SMS SKEYTIÐ JA BMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVÖ.
FRUMSÝND 17. MARS
TAKTU ÞÁTT! 11. HVER VINNUR!
VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR, VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA!
VINNINGAR VERBA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVI AD TAKA ÞÁTT ERTU KOMIN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ. MOBILE

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
GRAND ROKK
Öðruvísi laugardagskvöld:
GYÐINGAMÚSÍK
INGE MANDOS - FRIEDLAND
ZIMT og KOL ISHA
flytja sönglög, dansa og sálma á jiddísku og ladínó
PRAVDA
Fimmtudagskvöld:
Heineken® music
Heineken.is
Allt um djammíð

LAGGER- HREINSUN

35-70%

afsláttur af öllum búsaðhöldum!

70%
afsláttur

Verð frá
450
1.430

Vnr. 41100168-9
Kökudiskur
SUN kökudiskur, stál
28,1 eða 35,1 cm

50%
afsláttur

af BOLISLAWIEC
pólska kaffi- og
matarstellinu!

25% afsláttur af ö sm

Allt að

70%

afsláttur

af búsaðhöldum

60%
afsláttur

999

2.430

Vnr. 41100720

Kaffi- og matarsett

Matar- og kaffiset með blómamynstri, porstulín, 20 stk.

45%
afsláttur

990

1.850

Vnr. 49961649-50

Pottur

ROASTER pottur, 508/509, 2 stærðir.

33%
afsláttur

3.990

5.999

Vnr. 65742004

Matvinnsluvéi

BOSCH matvinnsluvéi, hakkar, tætir, þeytir ofl. 450W.

öllum **BOSCH**
náheimilistækjum!



BYGGIR MEÐ ÞÉR

„There may be honor among thieves, but there's none in politicians.“

T.E. Lawrence, betur þekktur sem Arabi-Lawrence þekkti muninn á þjófum og stjórnmálamönnum. Peter O'Toole lék þessa mögnuðu frelsishetju með tilþrifum í Lawrence of Arabia.



Lifandi goðsögn

Írski leikarinn Peter O'Toole hefur verið að í fimm áratugi og hefur þegar hlotið heiðursverðlaun Óskarsakademíunnar. Hann er þó hvergi nærri hættur og er með tvær kvikmyndir í burðarliðunum. Ekki er langt síðan að O'Toole lék við hlið Erics Bana og Brads Pitt í Troy en „ungstirninn“ áttu varla roð í aldna höfðingjann.

O'Toole ætlaði sér alltaf að verða blaðamaður og hóf störf sem slíkur. Þegar leikarinn náði átján ára aldri átti hann sig á því að leiklistin heillaði hann meira og ákvað að reyna fyrir sér sem slíkur. Hann starfaði fyrst um sinn sem útvarpsþulur en komst síðan að hjá hinum Konunglega Leiklistarskóla þar sem skólafélagar hans voru ekki ómerkari menn en Richard Harris og Albert Finney. Árið 1960 birtist leikarinn í fyrsta skipti á hvíta



PETER O'TOOLE Hinn aldni höfðingi sem nýtur mikillar virðingar innan kvikmyndahéimsins og mörgum leikurum þykir forréttindi að starfa við hlið hans.

var heldur „vafasöm“ og jaðraði við klám að margra mati.

tjaldinu með eftirminnilegum hætti í kvikmyndinni The Day They Robbed the Bank of England. Tveim árum síðar réði David Lean hann til að leika Arabi-Lawrence og stjarna leikarans reis ógnarhrott enda hreppti hann Baftaverðlaunin fyrir frammistöðu sína.

Persónur O'Toole hafa yfirleitt mikla réttlætiskennd og sterka sannfæringu. Leikur hans er oftast en ekki óaðfinnanlegur þó mörgum kunni að þykja O'Toole tilgerðarlegur. Sjö tilnefningar til Óskarsverðlauna segja hins vegar alla söguna sem þarf um gæði þessa mikla leikara þótt stundum hafi kvikmyndagagnrýndur velt vöngum yfir hlutverkavali hans og nægir þar að nefna Caligula sem



➤ Ekki missa af...

Syriana eftir Stephen Gaghan. Skuggaleg lýsing á spillingu olíuöndunarins og afleiðingum hans á daglegt líf ólíkra manna. Spannandi mynd um eldfimt efni í orðsins fyllstu merkingu.

bíó

bio@frettabladid.is



HINN ELSKADI HUNDUR Carracloough-fjölskyldan neyðist til að selja Lassie þegar hún lendir í miklum fjárhagsörðugleikum.

Lassie snýr aftur

Seinni heimsstyrjöldin fer illa með námubæinn Yorkshire og kröpp kjör Carracloough-fjölskyldunnar neyðir hana til að selja sína heitelskuðu tik Lassie til hertogans af Rudling. Þegar henni tekst loks að sleppa úr búri sínu áttar Lassie sig á því að hún er stödd á Skotlandi í 250 kílómetra fjarlægð frá eigendum sínum. Þrátt fyrir það er tikin harðákveðin í að komast aftur til síns heima og leggur upp í mikla hættuför þar sem bæði náttúran og mannfólkið reyna að bregða fyrir hana fæti. Heimþráin rekur hana þó miskunnarlaust áfram og Lassie vonast til að koma heim fyrir jólin.

Ellefu kvikmyndir hafa verið gerðar um undrahundinn Lassie

en tókin hefur heillað heimsbyggðina frá árinu 1938 þegar sagan birtist fyrst á prenti í The Saturday Evening Post. Fyrsta kvikmyndin um tíkina var frumsýnd árið 1943 en þá var sjálf Elisabeth Taylor í aðalhlutverkinu auk Mickey Rooney. Nokkrar framhaldsmyndir voru gerðar og lék stórleikarinn Jimmy Stewart meðal annars í einni slíkri. Þá hafa verið gerðir sjónvarpsþættir um þennan loðna vin og hlutu þeir meðal annars Emmy-verðlaunin tvö ár í röð um miðjan sjötta áratuginn.

Að þessu sinni er það einvalið leikara sem aðstoðar Lassie en það eru þau Samantha Morton og Peter O'Toole og leikstjóri er Charles Sturridge. ■



NOBLE OG WRIGHT Koma úr ólífri átt en með þeim tekst vinskapur sem á eftir að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Taugaveiklaður Bond

Pierce Brosnan fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Matador en þar leikur hann taugaveiklaða útgáfu af þekktustu persónu sinni, James Bond.

Danny Wright heldur til Mexíkó í þeirri von að fá stórt verkefni og bjarga ástríðulausu hjónabandi sem stendur höllum fæti. Allt gengur að óskum og Wright fagnar með margaritúdrykk í þeirri von að einungis sé formsatriði að ganga frá samningum. Á hótelnarum hittir hann Julian Noble sem er frekar ómannblendinn og fráhrindandi náungi en þeir taka tal saman. Eftir frekar stutt kynni hefur Wright fengið ógæð á náunganum sem virðist ljúga og svíkja án nokkurs tilfynis. Tíminn líður og ekkert virðist bóla á öruggum sigri Wrights en til að stytta sér stundir vingast hann við hinn stórfurðulega Noble sem er ekki eins og fólk er flest.

Á nautaati trúir Noble honum fyrir leyndarmáli; hann sé leigumorðinginn Matador og tilbreytingalaust líf hans tekur óvænta beygju þegar Wright fær stutta kennslustund í nákvæmum fræðum leigumorðingja. Spennan ber hann nánast ofurliði en vinaböndin styrkjast til muna. Þegar leiðir skiljast vill Wright þó sem minnst af þessum kynnum vita enda lítur það illa út á pappírnum ef fréttist að hann eigi leigumorðingja sem vin.

Á meðan Wright gengur allt í haginn heima fyrir fjarar smám saman undan ferli Nobles. Öll mistök eru dýrkeypt og þegar morð á valdamiklum Indverja mistekst hefja atvinnurekendurnir leit að Noble í þeim tilgangi að láta hann hverfa af yfirborði jarðar. Noble á aðeins einn vin sem hann getur treyst en það er Danny Wright. Þegar leigumorðinginn birtist óboðinn á heimili Wright-hjónanna á eftir að draga til tíðinda en leigumorðinginn

virðist eiga hönk upp í bakið á vini sínum. Greg Kinnear leikur Danny en margir kannast við hann úr kvikmyndinni As Good as It Gets þar sem Jack Nicholson fór hamförum í hlutverki Melvin Udall. Kinnear vakti fyrst athygli fyrir leik í sjónvarpi en ferill hans á hvíta tjaldinu tók mikinn kipp þegar hann lék á móti Harrison Ford í Sabrinu.

Það vakti mikla athygli þegar Pierce Brosnan hætti við að leika James Bond og Daniel Craig var ráðinn í hans stað. Brosnan hafði tekist að koma enska leyniþjónustumanninum aftur á þann stall sem honum bar en eftir hrakfarir Die Another Day var ljóst að ferskt blóð þurfti. Hvort rétt var að skipta Brosnan út skal ósagt látið en fjölmargir aðdáendur hans hafa látið Craig finna fyrir óánægju sinni. Leikarinn írski hefur sjálfur sagst feginn að vera laus undan oki Bond-veldisins og getað einbeitt sér enn frekar að öðrum hlutverkum. -fgr

Endurkoma frænkunnar

Árið 2000 sló Martin Lawrence eftirminnilega í gegn með kvikmyndinni Big Momma's House þegar FBI fulltrúinn Malcolm Turner dulbjó sig sem stórbeinotta frænkan Hattie Mae Pierce sem gætti mikilvægs vitnis og klófesti hættulegan bankaræningja. Hollywood er aldrei lengi að þefa uppi framhaldsmyndir sem gætu hugsanlega malað gull og sex árum síðar er Turner mættur aftur.

Að þessu sinni varðar málið þjóðaröryggi en Turner kemst á snodir um vírus sem gæti sýkt allar tölvur helstu öryggisstofnana Bandaríkjanna. Til að koma höggi á hönnuðinn Tom Fuller neyðist FBI lögreglumáðurinn að



HATTIE MAE PIERCE Lætur Fuller-fjölskylduna finna til tevatnsins enda er fjölskyldu-faðirinn hönnuður að hættulegum vírus.

dulbúast sem barnapía fyrir fjölskylduna en verður fljótlega ljóst að stærsta vandamálið er ekki Fuller heldur hin mjög svo vanstillta fjölskylda. Warner leggur þó ekki árar í bát heldur tekst á við vandamálið eins og Big Momma er einni lagið.

Martin Lawrence er einn af vinsælustu gamanleikurum Bandaríkjanna en hann komst á allra varir þegar Bad Boys-myndirnar tvær slógu í gegn. Hann er þó viðriðinn fleira en kvikmynda-leik þvi Lawrence er hugmynda-smiðurinn á bak við sjónvarpsþáttinn Def Comedy Jam og á heidurinn af ferli Chris Tucker og Damon Wayans, svo einhverjir séu nefndir. ■

Loksins á Playstation 2

The Godfather THE GAME

SMS leikur

Þú sendir SMS skeytið **BTC F24** á númerið 1900 Þú svarar spurningu Þú gætir unnið. **12. hver vinnur.**

Aðalvinningur er: Playstation2 + PSP+24 + The Godfather

Aukavinningar eru: 24 Tölvuleikir • The Godfather tölvuleikir PS2 stýripinnar • Playstation minniskort DVD myndir • Varningur tengdur PS2 og tölvuleikjum Fullt af öðrum tölvuleikjum • Pepsi kippur og margt fleira

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

70%

ÚTSÖLUMARKAÐUR GK

GK REYKJAVÍK

Laugavegur 66, önnur hæð, 101 Reykjavík.

> Fitulita jurtaviðbitið

...frá Flora pro.activ er fullkomið fyrir þá sem vilja lækka kólesterólíð. Svo er það gott á bragðið.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR RITSTJÓRI HÚSA OG HÍBÝLA

Leggur ýmislegt á sig fyrir sushi

Hvaða matar gætir þú síst verið án?

Öðru hverju finnst mér ég ekki geta lífað nema fá sushi - og geri þá næstum hvað sem er til að nálgast það. Þetta eru held ég einu skiptin sem mér finnst ekkert geta stöðvað mig í leit að einhverjum ákveðnum mat.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Held það séu hinar og þessar humarveislur - nokkrar á Stokkseyri, nokkrar hjá vinum og vandamönnum. Fullt fat af humri, hvítlaukur, salt og smjör. Og kalt hvítvín með.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Get ekki og mun aldrei getað borðað lifur. Foreldrar mínir héldu að aðferðin til að fá mig til að borða lifur væri að segja mér að þetta væri strumpakjöt. Ótrúlega skrítið að það virkaði ekki.

Leyndarmál úr eldhússkápnum?

Yfirleitt finnst mér sterkt sinnep, avókadó og góðir ostar geta reddað miklu..

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Held ég detti ekki í súkkulaðið eða ísinn en mér líður afspyrnuvel af því að þamba alls kyns tetegundir.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum?

Egg, skyr og mjólk. Í honum eru einnig þúsund krúkkur af alls kyns sultum, sinnepi, pestóí og slíku gruggi.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða mat tækir þú með þér?

Sushi á eyðieyjuna, takk.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Það sem hingað til getur talið það skrítnasta og jafnframt það ógeðslegasta er Leberknöðelsuppe sem ég bragðaði í Suður-Þýskalandi. Einhvers konar lifrarpylsu-súpa. Þykk, gruggug og andstyggileg.



DROSTDY-HOF:


Höfðavínið heillar landann

Afrískir dagar standa yfir í mars í Vínbúðum og má finna fjölmörg vín á kynningarverði. Rauðvínið Cape Red, Höfðarauður eins og sumir nefna það, hefur slegið í gegn og hefur undanfarnin þrjú ár verið mest seldu vínið í Vínbúðum.

Fyrstu vín Drostdy-Hof komu á markað fyrir þrjátíu árum og var lagt upp með það að leiðarljósi að bjóða vinnendum upp á vönduð blönduð vín sem mætti treysta á að héldust stöðug frá ári til árs og þyrftu ekki langa geymslu fyrir neyslu. Allt hefur þetta gengið eftir og þykja Drostdy-Hof vín Suður-Afríku til sóma á alþjóðamarkaði.

Drostdy-Hof Cape Red er kennt við Góðrarvonarhöfða. Alhliða ávaxtaríkt vín þar sem uppruninn leynir sér ekki.

Kynningarverð á afrískum dögum 3.260 kr.



FRÍÐRIK ÓMAR Nenni sjaldnast að elda ofan í sig einan, en finnst gaman þegar gesti ber að garði.

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL



Brot

af því besta!



Duni gerir þér kleift að töfra fram glæsilega borðskreytingu í takt við tilefnið. Fjölbreytt litaúrval auðveldar þér að ná fram þeirri stemningu sem þú leitar eftir.



Humar er í uppáhaldi

Þegar góða veislu gjöra skal býður Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari upp á humaruppskrift sem er í sérstöku uppáhaldi hjá honum.

„Þetta er kannski ekki dæmigerður kvöldmatur á fimmtudegi, en ég hef tvisvar boðið upp á þennan rétt í matarboðum og það er skemmst frá því að segja að hann sló í gegn,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson söngvari um uppskriftina sem hann vill deila með lesendum.

„Humar er í miklu uppáhaldi hjá mér, en uppskriftina fékk ég hjá félagamínunum. Hún er afar einföld og það þarf eitthvað meiriháttar að gerast til að klúðra henni.“ Friðrik kveðst ekki elda jafn mikið og hann vildi, en þar sem hann býr einn verður honum oft minna úr verki en ella. „Ég nenni sjaldnast að leggja neitt rosalega mikið á mig fyrir mig einn, þótt mér finnst gaman að elda þegar gesti ber að

garði.“ Friðrik er að eigin sögn mikill matmaður. „Ég get ekki tilgreint neinn uppáhaldsrétt, ég held að smekkur minn spanni allan skalann, en þessi uppskriftin sem ég læt fylgja er með því besta sem ég hef fengið.“

HUMAR OG PASTA Í RJÓMASÓSU

Fyrir 4
1 kg pillaður humar
400 g pasta (slaufur)
250 g ostafyllt pasta
2 paprikur (gott að hafa 1/2 í mismunandi lit upp á útlitíð)
5 meðalstórar gulrætur
1 blaðlaukur
hvítlaukur og steinselja

SÓSAN:

250 g rjómaostur
1 piparostur
léttjóni
hvítvín
pipar
rifsberjahlaup

Ég byrja á að sjóða pastað saman í stórum potti. Því næst sker ég niður paprikuna, gulræt-

urnar og blaðlaukinn í langar ræmur.

Set rjómaostinn í pott og ögn af léttjóna og byrja á að láta ostinn bráðna í rölegheitum. Bæti síðan piparostinum út í og bragðbæti hana síðan með kryddum og hvítvíni. Einnig er gott að setja smá rifsberjahlaup til að fá smá sætubragð en annars er sósan mikið smekksatriðil og um að gera að prófa sig áfram.

Humarinn er síðan snöggssteiktur á mjög heitri pönnu upp úr smjöri og hvítlauk sem búið er að rista í öreindir auk steinselju. Síðan djúpsteikið og grænmetið í Extra Virgin ólífuolíu og set síðan allt í eldfast mót í þessari röð: Pastað - sósan - humarinn - grænmetið. Síðan er gott að setja leifarnar af hvítlaukum eftir steikinguna yfir allt og rétturinn er tilbúinn.

MEÐLÆTI:
ferskt salat og snittubrauð
gott hvítvín

Tími: 30 mínútur

AFRÍKUDAGAR:

Löng en lítt kunn saga vínræktar

Á tímabilinu 4000 til 5000 fyrir Krist var Egyptaland heimsveldi. Nílardalurinn var helsta akuryrkju- og vínræktarsvæði heimsins. Vínrækt barst þangað frá Kákasusfjöllum og átti síðan eftir að breiðast út frá Egyptum til Grikkja, síðan Rómverja og þaðan til Evrópu. Í dag er sáralítill vínræktun í Egyptalandi og skiptir hún engu máli á heimsmarkaði. Loftslag í Norður-Afríku er heitt Miðjarðarhafsluftslag, sem er undir þrúgandi áhrifum frá Sahara-eyðimörk-



inni. Hitinn og sólin gera vínþrúgum erfitt fyrir að ná þeim þroska sem sóst er eftir, því sykurmagnið verður mjög hátt án þess að ávöxturinn nái að koma að fullu fram, auk þess sem þrúgurnar eiga til að sólbrenna, þannig að vínin verða alkóhólrík og með þurrkuðum eða sólbökuðum ávexti. Frönsk áhrif eru ríkjandi í þrúguvali í Norður-Afríku. Einkum er notast við frönsk-spænsku Miðjarðarhafsprúgurnar carignan og cinsault, en nú í vaxandi mæli cabernet og syrah. Áður fyrr voru vín frá Alsír mikið flutt til Frakklands og notuð til að „styrkja“ frönsk vín. Alsír, Túnis og Marokkó eru helstu vínræktarlönd Norður-Afríku. Alsír

var í hópi stærstu vínframleiðenda heims fyrir nokkrum áratugum þegar mikið magn af víni var selt til Frakklands. Þegar vínútflutningur til Frakklands dróst saman seldi Alsír mikið vín til Sovétríkjanna. Nú hafa þessir markaðir horfið og vínöndur í Alsír á í miklum erfiðleikum. Loftslag í Afríku er yfirleitt of heitt til að vínræktun sé möguleg. Þó eru til vingarðar og vínframleiðsla stunduð í smáum stíl víða. Þannig má finna vín frá Úganda, Kenía og Simbabve svo dæmi séu nefnd. Vingarðar í Afríku eru yfirleitt í mikilli hæð þar sem hitastigið er bærilegra fyrir vínviðinn heldur en niðri á sléttunum.

PALTS: Riesling eins og það gerist hvað best

Þýsku vínin Palts hafa vakið mikla athygli í Vínbúðum. Þau þykja einkar góð kaup enda nýbúið að lækka verðið á þeim og kosta þau nú 1.090 kr.

Palts Riesling er þýskt riesling-vín eins og þau gerast hvað best. „Þetta Riesling-vín frá Pfalz í Þýskalandi er fulltrúi nýrrar kynslóðar af matarvænni og þurrari vínunum, sem hafa komið fram á undanförunum áratug eða svo, og er því ætlað að leiða þýska víngerð úr þeim ógöngum sem hún var (og er) komin í... Þurrt og Alsace-legt hvítvín sem er gott með meðalþungum fiskréttum og salati en einnig sem fordrykkur,“ segir Þorri Hrings-

son í umsögn sinni í Gestgjafanum.

Palts Weissburgunder er mjög gott sem fordrykkur en einnig sem veisluvín og það „gengur“ í flesta. Um vínið segir Þorri: „Þrúgan weissburgunder er líklega þekktari undir nafninu pinot blanc og er ræktuð víða í Frakklandi en þó helst í Alsace þar sem hún er ýmist notuð ein og sér eða í „Edelzwicker“-blöndur. Þetta vín er upprunnið í héraðinu Pfalz og er góður fulltrúi hins nýja, þýska víngerðarstíls sem á sér einmitt fyrirmynd í Alsace eða þá í Austurríki þar sem kröfur manna um þurr hvítvín aukast en smekkur fyrir hinum hefð-

bundnu hálfsetu vínunum hefur heldur dvínað.“

Af þeim þremur hvítvínunum sem Palts býður upp á er Rivaner einna mildast og hefur hvað mestan ávöxt. Það er tilvalið í t.d. fordrykki og er öruggt að það „móðgar“ engan. Rivaner nefnist þrúgukynblendingur sem opinberlega heitir Müller-Thurgau og er frá árinu 1882 en þá voru ræktaðar saman þrúgurnar riesling og silvaner. Þorri segir vínið „meðalbragðmikið og ekki ósvipað tilþrifaminni hvítvínunum frá Alsace í stíl. Létt og einfalt með keim af peru, melónu og greipaldini.“

Verð í Vínbúðum 1.090 kr.



VEITINGASTAÐURINN

ÞRÍR FRAKKAR

BALDURSGÖTU 14, 101 REYKJAVÍK.

Plokkari og svartfugl

Hvernig er stemningin: Þetta er svolítið eins og að koma inn á heimili hjá eldri fólki. Það fer til dæmis lítið fyrir stressi heldur er róleg og rómantísk stemning í hávegum. Veggirnir eru þaktir myndum og listaverkum. Ferskjulitaðir veggir sóma sér vel við gamaldags gluggatjöld og einfalda stóla. Borðin eru skreytt með heimatilbúnum kertastjökum og það er eitthvað krúttlegt við þennan stað. Ef staðurinn er grandskoðaður hátt og lágt má reka augun í uppstoppaðan lunda og fleiri fuglategundir, sem er svolítið kómískt á veitingastað sem sérhæfir sig í fiskréttum. Gestalistinn á Þremur frökkum er fjölbreyttur. Þangað koma margir jakkafataklæddir menn sem tala erlend tungumál innan um íslenska heimsborgara, venjulegt úthverfafólk og finar frúr í eldri kantinum. Það sem dregur þessa flóru að staðnum er maturinn, sem bragðast sérlega vel.

Matseðillinn: Á boðstólum er aragrúi af spennandi fiskréttum, allt frá plokkfiski upp í humar og skötusel. Réttirnir bragðast flestallir ógurlega vel enda varla hægt að klúðra matreiðslu á fyrsta flokks sjávarfangi. Á matseðlinum er líka hvalkjöt, sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Þótt fiskur og hvalur séu í aðalhlutverki er líka boðið upp á léttsteiktan svartfugl með villibráðarsósu, soðnum gulrótum, salati og sykurbrunuðum kartöflum. Fyrir þá sem kunna að meta slíkan mat er svartfuglinn góður kostur. Eftirréttaseðillinn er ekki mjög flókinn en þó girnilegur.

Réttur dagsins: Boðið er upp á rétti dagsins sem eru misjafnir frá degi til dags.

Verð: Þrír frakkar er staður í dýrari kantinum. Svartfuglinn er til dæmis á 3.100 krónur og svipaðir réttir eru á því verði. Plokkfiskurinn er hins vegar á 1.900 krónur.

opnunartilboð í augastað!

20.900 frá 22.900 kr. með glampavörn og gleri sem dökknar í sól

11.900 Gleraugu fyrir fjarsýna og nærsýna (einn styrkleiki) frá kr.

7.900 Barnagleraugu frá aðeins kr.

Þú færð mælingu hjá sjónfræðingi á staðnum

augastaður færir þér nýja sýn!

Lyf & heilsa Hamraborg og JL-húsinu

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



Ný sólóplata í sumar

Tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson gefur út nýja sólóplötu í sumar sem ber heitið IBM 1401, a User's Manual.

Platan var tekin upp í Prag og spilaði erlend sinfónúsveit á henni, en tónlistin er einmitt útsett fyrir stóra hljómsveit. Plötufyrirtækið 4AD, sem hefur m.a. gefið út plötur Pixies, Cocteau Twins, Blonde Redhead og TV on the Radio, gefur plötuna út og dreifir henni um allan heim. Tónlistin á plötunni var upphaflega samin fyrir samnefnt dansverk sem Jóhann hefur sýnt yfir fimmtíu sinnum í Evrópu frá árinu 2002 ásamt Ernu Ómarsdóttur dansara. Ráðgerðar eru sýningar í að

minnsta kosti tíu borgum á þessu ári.

„Þessi plata er beint framhald af Englabörnum og Virðulegum forsetum og þeim plötum,“ segir Jóhann. Hann segir að nafn verkefins byggist á þeim upptökum og hljóðum sem voru gerðar á fyrstu tölvuna sem kom til Íslands árið 1964. „Faðir minn var einn af forritunum og hann og félagar hans fundu aðferð til að forrita tónlist á þessa tölvu þrátt fyrir að hún hafi ekki verið hönnuð til þess,“ segir Jóhann, sem er einnig meðlimur Orgelkvartettsins Apparats.

„Síðan tóku þeir upp þessa tónlist og þessi hljóð þegar hún var tekin úr umferð 1971 og héldu litla



JÓHANN JÓHANNSSON Tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson gefur út sólóplötuna IBM1401, a User's Manual í sumar.

ræðu sem hljómar eins og útför þegar verið er að kveðja gamlan vin. Pabbi fann upptökurnar árið 2000 og ári seinna bjó ég til þetta verk. Síðan hitti ég Ernu dansara og talaði um að gera þessa sögu og


þá varð til þetta dansverk sem við höfum ferðast um með síðastliðin fimm ár,“ segir hann.

Jóhann hefur einnig verið duglegur að semja tónlist við kvikmyndir og samdi síðast tónlistina við Blóðbönd sem var frumsýnd fyrir nokkrum vikum. Áður hafði hann samið tónlist við myndirnar Dís, Íslenski draumurinn og Maður eins og ég.

Að auki stendur nú yfir í Santa Monica í Kaliforníu kvikmynda- og ljósmyndasýningin Ashes and Snow eftir Gregory Colbert sem Jóhann samdi tónlistina fyrir. Sýningin var frumsýnd í Feneyjum, fór svo til New York og verður næst sýnd í Japan.

Í málaferlum

Lögfræðingar leikarans Sir Sean Connery hafa hafið málsókn á hendur golfklúbbsins Sherwood Country Club fyrir að hafa misnotað sér stjórnstöðu hans og vilja ekki endurgreiða honum hluta af vallargjöldum eins og lofað var. Krafist er milljón dollara í skaðabætur, sem samsvara rúmum 72 milljónum íslenskra króna. Lögfræðingar Connerys segja að honum hafi árið 1990 verið boðið að ganga í klúbbinn til að auka enn frekar á vinsældir hans. Árið 2004 hafi hann síðan sagt skilið við völinn og átti þá rétt á að endurheimta áttatíu prósent af þeim gjöldum sem hann hafði greitt. Ekki var staðið við þær skuldbindingar og nafn Connerys var ekki fjarlægð úr meðlimaskrá klúbbsins. Connery lagðist sem kunnugt er undir hnifinn nýverið og lét fjarlægja lungnaæxli.



SEAN CONNERY Segir golfklúbbinn Sherwood Country Club hafa misnotað nafn og frægð hans og heimtar milljónir í skaðabætur.

fræðingum Connerys, segir að þessi málsókn sé allra síðasta úrræðið en ekki hafi verið hægt að tjónka við forsvarsmenn Sherwood-klúbbsins. Connery lagðist sem kunnugt er undir hnifinn nýverið og lét fjarlægja lungnaæxli.

Louis „Skip“ Miller, einn af lög-

Leno biðst afsökunar

Bandaríski spjallþáttastjórnandinn Jay Leno hefur beðist afsökunar á ósmekkleghum brandara sem birtist í þætti hans síðastliðin mánudag. Leno gerði voðaskot varaforsætans Dick Cheney að umtalsefni í stuttu myndbroti og bar það saman við skot sem hljóp af fyrir framan dómshús í Los Angeles og Gerald Curry varð fyrir. Vinkona fórnarlambins, Wendy Brogin, skrifaði Leno bréf þar sem hún kvaðst ekki skilja hvað þáttastjórnandanum gengi til og fordæmdi brandarann sem hún sagði illa ígrundaðan.

Leno hefur löngum verið þekktur fyrir að vera vinalegur við „litla“ manninn og því kom þetta mörgum í opna skjöldu. Leno sýndi sínar bestu hliðar strax daginn eftir og hringdi í Gragin og hann baðst afsökunar en slíkt gerist ekki oft í bandarísku sjónvarpi. Samkvæmt fréttum Daily News í Los Angeles var Gragin mjög hrifin af fram-



JAY LENO Gerði grín að voðaskoti Dick Cheney með frekar vafasömum hætti og baðst í kjölfarið afsökunar á framferði sínu.

komu Leno, sem sagðist vera miður sín yfir að hafa sært hana og tjáði henni að stundum væru mistök gerð.

„Mér finnst mikið til Leno koma og ég veit að hann var bara að gera

grín,“ sagði fórnarlambið Curry við blaðamenn. „Ég tek þetta ekki inn á mig og ég veit að þetta var ekki illa meint. Það að Leno skyldi biðjast afsökunar segir margt um þann mann sem hann hefur að geyma.“



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturs-eiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að billinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíll bílblaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíll án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhykksvörn, SIPS hliðarækstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloft-púða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómlutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upp-hituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjó hátæknivélar standa þér til boða. Bensin eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílblaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

CC ALMANTENSKIL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo S40 bensín.
Verð frá 2.395.000 kr.*

Volvo S40 dísil.
Verð frá 2.765.000 kr.*

Ekki lengur jaðarmenning

Þagana 16.-26.mars eru haldnir Hinsegin Bíó dagar í Regnboganum. Alls verða sýndar 32 kvikmyndir í 19 flokkum en hápunktur hátíðarinnar er í Þjóðleikhúsinu laugardaginn 25. mars þegar verðlaunafhending fer fram en tvær dómnefndir eru að störfum alla hátíðina.

„Við byrjuðum fyrst með þetta árið 1995 en þá var hátíðin frekar illa skipulögð og lagðist í dvala til ársins 2004 en þá var hún haldin aftur í núverandi mynd.“ segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir, stjórnandi Hinsegin Bíó daganna. Kvikmyndir um

samkynhneigð hafa átt góðu gengi að fagna undanfarið en skemmst er að minnast velgengni Brokeback Mountain á Óskarnum nýverið. Þá var Felicity Huffman tilnefnd fyrir leik sinn í Transamerica en báðar þessar kvikmyndir verða sýndar í Regnboganum á meðan kvikmyndahátíðinni stendur. Hrafnhildur telur skýringanna að finna í því hvernig „hinsegin“ kvikmyndahátíðir hafi þróast. „Fyrsta hátíðin með þessu þema var haldin í San Francisco árið 1976 og þá voru þessar kvikmyndir frekar meðanjarðar. Í upphafi tíunda áratugarins hættu kvikmyndirnar hins vegar að vera jaðarmenning og nægir þar að nefna kvikmyndina Bound,“ útskýrir Hrafnhildur. „Markaðsvélin í Hollywood fór í kjölfarið af stað. Reyndar eru kvikmyndir um samkynhneigð oft stútfullar af einhverjum staðalmyndum og þótt Brokeback Mountain fjalli um samkynhneigð á frekar hlutlausan hátt endaði hún engu að síður illa,“ bætir hún við.

Tvær dómnefndir eru að störfum alla hátíðina og segir Hrafnhildur það gert vegna af mikils álags í fyrra. Valinn maður er í hverju rúmi og veitt verða verðlaun í þremur flokkum; Besta leikna myndin, besta heimildarmyndin og besta stuttmyndin. „Við erum að reyna að byggja hátíðina upp út á við og þess vegna er það okkur mikilvægt að geta afhent viðurkenningarskjal í lok hátíðarinnar,“ segir Hrafnhildur og bætir



HÆ MAJA Tvær eldri konur hittast á hárgreiðslustofu, þær þekkjast frá gamalli tíð en vilja sem minnst af fortíðinni vita. Þráin er þó enn til staðar.



D.E.B.S Fjórar stúlkur eru ráðnar af bandarísku leyniþjónustunni en málin flækjast töluvert þegar ein verður ástfangin af skotmarki þeirra.

við að hátíðin hér á landi sé að sýna myndir á undan sambærilegri hátíð í London, sem verði teljast nokkuð vel af sér vikið.

Alls eru 19 flokkar á hátíðinni og verða 32 kvikmyndir frá öllum heimshornum sýndar á þessum tíu dögum. Opnunarmyndin er spænska myndin Bangsalingur sem sver sig í ætt við kvikmyndir leikstjórans Pedro Almodóvar og þykir hún bæði myndin og alvarleg. Hrafnhildur mælir enn fremur með bandarísku kvikmyndinni D.E.-B.S og norsku heimildarmyndinni 100% manneskja. „Hún fjallar á mjög nærgöngulegan hátt um Moniku, sem ákveður að skipta um kyn. Þessi mynd höfðar mjög til nútímans og er ákaflega sérstök,“ segir Hrafnhildur.

freyrgigia@frettabladid.is



100% MANNESKJA Heimildarmynd frá Noregi sem vakið hefur mikla athygli en hún segir frá Moniku, sem ákveður að breyta um kyn.

DAGSKRA HELGARINNAR

Fimmtudagur

20:00 Bangsalingur

Föstudagur

18:00 Ferðalagið

20:00 Síðari dagar

22:00 Hann sjálfur, Peter Berlin

Laugadagur

16:00 Einu sinni var

18:00 Sígaunapakk

20:00 Bangsalingur

22:00 Síðari dagar

Sunnudagur

16:00 Hetjur og hinsegin nasistar

18:00 Sígaunapakk

20:00 Í gini roksins

22:00 Síðari dagar

(Allar sýningar eru í Regnboganum)



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þinar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!



Öruggur staður til að vera á

Nýtt í bíó

MARTIN LAWRENCE
BIG MOMMA'S HOUSE 2
 Mamma allra grínmynda er mætt aftur í bíó!
 Fór beint á toppin í Bandaríkjunum
 200 kr. afsláttur fyrir XY félaga
 WWW.XY.IS

2 FYRIR 1
 FYRIR VIÐSKIPTAVINI GULLVILDAR
GULLVILDAR
RENT
 UPPLIFDU MAGNADAN SÖNGLEIKINN!! STÚTFULL AF STÖRKOSTLEGRI TÓNLIST!

dennis QUaid rene RUSSO
YOURS, MINE & OURS
 8 KRAKKAR. FORELDRARNR. ÞAÐ GETUR ALLT FARIÐ ÚRSKEIÐIS.
 SKEMMTU ÞÉR VEL Á FRÁBÆRRI FJÖLSKYLDUMYND!

Pink Panther demanturinn er horfinn og heimsins frægasta rannsóknarlögregla gerir allt til þess að klúðra málinu...
STEVE MARTIN KEVIN KLINE BEYONCÉ KNOWLES
JEAN RENO
THE PINK PANTHER
 FM 957
 VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

ÓSKARSVERÐLAUNIN sem besti leikari í aðalhlutverki
capote

ÓSKARSVERÐLAUNIN Besta leikkona í aðalhlutverki - Reese Witherspoon
BROKEBACK MOUNTAIN

ÓSKARSVERÐLAUNIN Besta leikkona í aukahlutverki Rachel Weisz
THE CONSTANT GARDENER

TÖFRANDI ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
WALK THE LINE

HINSEGIN BIÓDAGUR Í REGNBOGANUM
 BANGSALINGUR SÝND KL. 8

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000	REGNBOGINN SÍMI 551 9000	Þróun SÍMI 462 3500
BIG MOMMA'S HOUSE 2 kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15	BIG MOMMA'S HOUSE 2 kl. 6.50, 9 og 11.10	BIG MOMMA'S HOUSE 2 kl. 8 og 10
BIG SÝND Í LÚXUS kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA	RENT kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA	RENT kl. 10 B.I. 14 ÁRA
RENT kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA	CAPOTE kl. 5.30 og 8 B.I. 16 ÁRA	YOURS, MINE & OURS kl. 8
YOURS MINE AND OURS kl. 4 og 6	BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5.20 og 10 B.I. 12 ÁRA	PINK PANTHER kl. 6
PINK PANTHER kl. 3.45, 5.50 og 10.10	CONTANT GARDENER kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA	BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA
NANNY MCPHEE kl. 3.40 og 5.50	BANGSALINGUR kl. 8 HINSEGIN BIÓDAGUR	
WALK THE LINE kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA		

400 kr. í bíó!
 Gættu um að nota gullvildar og þróunarmarkir með myndunum.

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

Sími 553 2075

MARTIN LAWRENCE
BIG MOMMA'S HOUSE 2
 Mamma allra grínmynda er mætt aftur!
 FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
 Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

dennis QUaid rene RUSSO
YOURS, MINE & OURS
 Sýnd kl. 4 og 6

SCARLETT JOHNSON JONATHAN RHYS MEYERS
MATCH POINT
 Sýnd kl. 8 og 10:15

TÖFRANDI ÆVINTÝRAMYND
WALK THE LINE
 Sýnd kl. 4 og 6

www.laugarasbio.is

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Stjórn á blóðþrýstingi

LH
 EPLI OG PÍLSUR

LH inniheldur náttúruleg lífvirk peptíð sem geta hjálpað til við stjórn á blóðþrýstingi

LH-drykkurinn er gerður úr undanrennu og er því fitulaus. Auk peptíðanna inniheldur hann í ríkum mæli kalk, kalíum og magníum en rannsóknir benda til að þessi steinefni hafi einnig jákvæð áhrif á blóðþrýsting.

VÍSIR VEF TV

Besti Bond sögunnar?

Daniel Craig þarf engu að kvíða þegar kemur að stuðningi frá leikstjóranum Martin Campbell en hann lýsti því yfir í viðtali að Craig væri betri Bond en Connery, Moore og Brosnan. „Daniel Craig er einfaldlega besti James Bond allra tíma,“ sagði Campbell við blaðamenn á dögnum en hann ætti að hafa reynsluna því Campbell var við stjórnvölinn í fyrstu mynd Brosnans, Goldeneye. „Bond mun þjást bæði líkamlega og andlega en við hefðum ekki getað gert slíka hluti með Pierce,“ hélt Campbell áfram og Craig hlýtur að vera honum ævinlega þakklátur fyrir þennan opinbera stuðning enda orðið fyrir miklu aðkasti undanfarið. „Hann berst með hnefunum en ekki einhverjum tölvu-



DANIEL CRAIG Nýtur stuðnings hjá leikstjóranum Martin Campbell, sem segir hann besta Bond allra tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

gerðum hlutum,“ bætti Campbell við og vísaði á bug þeim fregnum að Craig kynni ekki að keyra sjálfskiptan bíl. „Tökudagarnir verða honum líkamlega erfiðir,“ sagði hann. ■

Ævintýrlega góður risaleikur

Shadow of the Colossus er frá sömu aðilum og gerðu ICO, leik sem margir höfðustu spilarar telja einhvern besta leik sem komið hefur út á PlayStation 2. Sá leikur fékk þó ekki þá athygli sem hann átti skilið og í raun fór hann framhjá flestum þannig að væntingarnar mínar voru gríðarlegar og spennan eftir því þegar ég horfði á eftir Shadow of the Colossus-disknum hverfa inn í vélina. Að því búnu var ekkert annað að gera en að koma sér vel fyrir þar sem magnað myndskild þaut áfram á skjánum til þess að koma manni í stemningu fyrir leikinn.

Myndbrotinu lýkur á því að aðalpersóna leikjarins ber stúlku upp á eins konar altari, leggur hana frá sér og fær tilskipanir frá drungalegri röddu að hann þurfi að sigr nokkrar illar verur til þess að vekja stúlkuna aftur til lífs. Þetta hljómar eins og söguþráður í öðrum hverjum ævintýrleik og því er mjög mikilvægt að slagkrafturinn í framsetningunni sé mikill og mögnuð stemning náist upp. Það tekst heldur betur í þessu tilfalli enda gerist leikurinn í stórbrotnu landslagi þar sem aðalsöguhetjan geysist um á fögrum faki í leit að þessum illu verum sem hann þarf að sigrast á.

Allar þessar illu vættir eiga það sameiginlegt að vera gríðarstórar og er litlu púri eytt í einhverja smákalla sem eiga að stöðva mann í leitinni að þeim. Leikurinn er því í raun uppfullur af aðal vonduköllum eða „endaköllum“ eins og þeir nefnast í daglegu tali. Verurnar eru allar það stórar að hetjan þarf að finna ýmsar leiðir til að ráða niðurlögum þeirra og oftar en ekki hangir hetjan á þeim í órvæntingu og bíður eftir tækifæri til þess að reka sverðið á bólakaf, hvort sem



SHADOW OF THE COLOSSUS
 Vélbúnaður: PLAYSTATION 2
 Heildareinkunn: 9.5

Niðurstaða Frábær leikur í alla staði og fátt sem hægt er að setja út á. Grafíkin er með því flottasta sem sést hefur en hann verður þó full auðveldur á köflum.

Það er í höfuð, bak eða hvað annað sem þarf til þess að sigr.

Þetta finnst mér heppnast gríðarlega vel og spennan magnast verulega þegar verið er að klára kvikindi sem er svo stórt að maður sér það sjaldnast í heilu lagi og varla þá helminginn af því.

Grafíkin í leiknum er öll til fyrirmyndar og nokkuð ljóst að hún er ein sú flottasta sem sést hefur á PlayStation 2. Í raun er leikurinn frábær í alla staði og fátt hægt að setja út á hann nema kannski að hann á til að verða svolítið auðveldur þegar á liður en þó aldrei svo auðveldur að það verði óþolandi. Sumsé er hér á ferðinni magnaður leikur fyrir alla þá sem vott af ævintýrþrá og kunna að höndla stýripinnann. Sverrir Bergmann

Leikbær

Risastóra Leikbæjarútsalan

í fullum gangi í Perlunni

opið milli 12-18

Aðeins 6 dagar!
Lýkur á sunnudag!

Allt að 80% afsláttur!

allt tilboð
 Alla föstudaga

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frestur hjá popparanum **Michael Jackson** til að borga starfsfólki sínu á Neverland-búgarðinum rann út í gær. Starfsfólkið á inni vangöldin laun upp á rúmar tuttugu milljónir og geti Jackson ekki borgað á hann yfir hófi sér enn eina mállsóknina.

<p>FRUMSÝNING</p> <p>Leigumörðingi og sálumáður labba inná bar og ótrúleg alburðarás hefst...</p> <p>Ógleymanlegar persónur í mynd sem er svo tölt, skemmlifeg og alveg drepulindin.</p> <p>Pierce Brosnan hefur aldrei verið betri. pierce brosnan greg kinnear hope davis</p> <p>matador</p> <p>ÁLFABAKKA</p> <table border="1"> <tr><td>THE MATADOR</td><td>KL. 6-8-10-10:20</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>THE MATADOR VIP</td><td>KL. 3:50-6-8-10-10:20</td><td></td></tr> <tr><td>LASSIE</td><td>KL. 3:50-6</td><td></td></tr> <tr><td>AEON FLUX</td><td>KL. 4-6-8-10-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>SYRIANA</td><td>KL. 8:10-10:40</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 4-6-8-10-10</td><td></td></tr> <tr><td>CASANOVA</td><td>KL. 6-8-10-10:20</td><td></td></tr> <tr><td>BAMBI 2 ísl. tal</td><td>KL. 4</td><td></td></tr> <tr><td>LITLI KUÁLINN ísl. tal</td><td>KL. 4</td><td></td></tr> </table> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	THE MATADOR	KL. 6-8-10-10:20	B.I. 16	THE MATADOR VIP	KL. 3:50-6-8-10-10:20		LASSIE	KL. 3:50-6		AEON FLUX	KL. 4-6-8-10-10	B.I. 16	SYRIANA	KL. 8:10-10:40	B.I. 16	BLÓÐBÖND	KL. 4-6-8-10-10		CASANOVA	KL. 6-8-10-10:20		BAMBI 2 ísl. tal	KL. 4		LITLI KUÁLINN ísl. tal	KL. 4		<p>CHARLIZE THERON</p> <p>AEON FLUX</p> <p>HEFDIN ER Á LEIÐINI</p> <p>KEFLAVÍK</p> <table border="1"> <tr><td>BIG MOMMA'S HOUSE 2</td><td>KL. 8-10</td><td></td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> </table> <p>AKUREYRI</p> <table border="1"> <tr><td>LASSIE</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>THE MATADOR</td><td>KL. 8-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>AEON FLUX</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>PRIDE & PREJUDICE</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> </table> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	BIG MOMMA'S HOUSE 2	KL. 8-10		BLÓÐBÖND	KL. 8		LASSIE	KL. 6		THE MATADOR	KL. 8-10	B.I. 16	AEON FLUX	KL. 10	B.I. 16	BLÓÐBÖND	KL. 6		PRIDE & PREJUDICE	KL. 8		<p>OTTOOLE MORTON LYNN DINEEN</p> <p>LASSIE</p> <p>KRINGLUNNI</p> <table border="1"> <tr><td>LASSIE</td><td>KL. 5:50-8</td><td></td></tr> <tr><td>THE NEW WORLD</td><td>KL. 10:10</td><td></td></tr> <tr><td>THE PINK PANTHER</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> <tr><td>DERAILED</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>MUNICH</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BAMBI 2 ísl. tal</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	LASSIE	KL. 5:50-8		THE NEW WORLD	KL. 10:10		THE PINK PANTHER	KL. 6		DERAILED	KL. 8	B.I. 16	MUNICH	KL. 10	B.I. 16	BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6		<p>Leigumörðingi og sálumáður labba inná bar og ótrúleg alburðarás hefst...</p> <p>Pierce Brosnan hefur aldrei verið betri.</p> <p>matador</p> <p>HÁSKÓLABÍO</p> <table border="1"> <tr><td>THE MATADOR</td><td>KL. 6-8-10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>THE NEW WORLD</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> <tr><td>THE WORLD'S FASTEST INDIAN</td><td>KL. 5:30-8</td><td></td></tr> <tr><td>SYRIANA</td><td>KL. 5:30-10:30</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>CRASH</td><td>KL. 8</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>BLÓÐBÖND</td><td>KL. 6</td><td></td></tr> </table> <p>HÁSKÓLABÍO S: 530-1919</p>	THE MATADOR	KL. 6-8-10	B.I. 16	THE NEW WORLD	KL. 8		THE WORLD'S FASTEST INDIAN	KL. 5:30-8		SYRIANA	KL. 5:30-10:30	B.I. 16	CRASH	KL. 8	B.I. 16	BLÓÐBÖND	KL. 6	
THE MATADOR	KL. 6-8-10-10:20	B.I. 16																																																																																					
THE MATADOR VIP	KL. 3:50-6-8-10-10:20																																																																																						
LASSIE	KL. 3:50-6																																																																																						
AEON FLUX	KL. 4-6-8-10-10	B.I. 16																																																																																					
SYRIANA	KL. 8:10-10:40	B.I. 16																																																																																					
BLÓÐBÖND	KL. 4-6-8-10-10																																																																																						
CASANOVA	KL. 6-8-10-10:20																																																																																						
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 4																																																																																						
LITLI KUÁLINN ísl. tal	KL. 4																																																																																						
BIG MOMMA'S HOUSE 2	KL. 8-10																																																																																						
BLÓÐBÖND	KL. 8																																																																																						
LASSIE	KL. 6																																																																																						
THE MATADOR	KL. 8-10	B.I. 16																																																																																					
AEON FLUX	KL. 10	B.I. 16																																																																																					
BLÓÐBÖND	KL. 6																																																																																						
PRIDE & PREJUDICE	KL. 8																																																																																						
LASSIE	KL. 5:50-8																																																																																						
THE NEW WORLD	KL. 10:10																																																																																						
THE PINK PANTHER	KL. 6																																																																																						
DERAILED	KL. 8	B.I. 16																																																																																					
MUNICH	KL. 10	B.I. 16																																																																																					
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6																																																																																						
THE MATADOR	KL. 6-8-10	B.I. 16																																																																																					
THE NEW WORLD	KL. 8																																																																																						
THE WORLD'S FASTEST INDIAN	KL. 5:30-8																																																																																						
SYRIANA	KL. 5:30-10:30	B.I. 16																																																																																					
CRASH	KL. 8	B.I. 16																																																																																					
BLÓÐBÖND	KL. 6																																																																																						

Sendir Pitt tóninn

Michael Douglas sendir Brad Pitt tóninn í nýlegu viðtali sem birtist við kappann. Þar segist hann hvorki skilja upp né niður í Pitt að fara frá jafn gullfallegru konu og Jennifer Aniston til þess eins að halda á ættleiddum börnum Angelinu Jolie. „Hversu lengi á þetta eiginlega eftir að endast,“ spurði Douglas, sem áður hefur látið skilnaðaróðar stjórnur heyra það. Nægir þar að nefna skammlíft hjónaband Juliu Roberts og Lyle Lovett að ógleymdu fjögurra mánaða sambandi Renee Zellweger og kántristjórnnunnar Kenny Chesney.

Samkvæmt tímaritinu GQ var Brad Pitt ekkert ýkja ánægður með þessar yfirlýsingar leikarans. Mörgum þykir Douglas enn fremur vera kasta steinum úr

glerhúsi en hann átti lengi í erfiðleikum með kynlífsfíkn sína og var ekki við eina fjölinna felldur þegar hann var með Diöndru Douglas. Hann er nú giftur Catherine Zeta Jones og þykir hjónaband þeirra með þeim traustustu í kvikmyndaborginni en hjónakornin eiga tvö börn saman. Douglas hefur lengi verið meðal valdamestu manna í Hollywood og nú virðist hann einnig hafa tekið að sér hlutverk síðapostula meðal stjarnanna í Englaborginni. ■



MICHAEL DOUGLAS Hefur tekið að sér að vera síðapostuli í Hollywood og sendir Brad Pitt tóninn í viðtali nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



CHLOË SEVIGNY Reiddist ásamt Bill Paxton. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ganga af göflunum

Bill Paxton og Chloë Sevigny helltu úr skálum reiði sinnar yfir þáttastjórnanda sem vogaði sér að sýna ástaratriði þar sem Chloë veitir mótleikara sínum munn-gælur.

Bill og Chloë voru gestir í viðtalsþættinum The View á miðvikudag þegar stjórnandinn framkvæmdi þetta uppátæki en munn-gæluatriðið er úr myndinni The Brown Bunny.

Áhorfendur í upptökuverinu segja þau hafa sett upp steingrímu þar til slökkt var á myndavélunum en þá hafi skammirnir dunið á stjórnanda þáttarins. Uppákomun var síðan klippt út fyrir útsendingu.


Talsmaður þáttarins segir þetta ekki hafa verið illa meint hjá stjórnandanum. ■



betra bragð
betri gæði
betra verð



Allt í tælenska
matinn



Skeifan 4 • s. 5881818

200 kr. afsláttur*
fyrir XY félaga á

BIG MOMMA'S HOUSE 2

Inngöngugjöf
Nýir XY félagar fá
bíómiða fyrir tvo að
eigin vali eða flottan
Ósöma XY bol.

GLITNIR

www.xy.is
*Gegn framvísun kortsins

HVAÐ ERU MÖRG NÚLL Í
EINNI MILLJÓN?
HLUSTADU FM
Á HLJÓÐIÐ 957



Halldór í tveggja leikja bann

Halldór Karlsson, fyrirlíði Njarðvíkur, var í gær dæmdur í tveggja leikja bann af aganefnd KÍ í kjölfar brottrekstursvillu sem hann hlaut í leik gegn Keflavík í Iceland Express-deildinni sl. fimmtudag. Halldór var kærður fyrir óhöfleg mót-mæli við dómara en þetta er í annað sinn sem hann er kærður til aganefndar í vetur.

sport
sport@frettabladid.is

HANDBOLTAMAÐURINN BJARNI FRITZSON: HEFUR KOMIÐ SÉR VEL FYRIR Í FRAKKLANDI

Er allt of lítill til að spila í skyttustöðunni

Handboltamaðurinn Bjarni Fritzon er búinn að koma sér vel fyrir hjá franska úrvalsdeildarliðið Créteil, en þangað fór hann í sumar eftir að hafa leikið með ÍR síðustu ár. Créteil er rétt utan við höfuðborgina París og hefur Bjarna líkað vistin afar vel það sem af er, en hann og Ragnar Óskarsson eru einu fulltrúar Íslands í frönsku úrvalsdeildinni í handbolta. „Þetta hefur tekið smá tíma en mér líður mjög vel hérna í Frakklandi,“ sagði Bjarni við Fréttablaðið.

„Fyrst eftir að ég kom var ég að basla við að klára sálfræðina í fjarnámi frá Íslandi og það tók sinn toll. Ég gerði mér

í raun ekki grein fyrir því hvað það var mikilvægt að komast inn í tungumálið og menninguna hér. En eftir að ég lauk náminu hefur þetta gengið mun betur og núna eftir áramót hef ég verið að spila mjög mikið,“ segir Bjarni, sem er nú orðinn fyrsti kostur í hægra hornið hjá Créteil. Liðið er um miðja deild í Frakklandi og hefur ekki staðið undir væntingum í heimalandinu en í Evrópukeppninni hefur gengið mun betur og er liðið komið í undanúrslit í EHF-keppninni þar sem andstæðingurinn er lið Göppingen í Þýskalandi. „Hópurinn samanstendur að miklu leyti af leikmönnum sem hafa spilað lengi saman

og það virðist sem það vanti aðeins upp á metnaðinn fyrir að standa sig vel í deildinni. Við erum miklu betri í Evrópukeppninni og það er eins og menn leggi sig einhvern veginn miklu frekar fram þar,“ segir Bjarni og bætir því við að liðið stefni að sjálfsögðu að komast í úrslitin í EHF-keppninni.

Bjarni kveðst hafa bætt sig töluvert sem leikmaður, enda varla annað hægt í jafn sterkri deild og sú franska er. „Deildin er sterkari en ég átti von á og liðin hér æfa gríðarlega mikið, allt að tíu sinnum í viku fyrir utan sjálfa leikina,“ segir Bjarni, sem spilar eingöngu í horninu en ekki neitt í skyttustöðunni eins og hann gerði jafnan hjá ÍR í fyrra. „Ég hef ekkert að gera í skyttuna í þessum alþjóðlega bolta. Ég er allt of lítill.“

> Ísland fellur um eitt sæti

Íslenska landsliðið í knattspyrnu er í 97. sæti á styrkleikalista alþjóða knattspyrnusambandsins, FIFA, sem gefinn var út í gær. Liðið hefur fallið um eitt sæti frá því í febrúar og tvö sæti frá því á sama tíma í fyrra. Frá því að síðasti listi var gefinn út hefur landsliðið leikið einn leik, vinátuleik gegn Trínídad og Tóbagó í London sem tapaðist, 2-0. Brasilumenn er sem fyrr í efsta sæti listans en Tékkar eru í öðru sæti og Hollendingar í því þriðja. Þá eru Bandaríkjamenn komnir upp í fimmta sæti listans.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

13 14 15 16 17 18 19

Fimmtudagur

LEIKIR

19.15 Keflavík og Fjölnir mætast í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta í Keflavík.

20.00 KR og Snæfell mætast í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta í DHL-höllinni.

SJÓNVARP

19.10 Gillette World Cup á Sýn. Öll liðin á HM eru tekin ítarlega fyrir.

19.45 Iceland Express-deildin á Sýn. Bein útsending frá leik KR og Snæfells.

21.40 HM í Þýskalandi 2006 á Sýn. Upphíttunarpáttur fyrir þetta stærsta fótboltamót í heimi.

22.10 A1 Grand Prix á Sýn. Fréttapáttur um kappaksturinn.

Áhugi frá Þýskalandi og víðar

Arnór Atlason þarf ekki að kvíða framtíðinni þótt þýska liðið Magdeburg vilji ekki nýta krafta hans áfram. Tvö þýsk úrvalsdeildarfélag hafa sýnt honum áhuga, sem og lið frá Danmörku, Svíþjóð og Frakklandi.

HANDBOLTI Bæði Arnóri og Sigfúsi Sigurðssyni var tjáð á dögunum af hálfu Magdeburg að þjónustu þeirra væri ekki óskað lengur en fram á næsta sumar. Arnór er samningsbundinn Magdeburg fram á sumar 2007 en eðli málsins samkvæmt vill hann ekki vera lengur hjá félagi sem vill ekki nýta krafta hans og því er hann farinn að líta alvarlega í kringum sig en Magdeburg mun ekki standa í vegi fyrir brottför hans finni hann sér nýtt félag.

„Það eru tvö þýsk úrvalsdeildarfélag búin að setja sig í samband við mig og ég funda væntanlega með þeim í næstu viku,“ sagði Arnór en það er ekki eingöngu áhugi frá Þýskalandi á skyttunni

öflugu frá Akureyri. „Ég hef fengið fyrirspurnir frá liðum í Danmörku, Svíþjóð og Frakklandi en hef ýtt þeim til hliðar á meðan ég skoða mín mál í Þýskalandi því hér vil ég helst vera. Þýskaland er klárlega minn besti kostur.“

Arnór vildi ekki tala um hvaða lið það væru sem hefðu áhuga á honum en sagði þau bæði sigla frekar lygnan sjó í úrvalsdeildinni og ekki líkleg til að falla.

„Þetta gæti verið fín kostur fyrir mig enda fengi ég örugglega að spila meira hjá þessum liðum en ég hef fengið hjá Magdeburg og ég þarf klárlega á því að halda að spila meira á meðal þeirra bestu ef ég á að bæta minn leik,“ sagði Arnór. henry@frettabladid.is



ARNÓR ATLASON Mun ræða við tvö þýsk félag fljótlega en Magdeburg hefur ekki áhuga á að nýta krafta hans lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Chevrolet gæði - frábært verð !



Opnunartilboð!

DVD ferðaspilari fylgir öllum nýjum Chevrolet bílum



Lacetti



Bilabúð Benna

Bilabúð Benna - Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000 - www.benni.is



Gleðifréttir fyrir stuðningsmenn Liverpool:

Benitez búinn að framlengja

FÓTBOLTI Margir stuðningsmenn Liverpool stukkðu hæð sína í loft upp í gær þegar Sky-fréttastofan greindi frá því að knattspyrnu-stjóri félagsins, Rafael Benitez, hefði framlengt samning sinn við félagið.

Mikið hefur verið rætt og ritað um framtíð spænska stjórans síðustu vikur en fullvíst var talið að spænska stórlíðið Real Madrid myndi freista hans verulega. Af því verður augljóslega ekki eftir þessi tíðindi.

Í frétt Sky kemur einnig fram að Benitez hefði framlengt samning sinn við félagið um eitt ár. Samningur hans nær því til ársins 2010. - hbg



RAFAEL BENITEZ Er ekki búinn að ljúka ætunarverki sínu hjá Liverpool. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ian Jeffs fór á reynslu til Örebro í Svíþjóð:

Viljum ekki missa hann

FÓTBOLTI Enski miðjumaðurinn Ian Jeffs, sem leikið hefur með ÍBV síðustu þrjú ár, fór nýlega á reynslu til sænska úrvalsdeildarliðsins Örebro og var þar í fjóra daga. Jeffs lék tvo æfingaleiki með liðinu á þeim tíma og að því er fram kemur á heimasíðu félagsins stóð Jeffs sig mjög vel, en hann er samningsbundinn Eyjamönnum út næsta sumar. Þess má geta að Hlynur Stefánsson, fyrrum leikmaður ÍBV, lék með Örebro á sínum tíma.

Að sögn Viðars Elíassonar, formanns knattspyrnudeildar ÍBV, hafði félagið ekkert heyrnt í forráðamönnum Örebro og því var málið í biðstöðu. „En við viljum alls ekki missa Jeffs. Hann er algjör lykilmáður hjá okkur,“ sagði Viðar, en Jeffs hefur leikið 48 leiki með liði ÍBV í Landsbankadeildinni síðustu þrjú ár og skorað í þeim átta mörk. - víg



IAN JEFFS Hefur verið einn albesti leikmaður ÍBV síðustu ár og má liðið illa við því að missa hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BIKARINN Á LOFT Haukastúlkur voru kátar er þær fengu afhentan bikarinn fyrir sigur í deildinni. FRÉTTAHLAÐIÐ/STEFÁN

Bíðum spennnt eftir úrslitaeinvíginu

Grindavík tryggði sér annað sætið í Iceland Express-deild kvenna með góðum sigri á Keflavík, 77-70.

KÖRFUBOLTI Leikur Grindavíkur og Keflavíkur var leikur varnanna og þá sérstaklega í fyrri hálfleik en eftir hann var staðan 34-30. Tamara Stocks sýndi mátt sinn og megin í Grindavíkurliðinu en hún nýtti vel styrk sinn í teignum og Keflavíkurstúlkum gekk illa að stöðva þennan sterka leikmann. Stocks skoraði alls 29

stig en Hildur Sigurðardóttir 25. Grindavíkurstúlkur höfðu fimmkvæðið framan af og leiddu leikinn en þó með litlum mun. Gestirnir voru óheppnir með skotin en um leið og þau fóru að detta betur komust þær betur í takt við leikinn og tókst að jafna snemma í síðari hálfleik. Seinni hálfleikurinn var jafn og æsispennandi, Grindavíkurstúlkur leiddu þó nánast alltaf en gekk illa að klára leikinn. Þær innbyrtu þó sigurinn í lokin þrátt fyrir að gestirnir hafi gert harða atlögu að sigrinum en lokatölur urðu 77-70.

„Ég gæti vel trúað því að þetta sé það sem koma skal í úrslitakeppninni. Við vorum að spila ágætlega í byrjun en slökuðum síðan aðeins á þegar taugaveiklun gerði vart við sig. Tamara er enn að læra inn á liðið og við erum enn að læra inn á hana en þetta kemur allt saman,“ sagði Unndór Sigurðsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn.

„Ég bíð spennntur eftir úrslitaeinvíginu. Við ætlum okkur að koma vel undirbúna til leiks og við þekkjum Keflavíkurliðið vel, við vitum kosti þeirra og galla og þetta verður því hörkueinvígi,“ sagði Unndór að lokum.

- hph


ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Iceland Express-deild kvk:

GRINDAVÍK-KEFLAVÍK	77-70
Stig Grindavíkur: Tamara Stocks 29, Hildur Sigurðardóttir 25, Jovana Stefánsdóttir 6, Alma Rut Garðarsdóttir 6, Petrunella Skúladóttir 6, Ingibjörg Jakobsdóttir 3, Harpa Hallgrímsdóttir 2.	
Stig Keflavíkur: Lakiste Barkus 23, Birna Valgarðsdóttir 13, Kara Sturludóttir 8, María Erlingsdóttir 8, Auður Jónsdóttir 7, Bryndís Guðmundsdóttir 5, Svava Stefánsdóttir 3, Marín Karlsdóttir 2, Ingibjörg Vilbergsdóttir 1.	
HAUKAR-BREIÐABLIK	78-55
ÍS-KR	78-56

LOKASTAÐAN:

HAUKAR	20	19	1	1733:1172	38
GRINDAVÍK	20	14	6	1593:1356	28
KEFLAVÍK	20	12	8	1744:1355	24
ÍS	20	11	9	1423:1382	22
BREIÐABLIK	20	2	18	1198:1691	4
KR	20	2	18	1038:1773	4



FERGUSON OG KEANE Fyrrum fyrirlíði Manchester United er ekkert sérlega spennntur fyrir því að snúa aftur á Old Trafford.

Roy Keane fær kveðjuleik á Old Trafford 9. maí:

Veit ekki hvort þetta er rétt

FÓTBOLTI Forráðamenn Manchester United og Celtic hafa ákveðið að spilaður verði kveðjuleikur til heiðurs Roy Keane í lok leiktíðarinnar og mun hann að öllum líkindum fara fram á Old Trafford 9. maí næstkomandi.

Keane lék í tólf ár hjá Man. Utd., síðustu árin sem fyrirlíði, og vill félagið sýna hversu mikils virði framlag hans þessi ár hafi verið jafnvel þó að endalok hans hjá félaginu í lok síðasta árs hafi ekki verið á besta veg.

Keane sjálfur hefur blendnar tilfinningar til leiksins og kveðst ekki hafa átt von á slíkum leik.

„Ég er ekki fullkomlega viss um að þetta sé rétt. Það er erfitt að útskýra af hverju en það er að hluta til vegna þess hvernig ég skildi við félagið,“ segir Keane, en allur ágóði af leikum mun renna til góðgerðarmála.

„Það verður gott að snúa aftur og kveðja stuðningsmennina almennilega en ég tel mig ekki hafa neina þörf á því að snúa aftur til að kveðja stjórnann og alla samherjana,“ segir Keane en svo virðist sem ekki séu öll kurl komin til grafar í deilum hans og Alex Ferguson, stjóra Man. Utd.

- vig

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

Arnar Kristín www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

NASA

FÖSTUDAGUR. 17 MARS. 2006

AMPOP TÓNLEIKAR

HÚSIÐ OPNAR KL. 20
MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

RAFREYKJAVÍK 01.IS

LUKE VIBERT
DR. MISTER
& MR. HANDSOME

HÚSIÐ OPNAR KL.24
MIÐAVERÐ KR.1500
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

LAUGARD. 18. MARS. 2006

Í FYRSTA SKIPTI Í REYKJAVÍK – GLAM ROCK HLJÓMSVEITIN

DRIFKRAFT

SEM SLÓ EFTIRMINNILEGA Í GEGN Á ÞJÓDHÁTÍÐ Í FYRRA

ÞENN HEIMSERAGTI 80'S PLÓTUSNÓÐUR
STUÐBOLTAR 21LANEBS

DJ TRANCID
ALLA LEIÐ FRÁ HÍTICAGO
I SVÖRTUM FÖTUM
BOKKA UPP

Tryggið ykkur miða í tíma
Forsala á NASA fimmtudag og föstudag

NASA.IS

PAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

TÖLFRÆÐIN Í VETUR

STIGAHÆSTU LEIKMENN

1. A.J. Moey, Keflavík	28,9
2. Jeremiah Johnson, Grindavík	27,5
3. Clifton Cook, Hamar/Selfoss	27,3
4. Nemjana Sovic, Fjölínir	26,4
5. Jeb Ivey, Njarðvík	24,2
6. Theo Dixon, ÍR	24,0
7. Jovan Zdravovski, Skallagrímur	23,6
8. Eugene Christopher, Höttur	22,5
9. Páll Axel Vilbergsson, Grindavík	20,7
10. Nate Brown, Snæfelli	19,7

FLEST FRÁKÖST

1. George Byrd, Skallagrímur	16,5
2. Friðrik Stefánsson, Njarðvík	11,3
3. A.J. Moey, Keflavík	10,7
4. Ómar Örn Sævarsson, ÍR	10,1
5.-6. Igor Beljanski, Snæfelli	10,0
5.-6. Mario Myles, Þór Ak.	10,0
7. Svavar Páll Pálsson, Hamar/Selfoss	8,6
8.-9. Kristinn Jónasson, Haukar	8,4
8.-9. Páll Kristinnsson, Grindavík	8,4
10. Clifton Cook, Hamar/Selfoss	7,9

FLESTAR STOÐSENDINGAR

1. Jeremiah Johnson, Grindavík	7,0
2. Svavar Ingi Haraldsson, Haukar	6,8
3. Nate Brown, Snæfelli	6,7
4. Jeb Ivey, Njarðvík	5,9
5. Dimitar Karadzovski, Skallagrímur	5,3
6. Arnar Freyr Jónsson, Keflavík	5,1
7. Lásur Jónsson, Fjölínir	4,7
8.-9. Clifton Cook, Hamar/Selfoss	4,4
8.-9. Mario Myles, Þór Ak.	4,4
10. Hörður A. Vilhjálmsson, Fjölínir	4,2

FLEST VARIN SKOT

1. Egill Jónasson, Njarðvík	3,62
2. George Byrd, Skallagrímur	2,63
3. Friðrik Stefánsson, Njarðvík	1,91
4. Peter Gecolovsky, Höttur	1,40
5. Þorsteinn Hünfjörð, Þór Ak.	1,36
6. Ingvaldur M. Hafsteinnsson, Snæfell	1,27
7. Nedsad Biberovic, Grindavík	1,25
8. Ómar Örn Sævarsson, ÍR	1,18
9. Jón Nordal Hafsteinnsson, Keflavík	1,11
10. AJ Moey, Keflavík	0,84

FLESTIR STOLNIR BOLTAR

1. Clifton Cook, Hamar	3,50
2. Svavar Ingi Haraldsson, Haukar	3,18
3. Jeremiah Johnson, Keflavík	3,16
4. Nate Brown, Snæfell	3,11
5. Brenton Birmingham, Njarðvík	3,09
6. Eugene Cristopher, Höttur	3,00
7. Theo Dixon, ÍR	2,27
8. Eiríkur Öndurson, ÍR	2,19
9. Helgi Reynir Guðmundsson, Snæfell	2,18
10. Mario Myles, Þór Ak.	2,00

BESTA VÍTANÝTING

1. Nemjana Sovic, Fjölínir	86,4%
2. Jeb Ivey, Njarðvík	83,5%
3.-4. Þorleifur Ólafsson, Grindavík	82,9%
3.-4. Magnús Gunnarsson, Keflavík	82,9%
5. Jón Ólafur Jónsson, Snæfell	82,5%
6. Marvin Valdimarsson, Fjölínir	82,0%
7. Sveinbjörn Claessen, ÍR	81,6%
8. Sigurður Þ. Einarsson, Haukar	80,8%
9. Pétur M. Sigurðsson, Skallagrímur	80,4%
10. Mark Woodhouse, Þór Ak.	80,0%

BESTA 3-STIGA SKOTNÝTING

1. Brynjar Þór Björnsson, KR	43,9%
2. Jeb Ivey, Njarðvík	43,7%
3. Páll Axel Vilbergsson, Grindavík	43,3%
4. Guðlaugur Eyjólfsson, Grindavík	43,2%
5. Gunnar Einarsson, Keflavík	43,1%
6. Jovan Zadrevski, Skallagrímur	42,9%
7. Pétur M. Sigurðsson, Skallagrímur	42,4%
8. Jeremiah Johnson, Grindavík	41,6%
9. Eugene Cristopher, Höttur	41,4%
10. Nemjana Sovic, Fjölínir	41,4%

BESTA 2-STIGA SKOTNÝTING

1. Brenton Birmingham, Njarðvík	64,1%
2. A.J. Moey, Keflavík	61,1%
3. Magnús Gunnarsson, Keflavík	60,6%
4. Jón N. Hafsteinnsson, Keflavík	60,3%
5. Jovan Zadrevski, Skallagrímur	58,4%
6. Nemjana Sovic, Fjölínir	58,0%
7. George Byrd, Skallagrímur	58,0%
8. Niels Páll Dungal, KR	58,0%
9. Igor Beljanski, Snæfell	57,6%
10. Friðrik Stefánsson, Njarðvík	57,1%

BESTA SKOTNÝTING

1. Jón N. Hafsteinnsson, Keflavík	59,7%
2. A.J. Moey, Keflavík	58,9%
3. Ómar Örn Sævarsson, ÍR	54,8%
4. Nemjana Sovic, Fjölínir	54,4%
5. Friðrik Stefánsson, Njarðvík	54,2%
6. Igor Beljanski, Snæfell	54,0%
7. George Byrd, Skallagrímur	53,6%
8. Jovan Zadrevski, Skallagrímur	52,4%
9. Páll Kristinnsson, Grindavík	51,1%
10. Brenton Birmingham, Njarðvík	51,0%

*ATH. Aðeins þeir leikmenn sem spilaðu a.m.k. helming leikja tímabilsins, eða 11 talsins, eru gjaldgengir á listana.

Úrslitakeppni körfuboltans:

Í beinni á Sýn

KÖRFUBOLTI Eins og síðustu ár verður sjónvarpsstöðin Sýn með beinar útsendingar frá fjölmörgum leikjum í úrslitakeppni Intersport-deildarinnar. Sú fyrsta verður í kvöld þegar leikur KR og Snæfells verður sýndur kl. 19.45.

Friðrik bestur að mati þjálfara

Friðrik Stefánsson, miðherji Njarðvíkur, er besti leikmaður Intersport-deildarinnar í körfubolta í ár að mati allra þjálfara deildarinnar. Friðrik hafði mikla yfirburði í kjörinu, sem allir þjálfarar deildarinnar tóku þátt í. Ingvaldur Magni Hafsteinnsson úr Snæfelli varð þriðji og Páll Axel Vilbergsson, Grindavík, þriðji.

KÖRFUBOLTI Alls níu þjálfarar af tólf tilnefndu Friðrik sem besta leikmann tímabilsins og undirstrikar það hversu mikla yfirburði hann hafði í kjörinu.

Þjálfararnir voru beðnir um að tilnefna þrjú bestu leikmenn tímabilsins að þeirra mati og voru gefin fimm stig fyrir þann besta, þrjú stig fyrir þann næstbesta og eitt stig fyrir þann þriðja besta. Taka skal fram að þjálfurum var ekki heimilt að velja leikmann úr eigin liði og því voru það í raun aðeins tveir þjálfarar sem töldu einhvern annan en Friðrik vera besta leikmanninn í ár, en Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, mátti ekki tilnefna Friðrik.

Friðrik hlaut alls 46 stig, rétt rúmum þriðjungi meira en Ingvaldur Magni Hafsteinnsson úr Snæfelli, sem varð í öðru sæti með 30 stig. Páll Axel Vilbergsson úr Grindavík varð síðan þriðji í kjörinu með 14 stig.

Alls fengu sjö leikmenn atkvæði í kjörinu en Magnús Gunnarsson, leikmaður Keflavíkur, er fjórði besti leikmaður deildarinnar að mati þjálfara og Þorleifur Ólafsson úr Grindavík sá fimmti. Félagarnir úr Njarðvík, Jóhann Ólafsson og Brenton Birmingham, lentu síðan í 6. og 7. sæti en Jóhann hlaut þrjú stig og Brenton eitt.

Besta tímabilið á ferlinum

„Það hefur gengið mjög vel og ég get varla sagt annað en að þetta komi mér á óvart. Þetta er mjög ánægjulegt og bætir kannski aðeins upp fyrir vonbrigðin gegn Keflavík í síðasta leiknum,“ sagði Friðrik þegar Fréttablaðið færði honum tíðindin.

Friðrik, sem verður brátt þrítugur, hefur átt frábært tímabil með Njarðvíkingum í ár og átt hvað stærstan þátt í velgengni liðsins á tímabilinu. Hann varð næststígahesti leikmaður liðsins á eftir Jeb Ivey í vetur með 17,1 stig að meðaltali í leik auk þess sem hann hefur hirti 11,3 fráköst að meðaltali í



leik. Hann hefur auk þess varið um tvo skot í leik og gefið 3,3 stoðsendingar að meðaltali. Skotnýting hans er með besta móti, eða 54,2% sem er fimmta besta nýting deildarinnar og þá má ekki gleyma því að Friðrik er maðurinn sem bindur saman vörn Njarðvíkurliðsins, sem samkvæmt tölfræðinni er sú besta í deildinni.

„Mér finnst þetta hafa verið besta tímabilið mitt á ferlinum. Ég finn það alveg,“ segir Friðrik, sem tekið hefur stórstíggum framförum í vetur þegar horft er til flestra af mikilvægustu þáttum tölfræðinnar. Hann hefur bætt stigaskorið frá því í fyrra um rúm þrjú stig í leik og einnig bætt sig verulega frá-

köstum og stoðsendingum. Friðrik þakkar árangurinn þrotlausum æfingum síðasta sumar.

„Ég var í þéttri dagskrá með landsliðinu í sumar og síðan tók við langt undirbúningstímabil hjá Njarðvík. að er að skila sér í góðu formi. Síðan er ég náttúrulega í frábæru liði með frábærum leikmönnum og þeir eiga stærstan þátt í þessari velgengni minni á tímabilinu,“ segir Friðrik, sem telur Njarðvíkurliðið eiga mikið inni fyrir úrslitakeppnina. „Við höfum alls ekki verið að spila okkar besta bolta eftir jól og getum bætt okkur mikið. Vonandi höfum við bara verið að spara okkur fyrir úrslitakeppnina.“

Friðrik er á sömu línu og þjálf-

FRÍÐRIK STEFÁNSSON Segir sjálfur að tímabilið í ár hafi verið hans besta á ferlinum. Friðrik hefur bætt sig í langflestum þáttum tölfræðinnar og verið einn af lykilmönnum á bakvið velgengni Njarðvíkurliðsins í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



MAGNI HAFSTEINSSON Hefur tekið að sér hlutverk leiðtogans í liði Snæfells eftir að Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson hurfu á braut í sumar og spilað frábærliga í vetur, jafnt í sókn sem vörn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BESTI LEIKMAÐUR TÍMABILSINS

	Stig
1. Friðrik Stefánsson, Njarðvík	46
2. Ingvaldur Magni Hafsteinnsson, Snæfell	30
3. Páll Axel Vilbergsson, Grindavík	14
4. Magnús Gunnarsson - Keflavík	9
5. Þorleifur Ólafsson, Grindavík	5
6. Jóhann Ólafsson, Njarðvík	3
7. Brenton Birmingham, Njarðvík	1

ararnir þegar hann er spurður um hvern hann telji hafa staðið upp úr í deildinni í vetur. „Magnús og Páll Axel hafa átt frábært tímabil ef horft er til sóknarleiksins en Magni hefur hefur verið ótrúlega drjúgur fyrir Snæfell í vetur, bæði í sókn og vörn. Hann fengi líklega mitt atkvæði.“

vignir@frettabladid.is

Besti erlendi leikmaður Intersport-deildarinnar:

Suðurnesjamennirnir fengu jafnmörg atkvæði

KÖRFUBOLTI Jeb Ivey úr Njarðvík, A.J. Moey úr Keflavík og Jeremiah Johnson úr Grindavík hlutu allir fjögur atkvæði frá þjálfurum landsins í kjöri á besta

erlenda leikmanni deildarinnar.

Þjálfararnir voru aðeins beðnir um að velja einn erlendan leikmann sem þeir töldu vera þann besta á tímabilinu og var ekki boðið upp á þann möguleika að velja þá tvo sem koma þar á eftir, líkt og gert var í valinu á besta íslenska leikmanninum. Fyrir vikið urðu niðurstöðurnar ekki eins nákvæmar en þó má

BESTI ERLENDI LEIKMAÐURINN

	Stig
1.-3. Jeb Ivey, Njarðvík	4
1.-3. A.J. Moey, Keflavík	4
1.-3. Jeremiah Johnson, Grindavík	4



segja að það sé vel við hæfi að erlendu leikmennirnir í þremur af allra bestu liðum deildarinnar í vetur deili með sér titlinum.

- vig

ÞRÍR BESTU A.J. Moey, Jeb Ivey og Jeremiah Johnson eiga það sameiginlegt að spila með liðunum á Suðurnesjunum. Allir hafa þeir verið frábærir í vetur.

Magni Hafsteinnsson, fyrirlíði Snæfells:

Allt er þá þrennt er

KÖRFUBOLTI Snæfell heimsækir KR í kvöld í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla í körfuknattleik. Snæfell hefur komist í undanúrslit síðustu tvö ár en í bæði skiptin hafa Keflvíkingar orðið þeirra banabiti. „Máltækið segir allt er þá þrennt er,“ sagði Magni Hafsteinnsson, fyrirlíði Snæfells, glaðbeittur en þjálfararnir í deildinni kusu hann annan besta leikmanninn í deildinni í vetur.

„Við getum alveg farið alla leið. fyrsta skrefið er að klára KR-inga, sem verður ekki auðvelt því við töpuðum báðum leikjunum gegn þeim í vetur. KR er með gott lið, sérstaklega varnarlega eins og við. Liðin eru áþekkt og enginn einn leikmaður sem ber af í liðunum heldur skipta liðsheildirnar meira máli,“ sagði Magni.



MAGNI HAFSTEINSSON Hefur átt frábært tímabil í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Liðin hafa mest fjórum sinnum í vetur og alltaf hefur liðið verið skorað en leikirnir þó æspennandi. Í Powerade-bikarkeppninni unnu liðin sitt hvorn leikinn en Íceland Express-deildinni vann KR svo báða leikina. Af þessum tölum að dæma má því eiga von á spennandi leikjum.

- hph

Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis:

Við ætlum okkur að koma á óvart í úrslitakeppninni

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarararnir í Keflavík taka á móti Fjölni í átta liða úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í kvöld. Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis, er hvergi banginn fyrir leikina en Keflavík hefur unnið alla þrjú leiki liðanna á tímabilinu.

„Við getum unnið Keflavík. Það er ekkert lið í deildinni ósigrandi. Vissulega verður við rammán reip að draga hjá okkur enda er Keflavík með besta liðið í dag samkvæmt tölflunni. En við ætlum að koma á óvart í úrslitakeppninni og byrja strax,“ sagði Benedikt, sem býst við spennandi úrslitarimmu.

Keflavík hefur orðið Íslands-

meistari undanfarin þrjú ár og hafa á reynslumiklu liði á að skipa. „Þeir eru með toppleikmenn í öllum stöðum og mikla breidd og hafa sigurhefðina með sér. Þeir kunna þetta allt saman á meðan við erum enn að læra og því erum við ekkert að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. En við erum hvergi bangnir,“ sagði Benedikt.

Keflvíkingar hafa á frábæru liði á að skipa en Benedikt telur einn mann bera af í liðinu. „A.J. Moey er frábær leikmaður sem jaðrar við að vera snillingur. Hann er ekki þessi leikmaður sem er bara með tölur sjálfur heldur gerir hann liðið betra. Hann er gullmoli fyrir Keflavík.“

- hph



FYRIRTÆKI ÁRSINS TIL HAMINGJU BÓNUS

Neytendaverðlaunin eru veitt af Neytendasamtökunum og Bylgjunni í tilefni af Alþjóðadegi neytendaréttar. Bónus var valið fyrirtæki ársins 2006, en Atlantsólía og Iceland Express fengu hvatningarverðlaun.

BYLGJAN
20^{ÁRA}
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Alls tóku um 7000 neytendur þátt í kosningunni og völdu þau fyrirtæki sem þótt hafa staðið sig í að sinna þörfum neytenda.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Do you know what I am doing, Miss Kenton? I am placing my mind elsewhere while you chatter away.“

frá 1993
Stevens úr The Remains of the Day

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR

Tárum blandið kraftaverk á skjánum

„Má sýna svona í sjónvarpinu?“ spurði litill frændi minn forviða þegar hann horfði á alvöru fæðingu í „Fyrstu skrefum“ Guðrúnar Gunnarsdóttur á Skjá einum ásamt móður sinni í síðastliðinni viku. Skilningsrík útskýrði hún fyrir honum að náttúruleg fæðing barns væri eðlilegasti hlutur lífsins og með þeim allra fegurstu, þótt fæðingunni fylgdi bæði sársauki og pína fyrir hina verðandi móður. Sömu spurningar spurði ég sjálfa mig, þó á öðrum forsendum; hvort ekki ætti að setja viðvörðun í loftið fyrir ófrískar konur, og konur almennt, enda kunn staðreynd að fæðingu barns í framtíðinni kvíða margar konur frá unga aldri.


Ég tek fram að þátturinn var góður, vel unninn, fræðandi og áhugaverður, en umgjörð og aðstæður fæðingarinnar voru vægast sagt fráhrindandi. Ótal snum hef ég séð ýktar og uppgerðar fæðingarsenu í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, en aldrei verið viðstödd slíkt kraftaverk sjálf. Ég upplifði mig því mun óvarðari fyrir þessari tegund náttúrulegs kvalræðis en þegar ég til dæmis lendi á miskunnarlausu ofbeldi



á skjánum, enda sennilega komin með uppbyggt þol eins og fleiri fyrir blóðugu óeðli sjónvarpsmynda og fréttaflutnings af heimsástandinu.


En þrátt fyrir að fæðingin hafi reynst hinni ungu móður kvalafull á stundum var þessi töfrastund sem og hið nýfædda barn svo fagurt að óheft táfélög byrjaði að trítla niður kinnar mínar. Það var aðeins undanfari hins mikla kraftaverks sem olli mér skelfingu og þá sérstaklega kuldalegur aðbúnaðurinn, en birtan í hrárrí fæðingarstofunni minnti á ljósaborðin í gamla frystihúsinu að Kirkjusandi þar sem ég leitaði hringorma í þorsklökum, auk þess sem þjáning móðurinnar var sláandi alvöru, en ekki leikin, og góðan part fæðingarinnar hafi grænslappa læknir setið í makindum upp við vegg og gónt eins og áhugalaus áhorfandi upp í klof hinnar streðandi móður, en uppstilling hans í myndinni fór verulega fyrir brjóstið á mér.

Hvað frænda litla varðar held ég að áhorfið hafi verið hollt enda skilningsaukandi á tilurð lífsins og ólíku hlutskipti kynjanna.



▶ 21.15
Spenna

WITHOUT A TRACE




▶ 21.20
Drama

NIP/TUCK




▶ 21.00
Spenna

SMALLVILLE



▶ 22.00
Keppni

THE BACHELOR VI



▶ 19.45
Körfubolti

ICELAND EXPRESSDEILDIN

SIJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Martha 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Alf 11.35 Whose Line is it Anyway

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 13.30 Two and a Half Men 13.55 The Sketch Show 14.25 The Block 2 15.10 Wife Swap 16.00 Með afa 16.55 Barney 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 15

16.15 Handboltakvöld 16.30 Formúlukvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar

18.30 Latibær 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

20.10 Gettu betur Spurningakeppni framhaldsskólanna. Í þessum þætti keppa Menntaskólinn við Hamrahlöð og Menntaskólinn við Sund.

▶ 21.15 Sporlaust (5:23) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.

22.00 Tiúfréttir 22.25 Aðþrengdar eiginkonur (30:47) (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrenniskonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

23.10 Lífsháski (32:49) 23.55 Kastljós 0.35 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed 8.00 The Commitments (e) 10.00 Flight Of Fancy 12.00 Big Fish 14.05 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed 16.00 The Commitments (e) 18.00 Flight Of Fancy 20.00 Big Fish (Stórfiskur) 22.05 Broken Arrow (Brotin ör) Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Final Destination 2 (Str. b. börnum) 2.00 Ticker (Str. b. börnum) 4.00 Broken Arrow (e) (Str. b. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story 13.00 E! News 13.30 Celebrity Soup 14.00 The E! True Hollywood Story 16.00 50 Cutest Child Stars 18.00 Rich Kids: Cattle Drive 19.00 E! News 19.30 Girls of the Playboy Mansion 20.00 Uncut 21.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Celebrity Soup 23.30 Gastineau Girls 0.00 E! News 0.30 Fashion Police 1.00 Superstar Weddings Gone Bad 1.30 Party @ the Palms 2.00 Uncut

AKSJÓN

Fréttabútturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

7.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 8.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 14.00 Blackburn – Aston Villa frá 11.03 16.00 Sunderland – Wigan frá 11.03 18.00 Bolton – West Ham frá 11.03 20.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ 21.00 Man. Útd. – Newcastle frá 12.03 23.00 Everton – Fulham frá 11.03 1.00 Dagskrárlök



NBA TV

BEIN ÚTSENDING Á HVERJUM DEGI

16.mars kl. 1:00 Miami-Boston
17.mars kl. 0:30 Cleveland-Portland
18.mars kl. 1:00 New Orleans-Denver
19.mars kl. 0:30 New York-Miami
20.mars kl. 1:30 Houston-L.A. Clippers

NBA TV er í Sportpakkanum
11 sportstöðvar frá aðeins 1.790 kr. á mánuði.

Vinnur þú draumaferð fyrir tvo til New York
Fáðu þér áskrift fyrir 20. mars og þú gætir unnið draumaferð fyrir tvo til New York og farið á tvo NBA leiki.

digital ísland



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Meistarinn Stöð 2 kl. 20.05

Deildarstjóri og alþingismaður mætast

Stefán Már Halldórsson, deildarstjóri hjá Landsvirkjun, mætir nú til leiks í annað sinn en hann lagði Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, næsta örugglega í fyrstu umferð. Að þessu sinni, í sextán manna úrslitum, mætir hann heldur ekki neinum aukvísu því andstæðingur hans er enginn annar en Mördur Arnason, alþingismaður, íslenskfræðingur og annálaður spurningahaukur. Skemmt er að minnst þess er Mördur fór með glæsilegan sigur úr bitum í erfiðri spurningakeppni Ólafs B. Guðnasonar á Talstöðinni „Er það svo“. Þar sýndi Mördur svo um munaði gríðarlega yfirgripsmikla þekkingu og það sem meira er, stáltaugar. Þær munu vafalítið nýtast honum í viðureigninni við Stefán, sem þegar hefur sýnt og sannað að hann er erfiður andstæðingur.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautir er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

4	8	7	1	5	3	9	6	2
2	3	6	8	9	4	7	5	1
5	1	9	7	6	2	4	8	3
7	4	3	6	8	5	2	1	9
6	9	5	4	2	1	3	7	8
8	2	1	9	3	7	6	4	5
1	7	2	3	4	8	5	9	6
9	5	4	2	1	6	8	3	7
3	6	8	5	7	9	1	2	4

	3			6	9			
1				8				
6	9	4		2				
9			4					
		3	2		5	4		
					7			3
				4		7	1	2
				7				6
		8	3				4	

▶ 13.00 Spjall

ÍÞRÓTTIR

7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafreittir/Leiðarar dagblaða/Hádegisdagfréttir - fréttaviðtal.

▶ 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður

19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir

20.10 Fréttaljós Vikulegur fréttaskýringapáttur með fjölda gesta í myndveru í umsjónfréttastofu NFS.

21.00 Fréttir

21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttapáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing er í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.30 Fréttayfirlit 9.03 Lauskaflinn 9.45 Leikfimi 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregni og augl. 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Fallegast á fóninn 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Fréttir 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarf. og augl. 19.00 Vítinn 19.27 Sinfóníuónleikar 22.15 Lesur Passíusálma 22.22 Útvarpsleikhúsið: Ifigenía í Orem

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.10 Gettu betur 21.10 Konsert 22.10 Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN

FM 99,4 ÚTVARP SAGA

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying

FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Framtíðarsýn fyrir atvinnulífið

Nýsköpun í hnattvæddum heimi



Íðning 2006 föstudaginn 17. mars á Hótel Loftleiðum

Dagskráin, sem hefst stundvíslega kl. 13:00 í sal-1 á Hótel Loftleiðum, er öllum opin og aðgangur ókeypis, en tekið er við skráningum á www.si.is. Ráðstefnulok eru áætluð um kl. 16:00.

Nánari upplýsingar og skráning á www.si.is



Vilmundur Jónsson formaður Samtaka iðnaðarins



Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra



Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra



Hans Skov Christensen framkvæmdastjóri Dansk Industri

Pallborðsumræður um framtíðarsýn, atvinnustefnu, hnattvæðingu, gjaldmiðla og Evrópumál



Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík
Sími 591 0100 - Fax 591 0101
mottaka@si.is - www.si.is



HRÓSIÐ

...fá íslenskir húðlæknar fyrir að fara í herferð gegn ljósabekkjum.

HELGIN OKKAR...

Morgunmaturinn: Keyptu bankabygg frá Móður jörð og útbúðu grautinn sem mælt er með aftan á pokanum. Hann er stútfullur af næringarefnum, kanil, eplum og góðri orku inn í daginn.

Afþreyingin: Sestu niður og skipuleggðu sumarfríð þitt. Farðu á bókasafnið og náðu þér í ferðabækur og gerðu upp hug þinn hvort það er Amerika eða Akureyri sem heillar þig meira þessi misserin. Svo er alltaf notalegt að heimsækja Ítalíu.



Hádegisverðurinn: Taktu fjölskylduna í göngutúr niður Laugavegin. Stoppaðu á veitingastaðnum Deli í Bankastræti og veldu þér pítsur eða pastasalöt ásamt drykkjaföngum. Borðaðu nestið við Tjörnina og ímyndaðu þér að þú sért staddur í erlendri stórborg.



Bíómyndin: Heimsóttu Hinsegin bíódaga sem byrja í Regnboganum í dag. Ef þú ert ekki búin/n að sjá Brokeback Mountain skaltu drífa þig að sjá hana en hún verður til sýninga í Regnboganum á meðan á hátíðinni stendur.

Geisladiskurinn: Keyptu þér safndisk með Elton John og syngdu hástöfum með öllum lögnum. Ef þetta framkallar ekki gott skap þá máttu hundur heita.

Skemmtunin: Mars er partímanúður. Þjóddu í kokkteil heim til þín og reyndu að vera svoltíð hress. Ekki væri verra að tengja Singstar-græjur við magnara. Áður en þú veist af er ótrúlegasta fólk farið að raula.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT:

2 magi 6 píla 8 planta 9 andmæli 11 gelt 12 gera kunnugt 14 hvæsa 16 guð 17 hækkar 18 tímabils 20 önefndur 21 köttur.

LÓDRÉTT:

1 tónlistartegund 3 mannþvaga 4 vöruhús 5 augnhár 7 sakamálasaga 10 utan 13 nálægur 15 kjáni 16 rönd 19 vörumerki.

LAUSN:

LÁRÉTT: 2 vömb, 6 ör, 8 sar, 9 nei, 11 gá, 12 kynna, 14 fnæsa, 16 ra, 17 rfs, 18 árs, 20 mn, 21 kisi. LÓDRÉTT: 1 fönk, 3 ós, 4 magasafn, 5 brá, 7 reyfarí, 10 inn, 13 nær, 15 asni, 16 rök, 19 ss.

[VEISTU SVARID]

- Talið er að álfín hafi orðið fyrir bíl.
- Um fimm milljarða króna.
- Gabriel Sargissian.

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPÍÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

Gómsætir fiskréttir í sparifötum



Gnóðarvogi 44, sími 588 8686

opið alla laugardaga 10-14



HUGLEIKUR DAGSSON Hefur í nógu að snúast þessa dagana því ný bók er væntanleg í lok mánaðarins og hann er að leggja lokahönd á söngleikinn Þungun auk þess að hafa gert auglýsingu fyrir slúðurtímaritið Séð & Heyrt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

HUGLEIKUR DAGSSON: SELDI SÁLU SÍNA TIL SÉÐ & HEYRT

Söngleikur um óléttu

Teiknimyndahöfundurinn og skáldið Hugleikur Dagsson hefur nóg fyrir stafni þessa dagana. Í lok mánaðarins kemur út bókin Fermið okkur en auk þess situr Hugleikur nú sveittur uppi í Svarfaldardal og skrifarsöngleikfyrirþjóðleikhúsið. Einnig lauk Hugleikur nýverið gerð auglýsingar fyrir slúðurtímaritið Séð & Heyrt sem þegar hefur birst á skjánum við nokkra hrifningu áhorfenda en þar syngja þjóðþekktir einstaklingar um drauminn að birtast í blaðinu og svífur kímni Hugleiks yfir vötnum.

Höfundurinn var reyndar að ná sér eftir flensuskot þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann taldi sig óðum vera að braggast. „Fermið okkur fjallar um að full-orðnast,“ svarar Hugleikur þegar hann er spurður út í nýjasta afkvæmið sitt. „Hún er í sama stíl og hinar „Okkur“ bækurnar nema

Fermið okkur er línuleg saga í stað margra stuttra,“ bætir hann við.

Hugleikur segir það vera allt öðruvísi að skrifa eina samfellda sögu en margar litlar og að einhverju leyti auðveldara. „Ég spái aðeins meira í bygginguna þegar sagan er svona samfelld en um leið og hún er tilbúin flýtur þetta áfram,“ útskýrir Hugleikur. Hann gerði nemendur Menntaskólans á Akureyri að tilraunadýrum á föstudaginn og las fyrir þá söguna með skjávarpasýningu. „Þeim fannst hún nokkuð góð,“ segir Hugleikur en bókin er stútfull af einstökum húmor skáldsins.

Járnin eru mörg hjá Hugleiki og hann er í óða önn að leggja lokahönd á söngleikinn Þungun sem Davíð Þór Jónsson semur tónlistina við en samstarf þeirra bar góðan ávöxt í sýningu Nemenda-leikhússins á myndasögum hans.

„Söngleikurinn fjallar um stúlku sem verður ólétt og þarf að ákveða sig hvort hún vilji fara í föstur-eyðingu eða ekki,“ segir Hugleikur en upphaflega bar söngleikurinn nafnið Abortion. „Ég reifst við Ilmi leikmyndahönnuð um nafnið, fór loks á google og uppgötvaði að það er annað leikrit sem ber sama nafn en það gengur náttúrulega ekki,“ útskýrir Hugleikur en ekki er enn ljóst hvenær verkið fer á fjalirnar.

Margir hafa eflaust rekið upp stór augu þegar ný Séð & Heyrt auglýsing leit dagsins ljós og þóttust einhverjir kannast við handverk Hugleiks þar. Sjálfur segist hann þurfa að vinna fyrir sér og viðurkennir að hafa selt sálu sína. „Hver hefur annars ekki gert það?“ spyr Hugleikur. „Annars finnst mér Séð & Heyrt með flottar fyrirsagnir þótt ég hafi aldrei lesið það.“ freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Siv Friðleifsdóttir heldur úti skemmtilegri dagbók á vefnum þar sem forvitnast má um ferðir nýskipaðs heilbrigðisráðherra. Margt drífur á daga Sívar en á þriðjudaginn mátti meðal annars sjá að rúm klukkustund fór í upptökur á þættinum Strákarnir sem sýndir eru á Stöð 2 við miklar vinsældir. „Strákarnir í „Strákunum“ eru með skondinn þátt þar sem maður svarar stórskrýtnum spurningum, fer flatt út úr öllu saman og endar upp í flatsæng,“ skrifar Siv í dagbók sína en áhorfendur mega eiga von á að sjá afkrasturinn um miðja næstu viku.



Einhverjir settu stórt spurningamerki við fréttir þess efnis að **Silvía Nött** væri að gera allt brjáláð í Japan og töldu að hér væri bara um enn eina markaðsbrelluna að ræða hjá sjónvarpsstjórnunni. Á vef Mannlífs er því hins vegar haldið fram að stærra verkefni en Eurovision bíði þessarar sjónvarpsfígúru og að það eigi sér engin fordæmi. Vitað er að myndavélar hafa fylgt Silvíu við hvert fótmál en það er óstaðfest hvort Silvía: The Movie verði að raunveruleika þegar tekur að hæggast um hjá drottningunni. Ljóst þykir þó að hamra eigi járníð á meðan það er heitt og því nokkuð gefið að einhverjar fréttir eigi eftir að berast úr herbúðum „nýstirnisis“. **Gaukur Úlfarsson**, einn skapari dývunnar, var hins vegar þögull sem gröfin þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum við fundarhöld og sagðist ekkert hafa í hendi, enn sem komið væri. Margir velta eflaust vöngum yfir því hvernig leikkonunni **Ágústu Evu** tekst að koma öllu í verk enda eru framundan tölur á **Mýrinni** þar sem hún fer með hlutverk Evu Lindar, ógæfu-dóttur Erlends rannsóknarlögreglumanns. Gaukur upplýsti að hver einasta mínúta í lífi hennar væri skipulögð frá toppi til táar og gæfist henni því lítill tími til einkalífs. -fgg



Ólafía verður Elínborg í Mýrinni

Í Fréttablaðinu á þriðjudaginn var umfjöllun um persónur og leikendur í Mýrinni sem senn verður kvikmynduð. Þar var Elva Ósk sögð leika aðstoðarkonu Erlends, Elínborgu, en mannabreytingar hafa átt sér stað í leikhópnum því Ólafía Hrönn Jónsdóttir hefur verið ráðin í hennar stað. Að sögn Baltasars Kormáks, leikstjóra myndarinnar, var þetta gert vegna þess að Elva Ósk var við tölur á annarri kvikmynd fyrir norðan og engin leið til að samræma þessi tvö verkefni. „Þetta kemur hins vegar ekki að sök því Ólafía er engu síðri leikona en Elva,“ bætir Baltasar við og áréttar að þetta hafi allt verið gert í mesta bróðerni. Tölur hefjast á mánudaginn en



ÓLAFÍA HRÖNN Hefur tekið við hlutverki Elínborgar af Elvu Ósk sem gat ekki tekið þátt vegna anna á öðrum vígstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ / TETTUR

þá mun tókuliðið leggja Norður-mýrina undir sig enda glæpur bókarinnar framinn þar. Baltasar og samstarfsmenn hans voru hins

vegar að undirbúa tölur í Grindavík þegar Fréttablaðið náði tali af honum en mikil spennan ríkir innan herbúða Mýrarinnar.

Aðdáendur bóka Arnaldar Indriðasonar bíða margir hverjir spenntir eftir því að sjá hvernig til tekst enda ófáir búnir að gera sér einhverja mynd af vinsælasta rannsóknarlögreglumanni þjóðarinnar. Þeir sem vilja taka þátt í kvikmyndinni geta haft samband við lisu@blueeyes.is og sent mynd og geta jafnvel átt von á því að enda sem lögreglumenn í myndinni. „Annars starfar lögreglan í Reykjavík og rannsóknardeild hennar náði með okkur til að öll smáatriði séu rétt,“ segir Baltasar. -fgg

NÝJAR BARNAVÖRUR

FRÁBÆR TILBOÐSVERÐ



*bolir kr. 990,-
skyrtur kr. 1.490,-
buxur kr. 1.990,-
zip-off buxur kr. 2.490,-
flíspeysur kr. 1.490,-
bakpokar kr. 990,-
regnbuxur kr. 990,-
regnjakkar fóðraðir kr. 3.990,-
regnbuxur ísotex kr. 1.490,-
regnjakkar fóðraðir ísotex kr. 2.990,-
sandalar kr. 2.490,-
gönguskór kr. 2.490,-
gönguskór háir kr. 4.490,-
ofl. ofl.*

REGATTA 
GREAT OUTDOORS™

Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16



ÚTIVIST & SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216



FAKE



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Fótboltatrú

Ég var að tala við mann um daginn sem sagðist vera mjög trúður en hann færir aldrei í messu því hann væri á móti skipulögðum trúarbrögðum og sérstaklega Kaþólsku kirkjunni. „Það er ekki sama trú og trúarbrögð“, bætti hann við. Ég lenti oft í svona umræðum við fólk eftir að ég tók trúarlega afstöðu.

MÉR finnst rangt að segja svona. Mér finnst það svo hrokafullt. Það er eins og einhver segði: „Ég er mikill áhugamaður um knattspyrnu en ég horfi aldrei á leiki og held ekki með neinu liði. Það eru bara hálfvitar sem halda með liðum. Svo er líka svo mikil spilling í knattspyrnuheiminum.“ Eða: „Ég gæti aldrei horft á fótbolta eins og knattspyrnumenn hegðuðu sér illa á miðöldum.“ Ef fólk hefur áhuga á fótbolta þá hefur það ástríðu fyrir því. Ég hef ástríðu fyrir trú.

AÐ taka trú er líka eins og að gifta sig. Það er að fylgja sannfæringu sinni. Og það er ekkert fullkomið. Engin trúarbrögð eru fullkomin. Þjóðkirkjan er ekki fullkomin. Liverpool er ekki fullkomið. Og fólk er ekki fullkomið. En með því að taka afstöðu með því styrkjum við það í að verða betra. Það er kærleikur í verki. Ég er ófullkominn en það besta sem hefur komið fyrir mig var þegar konan mín ákvað að giftast mér. Síðan hef ég bara batnað.

AÐ taka ekki afstöðu er ábyrgðarleysi og nokkur eigingirni líka. Þá þarft þú ekki að verja neitt en getur gagnrýnt allt. Það er eins og piparsveinninn sem giftir sig ekki því engin stúlka er nógu góð fyrir hann. Sannleikurinn er hins vegar líklega sá að hann vill bara fá að sofa hjá þeim öllum. Að dæma trúarbrögð eftir atburðum miðalda eða hegðun eistaklinga er eins og að dæma alla knattspyrnuáhugamenn út frá fótboltabullum eða karatemenn út frá ofbeldi í miðbænum. Þetta er bara rangt.

TRÚ er ekki rómantísk tilfinningasemi. Trú er afstaða. Að velja sér trú er að taka afstöðu. Að velja sér söfnuð er að taka enn meiri afstöðu með því sem maður trúir á. Að mæta í messu er að sýna afstöðuna sem samstöðu með öðrum sem trúa því sama. Allir knattspyrnuáhugamenn halda með einhverju liði. Knattspyrnuáhugamaður sem heldur ekki með liði er einfaldlega ekki knattspyrnuáhugamaður.

0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalaus notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1**.

Auðvelt að skipta.

Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína.

Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

Og1



Og Vodafone hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og færð neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og

vodafone

Heyrumst!

FRÁBÆRAR FERMINGARGJAFIR



Pioneer Heimabíóstæða DCS232
360 W Magnari (5x60 W) RMS
Tilboðsverð: 29.900



JAMO iPod Hátalarar & tengikvi
Tilboðsverð: 33.900



FYRIR
IPOD

RADIO NAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000



Olympus FE 115 5 milljón pix.
Stafræn myndavél
Taska, hleðslutæki
og hleðslurafhlaða fylgir

Tilboðsverð: 12.900

ORMSSON

SMÁRALIND SÍÐUMÚLA 9